

**PRINSESSAN OG SPEKÚLANTINN**

Söngkonan Birgitta Haukdal og kvikmyndafrömuðurinn Ásgrímur Sverrisson setjast á rökstóla.

30

**Segist vera lýðræðissinni**

Vladimir Pútín skilur ekkert í ranghugmyndum Vesturlanda um rússneska stjórnarhætti. Hann segir engan sér líkan eftir að Gandhi lést.



34


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. júní 2007 — 154. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


**LAUGARDAGUR**

**Breskar hefðir rokkaðar upp**



Hönnuðurinn Luella Bartley blandar saman pönki og aðalsstíl.

TÍSKA 48

**Engin samkeppni hjá hjónunum**

Hjónin Rúnar Freyr Gíslason og Selma Björnsdóttir munu koma hvort að sinni barnasýningunni í vetur.



FÓLK 50

**Opnar sjávardýragarð**

Lísbet Harðardóttir bjó til 1.800 lítra fiskabúr á Ísafirði til að hýsa margs konar sjávardýr.

FÓLK 58

**Stefnt á sigur**

Alfreð Gíslason, þjálfari handboltalandsliðsins, segir sína menn stefna á sigur gegn Serbum ytra í dag.



ÍÞRÓTTIR 54

**VEÐRIÐ Í DAG**




**SUMARBLÍÐA** Búast má við sumarblíðu á öllu landinu í dag – einstaka síðdegisskúrum inni til landsins og hita á bilinu 13-20 stig, hlýjast norðan- og austanlands. Vindur almennt hægur, en úti fyrir Suðurlandi má búast við golu.

VEÐUR 4

# Borga sig ekki upp á 25 árum

**Miðað við tíu prósenta arðsemiskröfu borgar raforkusala Orkuveitunnar til Norðuráls ekki upp virkjanirnar vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík á samningstímanum. Arðsemiskrafan er há í alþjóðlegum samanburði.**

**ORKUMÁL** Tap Orkuveitu Reykjavíkur á þeim 25 árum sem fyrirtækið hefur samið um að afhenda Norðuráli 100 megavött af raforku vegna fyrirhugaðs álvers í Helguvík nemur um 840 milljónum að núvirði, samkvæmt forsendum sem Orkuveitan hefur upplýst um. Í því felst að virkjanirnar yrðu niðurgreiddar fyrir utan þær 840 milljónir sem eftir standa. Líklegt er að raforkusalan borgi virkjanaframkvæmdirnar, sem kosta á milli fjórtán og fimmtán milljarða, upp á um þrjátíu árum samkvæmt fyrrnefndum forsendum.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á fimmtudag er verð á raforku til Norðuráls um 2,1 króna á kílóvattstund. Það staðfesti Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitunnar. Það er verð sem tekið var mið af við samningsgerðina en raforkuverðið tengist heimsmarkaðsverði á áli og gengi Bandaríkjadals og er því háð markaðsaðstæðum hverju sinni.

**UPPGEFNAR FORSENDUR ORKUVEITUNNAR**

| | |
|---|---|
| Heildartekjur á samningstíma | 41,5 milljarðar |
| Samningstími | 25 ár |
| Stofnkostnaður | 14 milljarðar |
| Árstekjur | 1,66 milljarðar |
| Arðsemiskrafa | 10 prósent |
| Rekstrarkostnaður af fjárfestingu | 1,5 prósent |
| Orkuverð um 2,1 króna á kílóvattstund | |

Óvissuþættir eru nokkrir en samkvæmt upplýsingum frá Önnu Skúladóttur, fjármálastjóra Orkuveitunnar, er gert ráð fyrir því að arðsemiskrafan vegna verkefnisins sé að lágmarki tíu prósent. Gert er ráð fyrir því að rekstrarkostnaður af fjárfestingu verði um 1,5 prósent en heildartekjur um 41,5 milljarðar.

Arðsemiskrafan er í hærra lagi sé mið tekið af algengri arðsemiskröfu í áliðnaði, samkvæmt upplýsingum frá CRU Group í London, sem sérhæfir sig í rannsóknum og ráðgjöf á áliðnaðinum í heiminum. Meðalarðsemiskrafan á alþjóðlegum markaði er tæplega átta prósent.

Fastlega má búast við því að virkjanirnar verði notaðar áfram að 25 árum liðnum og samningar um frekari orkusölu endurnýjaðir. Ekki er tekið tillit til hliðaráhrifa út frá þessum forsendum en forsvarsmenn Orkuveitunnar hafa haldið því fram að með virkjunum sé hægt að tryggja ódýrt heitt vatn fyrir almenning og með virkjunum sparist þannig umtalsverðir fjármunir. - mh



**ÞRIFNAÐUR Á ÞRIÐJU HÆÐ** Sólin skein á Skólavörðustíg í gær og blessaði gróður og geð guma. Kjörið tækifæri gafst til gluggaþvottar meðan borgarbúar spókuðu sig í ró og spekt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Listaverk bresks jöklaunnanda:

## Símsamband við Vatnajökul

**ENGLAND** Breski listamaðurinn Katie Paterson hefur gert listunnendum kleift að hlusta á Vatnajökul bráðna með einu símtali. Paterson varð hugfangin af íslensku jöklunum á ferð sinni um landið. Hún kom fyrir hljóðnema í Jökulsárlóni og í síma má heyra skruðninga, brak og bresti þegar jökullinn molnar og skellur á yfirborði lónsins.

Símanúmerið hjá Vatnajökli er 00-44-7758-225698. - sgj

Stjórn Actavis skilar áliti sínu:

## Tilboðið of lágt

**VIÐSKIPTI Stjórn Actavis telur yfirtökutilboð Björgólfs Thors Björgólfssonar í félagið of lágt. Það endurspegli hvorki virði né framtíðarmöguleika þess.**

**Tilboðið hljóðar upp á 0,98 evrur á hlut. Það nemur um 84 íslenskum krónum.**

**Talsmaður Novators segir forsendur stjórnarinnar skorta. Staðan verði skoðuð þegar þær liggi fyrir.** - hhs / sjá síðu 16

Sjúkraflutningamenn á Akureyri hafa tekið sérútbúin reiðhjól í þjónustu sína:

## Neyðarhjálp á reiðhjólum

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við ætlum að nota þessi hjól þar sem mikill mannskapur safnast saman, til dæmis á stórum útisamkomum. Við ætlum að geta sparað okkur nokkrar mínútur með því að nota reiðhjólin því oft tekur það sjúkrabíl nokkurn tíma að komast í gegnum mannþröng,“ segir Jón Knudsen, sjúkraflutningamaður og varðstjóri hjá Slökkviliði Akureyrar. Slökkviliðið hefur látið útbúa tvö reiðhjól sem sjúkraflutningamenn munu þeysa á um bæinn í sumar. Fyrsta reiðhjólavaktin verður 17. júní.



**REIÐHJÓL TIL BJARGAR** Sjúkraflutningamennirnir Jón Sverrir Friðriksson og Valur Haraldsson til í slaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Á reiðhjólunum er allur nauðsynlegur skyndihjálparbúnaður og allt sem þarf til að hefja endurlífgun, meðal annars hjartarafstuðtæki og súrefnisgríma. Ekki er ætlunin að flytja sjúklinga á sjúkrahús á reiðhjóli en þessi nýjung gerir sjúkraflutningamönnum kleift að hefja endurlífgun og fyrstu hjálp meðan beðið er eftir sjúkrabílnum.

„Þetta verður viðbót við vaktina og á þessum hjólum verða eingöngu menntaðir sjúkra- og neyðarflutningamenn,“ segir Jón, sem hlakkar til að sjá hvernig búnaðurinn reynist. - þo










**SPURNING DAGSINS**



*Sigurður, er þetta vaxtarverkfræði?*

„Við þjáumst ekki af verkkvíða.“

Þriðjungi fleiri sóttu um í grunnám verkfræðideildar HÍ í vor en í fyrra. Sigurður Brynjólfsson er deildarforseti verkfræðideildar.

Sjúklingur í einangrun og umhverfiskönnun á dvalarheimilinu Hlíð:

# Kona greindist með berkla

**HEILBRIGÐISMÁL** Kona um áttrætt sem dvelur á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri nýtur læknismeðferðar vegna berkla.

Að sögn Haraldar Briem sóttvarnarlæknis greindist konan með berkla fyrir tveimur til þremur vikum síðan og var gripið til viðeigandi ráðstafana. „Sjúklingurinn fær meðferð og er fluttur í einangrun á meðan lyfin eru að virka en smithættan hverfur mjög fljótlega eftir að meðferð hefst,“ segir Haraldur.

Þá fer einnig fram umhverfiskönnun og hafa þeir sem voru í námunda við konuna gengist undir læknisskoðun. Enn sem komið er hefur enginn annar greinst með berkla, en Haraldur bendir á að það taki tíma að ganga úr skugga um það. „Það tekur bakteríuna átta til tíu vikur að koma fram og við sjáum þetta ekki alveg strax.“

Að sögn Haraldar eru hér að öllum líkindum á ferð leifar af berklafaraldrinum sem náði hámarki á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar. „Sumir smituðust á sínum tíma en veiktust ekki. Með aldrinum veikist ónæmiskerfið og berklarnir geta blossað upp. Þetta er ekki óalgengt á Íslandi. Í allt greinast um tíu til fimmtán berklatilfelli hér á landi. Hluti af þeim er meðal fólks sem er að flytjast til landsins en kringum fjögur til fimm tilfelli á borð við þetta greinast á hverju ári.“ **- bs**



**HLÍÐ** Þeir sem voru í námunda við konuna sem veiktist hafa gengist undir umhverfisskoðun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

Forsætisráðherra Ísraels:

## Segist tilbúinn að skila Gólan

**ÍSRAEL, AP** Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, hefur sagt sýrlenskum yfirvöldum að hann sé tilbúinn að skila Gólanhæðum. Þetta kom fram í umfjöllun ísraelska blaðsins Yediot í gær.

Forseti Sýrlands, Bashar Assad, hefur ekki svarað tillögu Olmerts. Ísrael hertók hæðirnar í Sex daga stríðinu 1967, en segist munu skila þeim ef sýrlensk stjórnvöld minnka tengsl sín við ríkisstjórn Írans og hætta stuðningi við líbanska og palestínska hryðjuverkahópa.

Gólan-hæðir voru innlimaðar í Ísraelsríki árið 1981. **- sgj**

Ekkert gengur hjá Ahern:

## Græningjar ekki í stjórn

**ÍRLAND, AP** Í gær slitnaði upp úr sex daga stjórnarmyndunarviðræðum á Írlandi, þar sem stjórnarflokkur Bertie Ahern forsætisráðherra hafði reynt að mynda stjórn með Græningjum.



**BERTIE AHERN**

Ahern á því fáa úrkosti við stjórnarmyndun, en hægristjórn hans missti meirihluta í þingkosningum í síðasta mánuði eftir að hafa verið við völd í tíu ár.

Fulltrúar Græningja sögðu áherslur flokkanna of ólíkar til að samningar tækjust.

Á fimmtudag í næstu viku kemur þingið saman og kýs nýjan forsætisráðherra. **- gb**

Annríki hjá lögreglunni:

## Unglingar teknir við búðahnupl og veggjakrot

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ítrekað þurft að hafa afskipti af unglingum síðustu daga. Tveir piltar á fermingaraldri voru staðnir að hnupli í matvöruverslun í Kópavogi í fyrradag og skömmu síðar var jafnaldri þeirra tekinn þar sem hann reyndi að stela peningum úr búningsklefa.**

**Þá voru tvær tólf ára stúlkur teknar í Smáralind þar sem þær höfðu stolið ýmsum vörum úr fjórum búðum.**

**Síðar um kvöldið voru tveir fjórtán ára piltar gripnir við veggjakrot í Smáralindinni og kvöldið áður voru þrír piltar teknir við sömu iðju í Breiðholtinu.** **- þo**

# Öryggiskröfur forseta bitna á nágrönnunum

**Skipulagsráð Reykjavíkur neitar að heimila viðbyggingar á tveimur húsum á Laufásvegi eingöngu vegna þess að ríkislögreglustjóri telur breytingarnar ógn við öryggi við gestahús forsetaembættisins á Laufásvegi 72.**

**SKIPULAGSMÁL** Eigendum tveggja íbúðarhúsa er meinað að leggja í framkvæmdir á lóðum sínum vegna nálægðar við gestahús forsetaembættisins á Laufásvegi 72.

Engar skipulagslegar athugasemdir eru gerðar við breytingar á húsunum tveimur en skipulagsráð Reykjavíkur vísar til ríkislögreglustjóra, sem leggst gegn framkvæmdunum af öryggisástæðum.

Annað húsið stendur gegnt gestahúsi forsetans og er á Laufásvegi 73. Þorsteinn M. Jónsson, eigandi þess húss, hefur í meira en tvö ár óskað eftir heimild borgaryfirvalda til að þess að rífa gamlan bílskúr og byggja í staðinn tvöfalt bílskýli, stækka kjallarann og hafa verönd þar ofan á, auk þess að byggja jarðhýsi, útbúa nýjar svalir og bæta við kvistum. Í garðinum vill hann reisa skjólveggi og koma fyrir heitum potti.

Hitt húsið stendur við hliðina á forsetahúsinu og er á Laufásvegi 74. Eigandi þess, Einar Eiríksson, vill byggja sólstofu.

Ríkislögreglustjóri segir lögreglu hafa komið að öryggisgæslu á Laufásvegi 72 um áratuga skeið. „Fjölmargir erlendir þjóðarleiðtogar hafa gist þar og oft hefur verið um að ræða mjög umsvifamikla öryggisgæslu samfara því,“ segir í umsögn ríkislögreglustjóra. „Aðstæður eru með þeim hætti að auðvelt er að takmarka aðgengi og setja upp viðeigandi öryggisgæslu til þess að óviðkomandi komist ekki óséður að húsinu né geti athafnað sig frá nærliggjandi húsum.“

Einar Eiríksson á Laufásvegi 74 gefur lítið fyrir þessi rök. „Ég hef ekki orðið var við svokallaða tigna gesti á Laufásvegi 72 árum saman. Auk þess er vandséð hvernig þeim getur stafað ógn af sólstofum og bílskúrum nágrannanna,“ segir hann.

Jón F. Bjartmarz hjá ríkislögreglustjóra sagðist í gær ekki muna hvenær embættið hefði síðast gætt þjóðhöfðingja á Laufásvegi 72. Um það þyrfti að senda embættinu formlega fyrirspurn. Á skrifstofu forseta fengust ekki upplýsingar í gær um gestakomur á Laufásvegi þar sem Örnólfur Thorsson forsetaritari var á ferðalagi.

„Það er óþolandi að ekki sé hægt að laga gamalgróið íbúðahverfi að eðlilegum nútíma lifnaðarháttum vegna ímyndaðra eða raunverulegra öryggishagsmuna. Ef þessar öryggiskröfur eiga rétt á sér er þessi starfsemi ekki á réttum stað. Fróðlegt væri fyrir okkur nágrannana að kanna réttarstöðu okkar í málinu,“ segir Einar Eiríksson.

gar@frettabladid.is



**EINAR EIRÍKSSON** „Ég hef ekki orðið var við svokallað tigna gesti á Laufásvegi 72 árum saman,“ segir nágranninn í númer 74. Einari Eiríkssyni er meinað að reisa garðskála þar sem hann stendur á lóð sinni vegna öryggis þeirra sem dvelja í gestahúsi forsetans sem sést á milli trjánna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Á LAUFÁSVEGI** Gestahús forsetans séð frá innkeyrslunni á Laufásvegi 73 handan götunnar.




**MERKI ÓLYMPÍULEIKANNA 2012** Merkið er alsaklaust.

Ólympíuleikar í London 2012:

## Ólympíumynd veldur flogum

**ENGLAND Kynningarmyndband fyrir merki Ólympíuleikana sem haldnir verða í London árið 2012 hefur verið fjarlægt af vefnum. Í ljós kom að myndbandið hefur valdið því að sumir áhorfendur fá flogaköst af því að berja það augum.**

**Samtök flogaveikra fengu símtöl frá fólki sem hafði fengið flogakast við að horfa á myndbandið. Myndbrot sem sýnir sundkappa dýfa sér í laug er talið vera sökudólgurinn.**

**Talsmenn Ólympíuleikanna vildu vekja athygli á því að sjálft merki Ólympíuleikanna hefði ekki valdið köstunum.**

**Myndbandið verður klippt upp á nýtt og myndbrotið fjarlægt.** **- sgj**

**LANDSBYGGÐIN**

### Stefnir í mikla fólksflutninga

Reikna má með miklum fólksflutningum frá Reyðarfirði nú þegar álverið er tilbúið. Um 1.550 manns hafa starfað þar nýlega við byggingu þess og lokafrágang. Aða auki eru allt að 1.800 manns við Kárahnjúka en þeim mun fækka talsvert með haustinu.


**BÍLL DAGSINS**

**NISSAN TERRANO II EXE**

Nýskr. 04.98 - Beinskiptur - Ekinn 178 þús. km.




**Ingvar Helgason** NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00, lau. 12:00 - 16:00. Sími: 525 8020


Segir að valdi til að taka lönd eignarnámi sé best fyrir komið hjá Alþingi:

# Eignarnám einskorðist við brýna almannahagsmuni

**STJÓRNMÁL** Vald iðnaðarráðherra til að taka land eignarnámi vegna raforkuframleiðslu ætti hugsanlega að færast til Alþingis, og einskorðast við tilvik sem lúti að brýnum almannahagsmunum, ekki öflun raforku til stóriðju, segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.

Ráðherra hefur í dag heimild til að taka land eignarnámi, og metur þá sérstök matsnefnd hæfilegar bætur fyrir landeigendur. Þetta segir Össur að þurfi að skoða nánar.

„Ég tel að á þessu kjörtímabili eigi ríkisstjórnin að skoða mjög sterklega hvort ekki sé rétt að breyta heimildum sem iðnaðarráðherra hefur í dag til eignarnáms,“ segir Össur. „Þetta er mál sem ég tel að við þurfum að skoða mjög vel og gefa okkur tíma til þess. Þetta er flókið og vandasamt og þarf að skoða alla hagsmuni í þessu,“ segir Össur.

Hann segir það sína skoðun að ríkið verði að eiga áfram möguleika á eignarnámi ef til þess séu brýnir almannahagsmunir. Slíkt eigi ekki við þegar verið sé að taka lönd til orkuvinnslu til stórra notenda. Það eigi við um stóriðju, mengandi eða ekki.

Össur sagðist ekki viss um að iðnaðarráðherra sem handhafi framkvæmdavaldsins eigi að hafa heimildir til að taka lönd eignarnámi, jafnvel ekki í þeim tilvikum þar sem um brýna almannahagsmuni sé að ræða. „Mér finnst mörg rök hníga að því að þetta vald eigi að vera í höndum Alþingis,“ segir Össur. **- bj**



**EIGNARNÁM** Verði hugmyndir Össurar Skarphéðinssonar að veruleika getur ríkið ekki tekið lönd eignarnámi vegna raforkuframleiðslu fyrir stóriðju.

# Pallaefni
## gagnvarin fura

| | | |
|---|---|---|
| **Pallaefni 21x95 mm**<br>Lengd 0,9 - 4,5 m<br>621600 | **120 kr/m** | ~~163 kr/m~~ |
| **Pallaefni 28x95 mm**<br>Lengd 0,9 - 4,5 m<br>628600 | **175 kr/m** | ~~233 kr/m~~ |
| **Pallaefni 28x120 mm**<br>628700 | **219 kr/m** | ~~233 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x98 mm**<br>Lengd 0,9 - 4,5 m<br>648600 | **217 kr/m** | ~~325 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x123 mm**<br>Lengd 0,9 - 4,5 m<br>648700 | **276 kr/m** | ~~379 kr/m~~ |
| **Pallaefni 48x148 mm**<br>Lengd 0,9 - 4,5 m<br>648800 | **331 kr/m** | ~~488 kr/m~~ |
| **Pallaefni 98x98 mm**<br>698600 | **434 kr/m** | ~~591 kr/m~~ |





# Pallaefni
## Harðviður

| | |
|---|---|
| **Pallaefni 19x90 mm**<br>601120/200 | **299 kr/m** |
| **Pallaefni 21x145 mm**<br>600900 | **690 kr/m** |
| **Pallaefni 90x90x2750 mm**<br>601100 | **4.661 kr/stk** |
| **Pallaefni 90x90x3050 mm**<br>601105 | **5.169 kr/stk** |

### Lerki

| | |
|---|---|
| **Pallaefni 28x95 mm**<br>727600 | **213 kr/m** |
| **Pallaefni 21x95 mm**<br>720040 | **139 kr/m** |
| **Pallaefni 48x90 mm**<br>748600 | **490 kr/m** |

# Pallaefni
## og **kaupauki** til 17. júní

Þeir sem kaupa 40 m² eða meira
af pallaefni hjá Húsasmiðjunni fá kaupauka:

**6 ltr. af Jotun pallaolíu**

frá Húsasmiðjunni

**eða** plöntur og plöntuker á
pallinn að andvirði

**15.000 kr**

í næstu verslun Blómavals

## **Opið** í timbursölu Grafarholti **á sunnudögum**






**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 07.06.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,58 | 62,88 |
| Sterlingspund | 124,43 | 125,03 |
| Evra | 84,29 | 84,77 |
| Dönsk króna | 11,316 | 11,382 |
| Norsk króna | 10,438 | 10,500 |
| Sænsk króna | 9,045 | 9,097 |
| Japanskt jen | 0,5154 | 0,5184 |
| SDR | 94,8 | 95,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
114,604

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jón Ásgeir Jóhannesson tekur við stjórnarformennsku í FL Group:

# Gnúpverjar stærri en Hannes

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingarfélagið Gnúpur, sem Kristinn Björnsson, Magnús Kristinsson og Þórður Már Jóhannesson fara fyrir, greindi frá því í gær að það ætti orðið fimmtungshlut í FL Group. Þar með er félagið komið upp fyrir Oddaflug B.V., eignarhaldsfélag Hannesar Smárasonar forstjóra FL, sem stærsti hluthafinn í FL.

„Við teljum félagið vera álitlegan fjárfestingarkost eins og staðan er í dag. Að mínu mati búa meiri tækifæri í lykileignum félagsins en markaðurinn sér í dag," sagði Þórður Már Jóhannesson, forstjóri Gnúps, en félagið hefur bætt við sig einu prósenti í júní. Þrátt fyrir að vera stærsti hluthafinn hefur Gnúpur ekki óskað eftir því að fá mann í stjórn FL.



**ÞÓRÐUR MÁR JÓHANNESSON HJÁ GNÚPI** Hannes Smárason er ánægður með síðustu kaup Gnúps í FL Group. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hannes á um 19,8 prósenta hlut og Baugur Group um 18,2 prósent. Jón Ásgeir Jóhannesson tók í gær við stjórnarformennsku í FL Group af Skarphéðni Berg Steinarssyni í kjölfar skipulagsbreytinga hjá Baugi.

„Það er flott ef einhver hefur áhuga á þessu félagi. Við erum ánægðir þegar fjárfestar hafa trú á því sem við erum að gera," voru viðbrögð Hannesar Smárasonar.

FL Group, sem metið er á 224 milljarða króna, er stærsti hluthafinn í Glitni og heldur auk þess utan um stóra hluti í AMR Corporation og Commerzbank. - eþa

Engin sátt um kæru presta:

# Siðanefnd mun fjalla um málið

**TRÚMÁL Engin sátt varð til milli séra Hjartar Magna Jóhannssonar og átta þjóðkirkjupresta sem kært hafa Hjört til Siðanefndar Prestafélags Íslands á fundi nefndarinnar með aðilum málsins á fimmtudag.**

**Hjörtur segir að hann hafi tjáð siðanefndinni að hann hafi ekkert rangt gert í málinu, og þjóðkirkjuprestarnir hafi lýst því yfir að þeir standi við kæru sína. Málið verði því væntanlega áfram í meðförum nefndarinnar.**

**Prestarnir kærðu Hjört til siðanefndar í byrjun mars vegna ummæla hans í fréttaskýringarþættinum Kompási. - bj**

Evrópusamband flugfélaga:

# Tillögur ESB óhóflega dýrar

**EVRÓPUMÁL** Tillögur ESB um útstreymi frá flugi eru óhóflega dýrar og brengla samkeppni. Þetta segir Evrópusamband flugfélaga, sem telur að kostnaður flugfélaga vegna tillagna um að fella flug undir útstreymistilskipun ESB sé stórlega vanmetinn. Tillögurnar muni hafa áhrif á getu félaganna til fjárfestinga. Sambandið telur einnig að um leið dragi stórlega úr þeim ávinningi sem fjárfestingarnar geti haft fyrir umhverfið.

Á vef Samtaka atvinnulífsins kemur fram að tillögurnar geti haft veruleg áhrif á íslensk flugfélög og samkeppnisstöðu þeirra auk þess sem fargjöld og gjöld fyrir vöruflutninga muni hækka. - ghs

Harður árekstur í Skipholti:

# Fimm fluttir á slysadeild

**SLYS Fimm voru fluttir til skoðunar á slysadeild Landspítalans eftir harða aftanákeyrslu í Skipholti í gærmorgun. Í fyrstu var talið að áreksturinn væri alvarlegs eðlis og var slökkvilið kvatt á vettvang þar sem reykur virtist stíga upp úr öðrum bílnum. Það reyndist gufa.**

**Báðir bílar skemmdust töluvert við áreksturinn. Bílarnir voru dregnir á brott með kranabíl.**

**Að sögn lögreglu slapp fólkið við meiriháttar meiðsl og fengu allir að fara heim að lokinni læknisskoðun á slysadeild. - þo**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Með hass á Reykjanesbraut

Tveir ökumenn voru stöðvaðir á Reykjanesbraut á fimmtudagskvöld og aðfaranótt föstudags grunaðir um að aka undir áhrifum kannabisefna. Í öðrum bílnum fannst gramm af ætluðu hassi en í hinum leyndust tvö grömm af ætluðu hassi.



**MÓTMÆLENDUR AÐ VAKNA** Þúsundir mótmælenda komu sér fyrir á vegunum til og frá Heiligendamm og margir þeirra sváfu þar í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gátu ekki leyst öll vandamál heimsins

**Mótmælendur voru ánægðir með afrek sín í Heiligendamm. Bush sat inni á hóteli með magakveisu meðan hinir leiðtogarnir héldu fund. Pútín segir eldflaugavarnakerfi Bandaríkjamanna mega vera í Tyrklandi eða Írak.**

**HEILIGENDAMM, AP** Þriggja daga leiðtogafundi G8-ríkjanna í Heiligendamm í Þýskalandi lauk í gær. Leiðtogarnir átta lofuðu að veita sextíu milljörðum dala í baráttu gegn alnæmi og öðrum sjúkdómum í Afríku, auk þess sem þeir ákváðu að þrýsta enn frekar á Írana um að hætta við kjarnorkuáform sín. Ekkert samkomulag tókst hins vegar um framtíð Kosovo-héraðs.

„Auðvitað tókst okkur ekki á tveimur fundum að leysa öll vandamál heimsins," sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari á blaðamannafundi í gær. „En okkur hefur miðað í áttina," bætti hún við.

George W. Bush Bandaríkjaforseti fékk heiftarlega magakveisu og þurfti að halda sig inni á hótelherbergi í gærmorgun meðan vinnufundur var haldinn, en honum tókst þó að eiga fund í einrúmi með Nicolas Sarkozy, nýkjörnum forseta Frakklands.

Talsmenn mótmælenda hrósuðu sigri eftir að hafa haldið vegum til og frá bænum Heiligendamm meira og minna lokuðum þá þrjá daga sem leiðtogafundurinn hefur staðið yfir.

Þýska lögreglan sagðist á hinn bóginn einnig hafa náð sínum markmiðum, sem voru þau að halda ofbeldi í skefjum. Lögreglan tók þann pól í hæðina að leyfa mótmælendum að vera óáreittir, jafnvel þótt þeir væru á svæðum þar sem mótmæli áttu að vera bönnuð, svo framarlega sem þeir kæmu friðsamlega fram. Um leið og vart varð við ofbeldi greip lögreglan hins vegar inn í og tók harkalega á fólki.

Meðal helstu tíðinda af fundinum í Heiligendamm var tillaga Vladimírs Pútín Rússlandsforseta að lausn á deilunni um fyrirhugað eldflaugavarnakerfi Bandaríkjanna. Pútín vill alls ekki að Bandaríkjamenn setji eldflaugavarnakerfið upp í Evrópuríkjum, en á fimmtudaginn sagðist hann geta fallist á áformin ef kerfið yrði staðsett í Aserbaídsjan.

Í gær bætti hann svo um betur og sagðist ekkert hafa á móti því að það yrði sett upp í löndunum suðvestantil í Asíu.

„Það væri hægt að staðsetja þetta í suðrinu, í ríkjum vinveittum Bandaríkjunum eins og til dæmis Tyrklandi, eða jafnvel í Írak eða á sjávarpöllum," sagði Pútín á blaðamannafundi í Heiligendamm í gær. gudsteinn@frettabladid.is

Gestir á bókmenntahátíð:

# Roddy Doyle meðal gesta

**MENNING** Bókmenntahátíðin í Reykjavík verður haldin í áttunda skipti dagana 9.-15. september en í gær var kynntur listi yfir þá tuttugu erlendu höfunda sem staðfest hafa þátttöku sína.

Sjaldan hafa jafnmargar stórskyttur ritvallarins skipað þennan lista en á honum er að finna ekki minni spámenn en Nóbelsverðlaunahafann J.M. Coetzee, írska metsöluhöfundinn Roddy Doyle og mannréttindafrömuðinn og fyrrverandi þingmanninn Ayaan Hirsi Ali, sem hefur harðlega gagnrýnt viðhorf til kvenna í íslömskum ríkjum. - khh



**BENSÍNVERÐ** N1 er eina olíufélagið sem ekki birtir upplýsingar um eldsneytisverð á heimasíðu sinni.

Eldsneytisverð á heimasíðum:

# Mikill meirihluti vill sjá verðið

**NEYTENDUR Þrír af hverjum fjórum landsmönnum telja það mikilvægt að olíufélögin birti upplýsingar um verð á eldsneyti á heimasíðu sinni. Þetta eru niðurstöður könnunar sem Félag íslenskra bifreiðaeigenda fékk Capacent Gallup til að vinna.**

**Alls töldu tæplega 77 prósent aðspurðra það mikilvægt en tæp tólf prósent lítilvægt að þessar upplýsingar væru birtar.**

**Könnunin var gerð í kjölfar þess að N1 ákvað að birta ekki upplýsingar um verð á vef sínum, en FÍB gagnrýndi þá ákvörðun harðlega. Haft var eftir forsvarsmönnum N1 í Fréttablaðinu að þetta væru ekki upplýsingar sem neytendur vildu sjá. - bj**






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Sumarblíða um helgina**

Það lítur út fyrir sumarblíðu um allt land. Hlýjast verður líklega á norðausturhorninu í dag, en á sunnudaginn verða hæstu hitatölurnar á Suðaustur- og Austurlandi. Vindur er almennt mjög hægur og það ættu allir að geta farið í útilegur að sínu vali. Úrkoman er á undanhaldi, en þó má búast við síðdegisskúrum inn til landsins.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Hæg breytileg átt og hiti allt að 17 stig yfir daginn.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Hæg breytileg átt um allt land

*» mánudagur*




Hægar norðlægar áttir, 0-5 m/s.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 25°C heiðskýrt | London | 21°C skýjað | Eindhoven | 29°C skúrir |
| Billund | 27°C hálfskýjað | París | 23°C léttskýjað | Basel | 25°C skúrir |
| Osló | 30°C léttskýjað | Frankfurt | 29°C léttskýjað | Alicante | 28°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 23°C heiðskýrt | Friedrichshafen | 25°C skýrir | Róm | 24°C heiðskýrt |
| Gautaborg | 23°C léttskýjað | Berlín | 29°C léttskýjað | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# ENDALAUST ÚRVAL GJAFA
# Í EINUM PAKKA!

**GJAFAKORT SMÁRALINDAR ER GJÖF SEM GLEÐUR**

Gjafakort Smáralindar er alltaf góð lausn því allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í fjölmörgum verslunum Smáralindar. Í boði eru venjuleg gjafakort, töff gjafakort fyrir unga fólkið og glæsileg brúðkaupsgjafakort.

Þú færð gjafakortið á þjónustuborði Smáralindar.






Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21,**
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

ENNEMM / SÍA / NM28229

**KJÖRKASSINN**



*Eru seðlabankastjórar of hátt launaðir?*

| | |
|---|---|
| Já | 81,7 % |
| Nei | 18,3 % |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er söluverð raforku til álvers í Helguvík viðunandi?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Dick Marty birtir nýja skýrslu um leynifangelsi CIA í Evrópu:

# Fangelsi með vitund ráðamanna

**PARÍS, AP** Svissneski stjórnmálamaðurinn Dick Marty fullyrðir, í nýrri skýrslu sem hann vann fyrir Evrópuráðið, að bandaríska leyniþjónustan CIA hafi starfrækt leynileg fangelsi í Póllandi og Rúmeníu á árunum 2003 til 2005.

Hann segir fangelsin hafa verið starfrækt með fullri vitund ráðamanna. Auk þess sakar hann bæði ítölsk og þýsk stjórnvöld um að torvelda honum rannsóknir sínar á leynifangelsum CIA í Evrópu og leynilegan flutning fanga milli landa.

Í skýrslu Martys er því meðal annars haldið fram að bæði Abu Zubaydah og Khalid Sheikh Muhammed, sem síðastliðið haust voru fluttir til Guantanamo á Kúbu, hafi verið hafðir í haldi í Póllandi og þar hafi Bandaríkjamenn yfirheyrt þá.



**DICK MARTY** Svissneski þingmaðurinn hefur verið iðinn við að rannsaka leynileg fangelsi CIA í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pólsk og rúmensk stjórnvöld segja ekkert hæft í ásökunum Martys. Thomas Steg, talsmaður þýsku ríkisstjórnarinnar, hafnar sömuleiðis alfarið ásökunum um að stjórnin hafi gert Marty erfitt fyrir.

Skýrslan var lögð fram á Evrópuráðsþinginu í gær. Þingmenn fá skýrsluna nú til meðferðar og afgreiða endanlega gerð hennar með atkvæðagreiðslu í lok júní.

Í skýrslunni eru býsna nákvæmar lýsingar á slæmri meðferð sem fangarnir máttu þola. Upplýsingarnar eru sagðar fengnar frá föngum, bæði fyrrverandi og núverandi, mannréttindasamtökum og fólki sem hefur starfað í fangelsunum. - gb

Sænsk stjórnvöld:

# Vilja ræða mannréttindabrot Kína

**SVÍÞJÓÐ, AP Sænsk yfirvöld munu ekki veigra sér við að ræða slæma frammistöðu Kínverja í mannréttindamálum við Hu Jintao Kínaforseta. Þetta var haft Carl Bildt utanríkisráðherra í gær. Kínaforseti heimsækir Svíþjóð um helgina ásamt sendinefnd.**

**„Mannréttindi verða örugglega umræðuefni þegar við tölum um innanríkismál Kína," sagði Bildt.**

**Koma Hu er fyrsta heimsókn kínversks þjóðhöfðingja til Svíþjóðar, en ríkisstjórn landsins hefur gagnrýnt mannréttindabrot Kínastjórnar opinberlega.** - sgj

Utanríkisráðherra í Helsinki:

# Leiddi loftslagsumræðurnar

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, leiddi í gær umræður um loftslagsmál á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna í Helsinki.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Ráðherrarnir ræddu samstarf á norðurslóðum og hvernig efla mætti vettvang Eystrasaltsráðsins. Ástand mála fyrir botni Miðjarðarhafs bar einnig á góma, sem og Darfúr-hérað.

Fram kom að öll Norðurlöndin ynnu að framboði Íslands til öryggisráðsins fyrir tímabilið og litu á framboðið sem norrænt. - kóþ

**MENNTAMÁL**

## Kennarar stofna samtök

Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsskólastigi hafa verið stofnuð. Samtökunum er ætlað að sjá um stefnumótun, endurmenntun og námskeið í faginu.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Með hass og áhöld í bíl

Lögreglan á Sauðárkróki stöðvaði ökumann á Siglufjarðarvegi í fyrrakvöld. Farþegi í bílnum reyndist við skoðun vera með fíkniefni í fórum sínum.

## Stútur á Kringlumýrarbraut

Ölvaður ökumaður var stöðvaður á Kringlumýrarbraut á fimmtudagskvöld á 139 kílómetra hraða. Ökumaðurinn kvaðst ekki vita hver leyfður hámarkshraði væri á þessum slóðum. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu gómaði annan ölvaðan ökumann þetta kvöld.

# Faxaflóahafnir óska svars um Sundabraut

**Kristján Möller samgönguráðherra tekur undir ánægju forvera síns með tilboð Faxaflóahafna í byggingu Sundabrautar. Hann segir einkaframkvæmdir spennandi kost. Áhugi fyrirtækisins er óbreyttur og beðið er svara frá ríkinu.**

**SAMGÖNGUMÁL** „Ég dreg ekki úr því og ég fagna áhuga allra sem vilja taka þátt í samgöngubótum á Íslandi. Því fleiri því betra," segir Kristján Möller samgönguráðherra um orð forvera síns, Sturlu Böðvarssonar, sem fagnaði áhuga Faxaflóahafna á að annast fjármögnun og byggingu Sundabrautar. Sturla taldi í mars síðastliðnum að ef samningar tækjust við fyrirtækið væri ekkert því til fyrirstöðu að framkvæmdir hæfust við fyrsta tækifæri. Undir orð hans tók Geir H. Haarde forsætisráðherra og sagði framtak fyrirtækisins lofsvert.

Faxaflóahafnir buðust til að fjármagna og byggja Sundabraut allt frá Kollafirði að Sæbraut og öll tengd mannvirki sem nauðsynleg þykja en heildarkostnaður við framkvæmdirnar gætu numið um 25 milljörðum króna, sé miðað við göng frá Sæbraut yfir í Gufunes og fjögurra akreina veg frá Gufunesi í Kollafjörð. Í kjölfarið var stofnaður starfshópur með fulltrúum frá Faxaflóahöfnum og úr samgöngu- og iðnaðarráðuneytum.

Kristján segir einkaframkvæmd í samgöngumálum spennandi kost: „Því að með nýsamþykktum vegalögum þarf ekki lengur að gera sérstök lög um hverja einkaframkvæmd fyrir sig, eins og var þegar ráðist var í gerð Hvalfjarðarganga. Það er nóg að getið sé um slíka framkvæmd í samgönguáætlun." Hann slær þann varnagla að ekki sé hægt að afhenda eitt tiltekið verk til eins framkvæmdaaðila. „Fjármálaráðuneytið er búið að úrskurða að verkefni þurfi að fara í útboð. Það þurfa allir að sitja við sama borð."



**KRISTJÁN MÖLLER** Fagnar áhuga allra sem vilji taka þátt í samgöngubótum.



**GÍSLI GÍSLASON**



**BJÖRN INGI HRAFNSSON**

> Aðalatriðið er að Sundabrautin komi sem fyrst.
>
> **BJÖRN INGI HRAFNSSON** FORMAÐUR STJÓRNAR FAXAFLÓAHAFNA

Björn Ingi Hrafnsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, segir samstarfshópinn vera að fara yfir útboðsskylduna sérstaklega. „Verið er að athuga hvort þarf að bjóða verkið sérstaklega út eða hvort Faxaflóahafnir geti tekið að sér verkið og boðið út einstaka þætti."

Björn Ingi er þeirrar skoðunar að ef framkvæmdin sé útboðsskyld eigi að gera það án tafar. „Þá bjóðum við einfaldlega í verkið. Aðalatriðið er að Sundabrautin komi sem fyrst."

Gísli Gíslason hafnarstjóri situr í samráðshópnum fyrir hönd Faxaflóahafna. Hann segir að vegna þingkosninga hafi ekki þótt ástæða til reglulegra fundarhalda. „Við erum að leita færis á að kynna nýjum samgönguráðherra stöðu málsins og leita svara um hvort fyrri áhugi ríkisins er enn til staðar. Áhugi okkar er enn gríðarlegur."

svavar@frettabladid.is







Dómari sagði að eitt ætti yfir alla að ganga og leyfði ekki stytta refsingu:

# Paris Hilton aftur í fangelsið

**BANDARÍKIN, AP** Paris Hilton kallaði á móður sína og hrópaði: „Þetta er ekki réttlátt!" þegar hún var leidd grátandi út úr dómsal í Los Angeles í gærkvöldi. Dómarinn hafði skipað henni að snúa aftur í fangelsi til að afplána allan 45 daga dóminn sem hún hafði hlotið fyrir skilorðsbrot.

Hótelerfinginn, sem er 26 ára, hafði aðeins afplánað þrjá daga af 45 daga refsingu, sem hafði verið stytt niður í 23 daga. Henni var sleppt úr fangelsinu í fyrradag af heilsufarsástæðum.

Hilton hlaut þriggja ára skilorðsbundinn dóm í janúar fyrir ölvunarakstur. Hún var stöðvuð ljóslaus án ökuréttinda á 112 kílómetra hraða á klukkustund á götu með 56 kílómetra hámarki í febrúar. Í kjölfarið fékk hún 45 daga dóm fyrir skilorðsbrot.

Dómarinn hafði skipað Hilton að koma aftur fyrir rétt eftir að henni hafði verið sleppt. „Ég samþykkti aldrei að sakborningurinn fengi að fara úr fangelsinu til heimilis síns," sagði dómarinn.

Mannréttindasamtök reiddust þegar Hilton var sleppt úr fangelsi vegna ótilgreindra heilsufarsástæðna og sögðu þeim ríku hyglt fram yfir fátækari fanga.



**FYRIRSÆTAN FANGELSUÐ** Paris Hilton grét þegar hún var sótt af lögreglu heim til sín og hætti ekki öll réttarhöldin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Verjendur Hiltons kröfðust þess að dómarinn leyfði þeim að útskýra fyrir honum eðli veikinda hennar, en hann sagðist aldrei hafa fengið útskýringar þess efnis frá fangelsinu. - sgj

# Verðsprengja

## sparið allt að 10.000 kr.

PROSTYLE
13 ár á Íslandi

## 26" Infinity

ÞÚ SPARAR 10.000kr

TILBOÐ 39.999kr
Verð áður 49.999-







ÞÚ SPARAR 3.000kr

### 20" Nitro

TILBOÐ 14.999kr
Verð áður 17.999-




ÞÚ SPARAR 3.000kr

### 20" Rider

TILBOÐ 14.999kr
Verð áður 17.999-




ÞÚ SPARAR 5.000kr

### 20" Free Style

TILBOÐ 24.999kr
Verð áður 29.999-




ÞÚ SPARAR 4.000kr

### 24" White Pearl

TILBOÐ 23.999kr
Verð áður 27.999-




ÞÚ SPARAR 4.000kr

### 24" Extreme

TILBOÐ 23.999kr
Verð áður 27.999-




ÞÚ SPARAR 6.000kr

### 28" Gentleman

TILBOÐ 23.999kr
Verð áður 29.999-




ÞÚ SPARAR 5.000kr

### 26" City Racer

TILBOÐ 24.999kr
Verð áður 29.999-




ÞÚ SPARAR 5.000kr

### 26" City Cruiser

TILBOÐ 24.999kr
Verð áður 29.999-




ÞÚ SPARAR 5.000kr

### 26" Cross Rider

TILBOÐ 34.999kr
Verð áður 39.999-

Gildir til 11. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Til sölu

Jaðarkaup ehf. á Tálknafirði



Rekstur matvöruverslunarinnar Jaðarkaupa ehf. á Tálknafirði er til sölu. Jaðarkaup eru umboðsaðili fyrir N1 á Tálknafirði.

Upplýsingar hjá Ólafi í síma 892-9288 og Gestrúnu í síma 863-2505


Elísabet Arnardóttir, 33 ára, í fimm ára fangelsi sem höfuðpaur í fíkniefnamáli:

# Skipulagði tveggja kílóa kókaínsmygl

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur dæmt 33 ára gamla konu, Elísabetu Arnardóttur, í fimm ára fangelsi fyrir að skipuleggja innflutning á tveimur kílóum af kókaíni til landsins í ágúst í fyrra. Héraðsdómur hafði dæmt hana í fjögurra ára fangelsi. Þrír samverkamenn hennar voru einnig dæmdir til fangelsisvistar.



Dómnum þótti ljóst að þáttur Elísabetar hefði verið langveigamestur þeirra sem aðild áttu að málinu. Að hennar frumkvæði hefðu verið fundnir samverkamenn sem fluttu efnin inn, hún hefði fundað með öllum málsaðilum og haft milligöngu um að koma skilaboðum út til Spánar um afhendingu efnanna þar. Hún bar því við að hafa skipulagt smyglið af ótta við ofbeldi af hálfu raunverulegra höfuðpaura, en það þótti ólíkleg skýring.

Kókaínið fannst í Leifsstöð í föggum nítján ára stúlku, Elvu Hlínar Hauksdóttur, sem kom til landsins frá Spáni um London. Hún var dæmd í tveggja ára fangelsi, en hafði í héraði verið dæmd í þriggja ára skilorðsbundið fangelsi. Með henni í ferðinni var hinn þrítugi Friðjón Veigar Gunnarsson, sem dæmdur var í þriggja ára fangelsi í héraði. Þeim dómi var ekki áfrýjað.

Dómur yfir Arnari Sindra Magnússyni, 27 ára, var staðfestur þriggja ára fangelsi. Hann afhenti Elvu og Friðjóni efnin á Spáni.



**LEIFSSTÖÐ** Tollverðir veittu einkennilegum frágangi á saumum tösku Elvu Hlínar athygli. Í töskunni fannst kókaínið.

Þá var dómur yfir 22 ára manni, Guðmundi Andra Ástráðssyni, mildaður úr þemur árum í tvö. Hann var dæmdur fyrir að hafa haft milligöngu um að útvega fólk til að flytja efnin inn. - sh

Tyrkneskar hersveitir:

# Gegn Kúrdum í Norður-Írak

**TYRKLAND, AP Tyrknesk stórskotalið sprengdu skotmörk innan landamæra Írak, þar sem talið var að uppreisnarmenn úr röðum Kúrda héldu til. Leiðtogar Kúrda í Írak og Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, vöruðu Tyrki við að ýta undir ólgu á svæðinu með aðgerðunum.**

**Ráðherrann sagði að hvorki væri gott fyrir Tyrkland né Írak að hefja meiriháttar árás á Kúrda í Norður-Írak. Fjórir tyrkneskir hermenn fórust í sprengingu við veg rétt norðan við landamærin í fyrrdag. Uppreisnarmönnum var kennt um árásina.** - sgj

REYKINGABANNIÐ

## Aukin sala á nikótínvörum

Söluaukning hefur orðið á nikótínvörum hjá lyfsölum eftir að reykingabann var sett á veitingastöðum og knæpum um síðustu helgi. Lyfjafræðingur segir greinilegt að fólk vilji hafa eitthvað „til að lifa af reyklausa tímann á barnum“.


LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!




**ALLT BRUNNIÐ** Ekki er mikið eftir af kofanum sem bræðurnir smíðuðu. Nokkrar skemmdir urðu vegna brunans. Gróður sviðnaði og rennur utan á íbúðarhúsinu skemmdust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kofinn brann til kaldra kola

**Fikt drengja með kertaljós endaði með ósköpum í gær þegar kofi við íbúðarhús í Kópavogi brann til ösku. Rúða í íbúðarhúsinu brotnaði og íbúðin fylltist af reyk. Slökkvilið var kvatt á vettvang.**

**BRUNI** Leikur tíu ára bræðra með kertaljós fór illa í gær þegar kofi þeirra brann til kaldra kola. Eldurinn kom upp á lóð við Löngubrekku í Kópavogi og var slökkvilið kvatt á vettvang. Í fyrstu var talið að kviknað væri í húsinu og voru tveir dælubílar, ásamt körfubíl og sjúkrabíl, sendir á staðinn.

Þegar þangað var komið kom í ljós að eldurinn logaði í skúr á lóðinni og var öllu minni en talið var í fyrstu.

Talsverð hætta stafaði þó af bálinu enda kofinn aðeins örfáum metrum frá húsinu. Að sögn lögreglu gekk greiðlega að slökkva eldinn.

Tíu ára tvíburabræður, Brynjar Arndal og Breki Arndal Brynjarssynir, áttu kofann. Þeir smíðuðu hann sjálfir.

Móðir drengjanna, Hólmfríður Þóra Óskarsdóttir, segir fulla ástæðu til að brýna fyrir börnum að vera ekki að leika sér með eld. „Það var ekki ætlun þeirra að kveikja í en þeir voru að leika sér með kertaljós í kofanum og það fór úr böndunum,“ segir Hólmfríður, sem var vitanlega brugðið við atvikið. „Það sprakk rúða í húsinu og íbúðin fylltist af reyk,“ segir Hólmfríður.

Talsverðar skemmdir urðu á lóðinni og er girðingin í kringum garðinn illa brunnin að hluta. Þá skemmdust einnig þakrennur á húsinu auk þess sem nokkrar skemmdir urðu á gróðri.

Hólmfríður segir strákana hafa fullan hug á að endurreisa kofann. Fyrst þurfi að hreinsa til í garðinum og þar verði drengirnir látnir hjálpa til.

Birgir Finnsson, sviðsstjóri hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, segir að alltaf sé eitthvað um að börn fikti með eld. „Við fáum reglulega útköll þar sem fikt hefur leitt til minniháttar óhappa. Stundum getur það endað illa,“ segir Birgir. Hann segir að stundum komi foreldrar brennuvarganna með börnin á slökkvistöðina til þess að ræða við slökkviliðsmennina. „Annars höfum við lítið komið að eftirvinnslunni. Við einbeitum okkur frekar að forvörnum og heimsækjum til dæmis alla átta ára bekki í grunnskólunum,“ segir Birgir Finnsson. thorgunnur@frettabladid.is


Orkuveita Reykjavíkur

# Styrkur til náms í verkfræði eða tæknifræði

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 37909 06.2007

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í verkfræði eða tæknifræði. Einungis nám til fyrstu prófgráðu í greininni er styrkhæft. Styrkurinn verður veittur um mánaðamótin ágúst-september nk.

Umsóknum, með upplýsingum um náms- og starfsferil ásamt staðfestingu á skráningu í nám, ber að skila með rafrænum hætti á vef Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is fyrir 28. júní.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.or.is


Lögreglan fann fíkniefni í íbúð á Suðurnesjum:

# Fjögur tekin með hass

**LÖGREGLUMÁL** Þrír karlar og ein kona voru handtekin í heimahúsi í Reykjanesbæ aðfaranótt fimmtudags, grunuð um fíkniefnamisferli. Lögregla fann við húsleit tæp tíu grömm af amfetamíni og um 35 grömm af kannabis. Þá fundust sveppir og LSD einnig í íbúðinni.

Fjórmenningarnir voru yfirheyrðir á lögreglustöð í gær og var sleppt að því loknu. Eyjólfur Ágúst Kristjánsson, fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum, segir að málið sé nánast upplýst. Hann vill ekki upplýsa hvort fólkið hafi staðið að fíkniefnasölu en öll fjögur munu áður hafa komið við sögu lögreglunnar vegna fíkniefnamála. - þo


Opnunarhátíð
í dag kl. 14-16
Í tilefni af flutningi útibús SPRON í Hátúni í nýtt og stórglæsilegt húsnæði í Borgartúni 26 verður haldin opnunarhátíð í Borgartúninu kl. 14-16 í dag. Þar verður mikið um dýrðir og sannkölluð fjölskyldustemmning ríkjandi.
Allir velkomnir!
SPRON
Grillaðar pylsur og gos
Andlitsmálun
Söngatriði úr söngleikjunum Gretti og Abbababb
Trúðarnir síkátu, Búri og Bína, sýna sínar bestu hliðar
Hoppukastali
Kynnir er Björgvin Franz Gíslason
Sælgæti, blöðrur og margt fleira skemmtilegt
75 ára
spron
SPRON, sími 550 1200, Þjónustuver, sími 550 1400, spron.is



**SJALDGÆF BAMBUSÆTA** Pandabirnir eru í mikilli útrýmingarhættu, en þessi húnn var ekki hræddur við að klifra á verndarsvæðinu sínu í Suðvestur-Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Hjónin sem urðu fyrir kolmónoxíðeitrun í tjaldvagni eru á batavegi:

# Enn á sjúkrahúsi eftir eitrun

**SLYS** Hjónin sem fundust meðvitundarlaus í tjaldvagni sínum í Djúpadal um síðustu helgi eru enn á sjúkrahúsi. Staðfest var kolmónoxíðeitrun hjá þeim báðum en þau eru á góðum batavegi.

Ólafur Baldursson, læknir á lungnadeild Landspítalans, segir að allar líkur séu á að hjónin jafni sig vel en kolmónoxíðeitrun getur verið afar hættuleg. Hann segir sjaldgæft að slys sem þessi komi upp.

Nokkuð hefur borið á því að rætt sé um gaseitrun í tengslum við slysið. Guðborg Auður Guðjónsdóttir, forstöðumaður Eitrunarmiðstöðvar, vill árétta að kolmónoxíðeitrun og gaseitrun séu ekki það sama.

„Kolmónoxíð verður til við bruna og það þarf hvergi að leka gas svo það verði. Kolmónoxíð er litar- og lyktarlaust og því geta gasskynjarar ekki varað fólk við í slíkum tilfellum,“ segir Guðborg og bendir á að mestu skipti að gashitarar og önnur gas- eða olíutæki hafi nægt súrefni og séu ekki notuð í lokuðu rými.

Lögreglan á Vestfjörðum rannsakar slysið í Djúpadal og ekki fæst upp gefið um hvers kyns búnað var að ræða. Hann hefur verið sendur Vinnueftirlitinu til skoðunar. - þo



**GASKÚTUR** Hjónin í tjaldvagninum urðu fyrir kolmónoxíðeitrun en ekki gaseitrun.

Fréttirnar færast á vefinn:

## Pétur og Andrés opna fréttamiðil

**FJÖLMIÐLAR Fyrirhugað er að nýr fréttamiðill á vefnum líti dagsins ljós eftir helgi. Að vefnum standa Andrés Jónsson og Pétur Gunnarsson, sem báðir hafa látið mikið að sér kveða í bloggheimum undanfarin misseri, og munu þeir halda honum úti fyrst um sinn.**

**Nafn miðilsins eða vefslóð liggja ekki að fullu fyrir. Andrés hefur haldið úti bloggi á slóðinni godsamskipti.blog.is og alkunna er að hann hafi staðið að baki vefnum Orðinu á götunni, á slóðinni ordid.blog.is. Pétur, sem bloggar á slóðinni hux.blog.is, hefur lengi verið einn vinsælasti bloggari landsins.** - sh


Gallerí götunnar



opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


Komandi kjarasamningar:

## Lágmarkslaun hækki um 43 prósent

**VINNUMARKAÐUR** Undirbúningur að komandi kjarasamningum er helsta viðfangsefni forystumanna innan verkalýðshreyfingarinnar þessa dagana. Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, telur að framar öðru þurfi að „lyfta skammarlega lágum töxtum upp að markaðslaunum sem almennt eru greidd“.



**VILHJÁLMUR BIRGISSON**

Vilhjálmur segir að lágmarkstaxtar í landinu þurfi að hækka um allt að 43 prósent, eða úr 125 þúsund krónum eins og lágmarkslaunin eru í dag upp í um 176 þúsund krónur sem greiddar eru að meðaltali fyrir dagvinnu. Vilhjálmur óttast að stór hluti af tuttugu þúsund erlendum verkamönnum sé á berstrípuðum lágmarkstaxta. - ghs



**FRUMKVÆÐI NORÐMANNA** Utanríkisráðherra Noregs, Jonas Gahr Störe, með forseta Palestínumanna, Mahmoud Abbas. Norðmenn eru eina Evrópuþjóðin sem komið hefur á „eðlilegum samskiptum“ við þjóðstjórn Palestínu. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hyggst fara að þeirra fordæmi. NORDICPHOTOS/AFP

# Vill samskipti við Palestínu

**Þverpólitísk sátt gæti orðið um samskipti við þjóðstjórn Palestínu. „Við getum hjálpað til,“ segir þingmaður Sjálfstæðisflokks. Utanríkisráðherra heimsækir Palestínumenn og ráðfærir sig við Norðmenn.**

**UTANRÍKISMÁL** Utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur boðað stefnubreytingu í samskiptum ríkisins við þjóðstjórn Palestínumanna og vill að farið verði að fordæmi Norðmanna og tekin upp eðlileg samskipti við stjórnina.

Þingmenn úr flestum flokkum virðast þessu fylgjandi og tóku vel í þingsályktunartillögu Vinstri grænna þessa efnis, en hún var rædd á Alþingi hinn 5. júní. Frjálslyndi flokkurinn hefur ekki tekið afstöðu til tillögunnar.

Utanríkisráðherra og þingmaður Sjálfstæðisflokks settu þó fyrirvara við orðalag tillögunnar, og vilja koma á „eðlilegum samskiptum“ frekar en „að viðurkenna“ stjórnina. Þetta gerði einnig fyrrverandi utanríkisráðherra, Valgerður Sverrisdóttir, fyrir kosningar.

Nokkur tíðindi hljóta að teljast að þingmaður Sjálfstæðisflokks, Árni Johnsen, lýsti sig hlynntan tillögunni, því Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, hefur áður tekið dræmlega í hugmyndina. Geir hefur lýst því yfir að afstaða Íslendinga sé ekki það veigamikil að hún hafi teljandi áhrif á gang mála í Mið-Austurlöndum.



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

„Dropinn holar steininn,“ sagði Valgerður Sverrisdóttir hins vegar við umræðurnar. Því skyldu Íslendingar láta sig heimsmálin varða. „Við getum hjálpað til,“ sagði Árni Johnsen. „Með einu orði, með einu handtaki höfum við áhrif.“

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hyggst fara til fundar við utanríkisráðherra Norðmanna um málið þann 20. júní. Hún undirbýr heimsókn sína til Mið-Austurlanda.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun ráðherra heimsækja Ísrael, Palestínu og íraskar flóttamannabúðir, hugsanlega í Jórdaníu. Ferðaáætlun mun vera byggð á ferð Halldórs Ásgrímssonar til landanna árið 2002.

klemens@frettabladid.is

Formaður félagsins Ísland-Palestína:

## Mikilvægt að fara á svæðið

**„Ég fagna mjög þessum tillögum Ingibjargar,“ segir Sveinn Rúnar Hauksson, formaður Íslands-Palestínu.**

**„Það er auðvitað ekki hægt að viðurkenna sjálfsákvörðunarrétt þjóðar og neita svo að viðurkenna niðurstöðu lýðræðislegra kosninga,“ segir hann.**

**Ekki síst sé mikilvægt að Ingibjörg ætli að fara sjálf á vettvang. „Það er alveg sama hversu oft er sagt frá því hvernig hernámið bitnar á börnum þessa lands. Það verður að sjá þetta með eigin augum.“** - kóþ



**SVEINN RÚNAR HAUKSSON**


Orkuveita Reykjavíkur

Styrkur til iðnnáms eða vélfræði (vélstjórnun)

Orkuveita Reykjavíkur auglýsir styrk til konu sem stundar eða hyggst hefja nám í einum af eftirfarandi greinum: Vélfræði (vélstjórnun), rafvirkjun, vélvirkjun, múraraiðn eða pípulögnum. Styrkurinn verður veittur um mánaðamótin ágúst-september nk.

Umsóknum, með upplýsingum um náms- og starfsferil ásamt staðfestingu á skráningu í nám, ber að skila með rafrænum hætti á vef Orkuveitu Reykjavíkur, www.or.is fyrir 28. júní.



• Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.or.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 37899 06.2007




## GÓÐ RÁÐ GARÐHEIMA:

### *Gegn fíflum í grasflöt:*

***Fíflastafur:*** *Stafnum er stungið niður með stólparót fífilsins, snúið, togað upp og losað.*

***Herbamix:*** *Blandað í vatn og úðað eða vökvað yfir illgresið. Eyðir fíflum og öðrum tvíkímblöðungum úr grasflöt. Eyðir ekki grasi.*

**GARÐHEIMAR**

*heimur heillandi hluta og hugmynda*

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

# Ekki fólk heldur svívirðilegustu kvikindi

HÁSKÓLARANNSÓKNIR

**Ísland og ímyndir norðursins er þverfaglegt samstarfsverkefni hóps félags- og hugvísindamanna. Markmiðið er að skýra þætti í sögu ímynda norðursins og kanna virkni þeirra í samtímanum - með sérstöku tilliti til Íslands.**

Sumarliði R. Ísleifsson, sagnfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni, er verkefnisstjóri við annan mann en viðfangsefnið, ímyndir Íslands á liðnum öldum og allt til samtímans, er kannað af tuttugu manna þverfaglegum rannsóknarhópi sem fékk öndvegisstyrk Rannís árið 2007 til þess að rannsaka efnið.

INOR-hópurinn, eins og hann er kallaður, samanstendur af fræðimönnum frá Íslandi, Bandaríkjunum, Þýskalandi, Bretlandi og Kanada. Íslenskir þátttakendur eru frá ReykjavíkurAkademíunni, þar sem verkefnið hefur aðsetur, Háskólanum á Hólum, Háskólanum á Bifröst og Háskólanum á Akureyri.

Kannað verður hvernig ímyndirnar hafa sprottið fram og breyst í tímans rás og hvert þær stefna. Enn fremur mun rannsóknin beinast að lykilatriðum í uppruna og þróun ímynda Íslands sem hluta norðursins.

### Af hegðan og háttalagi

Þegar Sumarliði er beðinn um dæmi sem útskýrir ímyndarrannsóknirnar í hnotskurn grípur hann niður í sögu af Jóni Ólafssyni Indíafara sem var staddur í Kaupmannahöfn um miðja 17. öld og hitti danskan múrara. Sá lést „kunna að segja hegðan og háttalag fólks í mörgum löndum, á meðal hverra var Íslands innbyggjarar, sem aumlega sáu út í hans texta og óvandaðri útleggingu. Eg stend svo fyrir framan mitt borðið og tala eg til þessa manns, er svo lastlega hafði þessa lands fólki tiltalað, og til ályktunar hafði sagt að þetta fólk mætti ekki fólk heita, heldur sem svívirðilegustu kvikindi.“ Sumarliði segir þessa lýsingu Jóns aðeins eitt dæmi af fjölmörgum um mat útlendinga á Íslendingum á liðnum öldum. „Jón brást raunar hart við og slóst við múrarann, enda hafði hann allt aðrar hugmyndir um sjálfan sig en danski múrmeistarinn.“

Að sögn Sumarliða eru grundvallarhugtök rannsóknarinnar hugtökin ímynd annars vegar og norðrið hins vegar. „Í hugtakið ímynd er lagður margs konar skilningur en í þessari rannsókn verður fylgt hefðum sem hafa einkum verið mótaðar í Frakklandi og Hollandi innan ímyndafræða. Þar er litið á ímyndir sem staðlaðar, viðteknar hugmyndir um aðra, og þá um leið sjálfan sig. Þeir fræðimenn sem kanna ímyndir í þessum skilningi rannsaka þær ekki með hliðsjón af því hvort þær séu réttar eða rangar heldur sem menningarlega afurð, sögulega tilurð þeirra, hvaða hlutverki þær gegna, og ekki síst hvernig þær mótast í tengslum við vald af ýmsu tagi.“

Vægi ímynda verður seint ofmetið. Þær verða til á öllum sviðum mannlegs samfélags, og hafa ætíð leikið stórt hlutverk í samskiptum fólks. Þrátt fyrir það hefur fræðileg umræða um þessi efni verið lítil hér á landi en er mjög vaxandi í nágrannalöndum Íslands. Sumarliði segir ástæðuna að á undanförnum tveimur áratugum hafi heimsmyndin gjörbreyst. Sums staðar hafa þjóðernishreyfingar eflst og ný landamæri orðið til en annars staðar hafa landamæri opnast.

### Virk hugmynd

Norðrið hefur frá öndverðu verið til sem virk hugmynd, síbreytileg eftir tímabilum og svæðum, útskýrir Sumarliði. „Grikkir hinir fornu, Rómverjar og síðar kristin kirkja tengdu norðrið við villimennsku en litu svo á að suðrið hefði fóstrað siðmenninguna. Allt fram um 1800 var algengast að líta á íbúa Norður-Evrópu, ekki síst Skandinavíu, sem grimma villimenn og einungis hálfmennska.“

> *Jón brást raunar hart við og slóst við múrarann, enda hafði hann allt aðrar hugmyndir um sjálfan sig en danski múrmeistarinn.*

Sumarliði segir þetta viðhorf til norðursins hafa breyst á 17., 18. og 19. öld. „Smám saman var farið að líta á hið vestur-evrópska norður sem framsækið, menntað, tæknivætt, sterkt og þrautseigt andstætt hinu afturhaldssama, ómenntaða, hvikula og veika suðri. Kynþáttahyggja ófanverðrar 19. aldar og fyrri hluta 20. aldar ýtti undir yfirburðahugmyndir af þessu tagi. Aðdráttarafl norðursins varð jafnvel enn meira fyrir áhrif rómantísku stefnunnar á 19. öld sem samsamaði frelsi, hreinleika og hið háleita norðrinu.“ Að margra mati einkenna þessar hugmyndir enn samskipti norðurs og suðurs í Evrópu og norðurs og suðurs almennt og verða mikilvægt viðfangefni INOR-hópsins.

### Snertiflötur nútímans

Þessi viðhorfsbreyting hafði djúptæk áhrif á stöðu Íslands. Landið og íbúar þess urðu hluti af þjóðfélagsumræðu í Vestur-Evrópu á ofanverðri 19. öld og fyrri hluta 20. aldar. „Ísland var staðurinn þar sem fornar germanskar menningarhefðir og frumkraftar náttúrunnar birtust, eins konar „yfirnáttúrulegur“ staður. Að mörgu leyti hefur þessi afstaða til Íslands sem framandi svæðis lítið breyst allt til þessa dags,“ segir Sumarliði.

Breytt afstaða til Íslands í nálægum löndum hafði áhrif á sjálfsmynd Íslendinga og má segja að forystumenn Íslendinga hafi gert viðhorf umheimsins að sínum, og samtímis opnaði umheimurinn dyr sínar fyrir sjónarmiðum Íslendinga á vissan hátt. Þessi viðhorf urðu meðal annars grunnurinn að þeirri kröfu Íslendinga að þeir ættu tilverurétt sem sjálfstæð þjóð og meginröksemd í sjálfstæðisbaráttunni.

„En umrót undanfarinna áratuga hefur breytt þessum grunni,“ segir Sumarliði. „Landið hefur misst stöðu sína sem eitt hernaðarlega mikilvægasta svæði í heimi, stöðu sem landið hafði í meira en hálfa öld. Samhliða hefur samstarf Norðurlandanna og viðhorf til þess breyst í kjölfar stækkunar Evrópusambandsins. Alþjóðavæðingin hefur opnað dyrnar fyrir erlendu vinnuafli og erlend stórfyrirtæki láta að sér kveða. Loftslagsbreytingarnar hafa líka áhrif á ásýnd norðurslóða og lífshætti þar, auk þess sem nýjar áherslur verða til þegar sérkennum svæðisins er ógnað. Við þessar aðstæður og umrót breytast sjálfsmyndir og viðhorf hópa og þjóða hverra til annarra. Nýjar átakalínur verða til.“

Hér á landi hefur ágreiningur um þessi efni birst á ýmsan hátt. Það á við um umhverfismál, utanríkismál, opinberar þjóðarímyndir, málefni innflytjenda og kynningarmál ferðaiðnaðarins. „Gamalgrónar sjálfsmyndir sem byggja á sjálfsmynd sjálfstæðisbaráttunnar halda þó velli eins og skýrt hefur komið fram í umræðum um útþenslu íslenskra fyrirtækja á erlendri grundu,“ er mat Sumarliða og segir hópinn hafa komist að því að ímyndir Íslands og norðursins eru fjarri því að vera stöðugar og óbreytanlegar.

### Birtingarmyndir

En hvert verður framhald verkefnisins og birtingarmynd þeirrar vinnu? „Rannsóknarhópurinn er að hittast í fyrsta skipti allur nú um helgina og þar munum við leggja línur fyrir framhaldið. Á næstu þremur árum munum við standa fyrir fjórum vinnufundum, útgáfu á tveimur bókum og útgáfu á rannsóknarniðurstöðum í lok verkefnisins. Á árinu 2008–2009 verður fyrirlestraröð, um ímyndir og norðrið. Auk þess verður búið til kynningarefni í myndrænni framsetningu og stefnt að því að bjóða upp á kvikmyndasýningar þar sem ímyndir Íslands verða til umræðu,“ sagði Sumarliði í lokin.

**svavar@frettabladid.is**



**SUMARLIÐI R. ÍSLEIFSSON** Sumarliði er sagnfræðingur í ReykjavíkurAkademíunni. Hann hefur um langt skeið unnið að rannsóknum í sagnfræði, m.a. við iðnsögu Íslands og sögu Stjórnarráðs Íslands og vinnur nú að ritun á sögu ASÍ sem koma á út 2011. Samhliða hefur hann unnið að rannsóknum á ímyndum Íslands og er nú annar tveggja verkefnisstjóra við alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem fékk öndvegisstyrk Rannís í ársbyrjun 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## ÍSLENDINGAR MEÐ AUGUM ÚTLENDINGA

Sumarliði R. Ísleifsson fæddist á Akureyri 4. júlí árið 1955. Hann útskrifaðist með BA-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1984 og Cand. mag-próf í sagnfræði frá sama skóla árið 1986. Hann stundaði framhaldsnám í sagnfræði við háskóla í Árósum og Kaupmannahöfn árin 1988-90.

Sumarliði hefur unnið við ritstörf og rannsóknir frá 1990. Helstu verkefni hans á þeim tíma eru rannsóknir á viðhorfum útlendinga til Íslands frá miðöldum til loka 19. aldar en þær birtust meðal annars í bókinni Ísland, framandi land. Þá ritstýrði Sumarliði og var einn höfunda Sögu Stjórnarráðs Íslands. Hann hefur einnig tekið þátt í ýmsum alþjóðlegum samstarfsverkefnum, meðal annars Konstruktionen af Norden 1700-1830. Dystopi og utopi sem lauk á síðasta ári og nú leiðir hann verkefnið Iceland and images of the North í samvinnu við Daniel Chartier frá Université du Québec à Montréal í Kanada. Fjöldi ritverka auk heimildamynda með sögulegu ívafi liggja eftir Sumarliða. Sumarliði ritstýrir nú og er aðalhöfundur sögu Alþýðusambands Íslands sem koma á út árið 2011.

Sumarliði hefur meðal annars setið í stjórn Félags sagnfræðinema, Sagnfræðingafélagsins, Landsnefnd íslenskra sagnfræðinga, Dante Alighieri, Menningarfélags Íslands og Ítalíu, stjórn ReykjavíkurAkademíunnar, Bókasafns Dagsbrúnar og Ólafsdalsfélagsins.


Polar sænskir eðalvagnar - sjáðu með eigin augum




Breiðustu og best einangruðu húsin á markaðnum. Sænsk og sérhönnuð fyrir norðlægar slóðir.

**Ríkulegur staðalbúnaður,** svo sem sjónvarp, DVD/CD, örbylgjuofn, ísskápur með frysti, bakkskynjari, 110 Watta sólarrafhlaða og Alde hitakerfi í gólfi og rúðum.

Verð frá: 2.799.000 kr.

Útilegumaðurinn er ný sérverslun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útifatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðaðu úrvalið.

**Opið**
**laugardag 10-17**
**sunnudag 12-16**

Fossháls 5-7
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn





Krúsers

# BÍLASÝNING

KRÚSER klúbburinn er eins árs og af því tilefni
höldum við veglega bílasýningu
um helgina 9.-10. júní

**80 bílar á sýningu**




**OPNUNARTÍMI**
Laugardag kl. 10 - 20
Sunnudag kl. 10 - 18








Sýningin er við Smábátahöfnina í Hafnarfirði í Fornubúðum 3 (við hliðina á Mest)

## AÐGANGUR ÓKEYPIS!

Krúsers
Keyrum klassík

N1

N1 STYÐUR KRÚSER KLÚBBINN

2697 / TAKTÍK 8.6.2007

## Sundstaðir sem taka þátt í hátíðinni

Árbæjarlaug
Breiðholtslaug
Grafarvogslaug
Laugardalslaug
Sundhöll Reykjavíkur
Vesturbæjarlaug
Sundlaug Kópavogs
Salalaug, Kópavogi
Sundlaug Garðabæjar
Suðurbæjarlaug, Hafnarfirði
Sundhöll Hafnarfjarðar
Sundlaug Seltjarnarness
Sundlaugin Mosfellsbæ – Varmá
Vatnaveröld Reykjanesbæ
Sundlaugin Vogum
Sundlaug Grindavíkur
Kjalarneslaug
Jaðarsbakkalaug, Akranesi
Sundlaugin í Borgarnesi
Sundlaug Ólafsvíkur
Sundlaug Stykkishólms
Grettislaug á Reykhólum
Sundlaug Suðureyrar
Sundlaugin á Þingeyri
Sundlaug Flateyrar
Sundlaug Bolungarvíkur
Sundlaug Ísafjarðar
Sundlaug Akureyrar
Sundlaugin Laugum í Reykjadal
Sundlaug Húsavíkur
Sundlaugin Egilsstöðum
Sundlaug Eskifjarðar
Sundlaugin Seyðisfirði
Sundlaug Neskaupstaðar
Sundlaug Reyðarfjarðar
Sundlaug Fáskrúðsfjarðar
Sundlaug Stöðvarfjarðar
Sundlaugin Höfn í Hornafirði
Sundlaugin Stokkseyri
Sundlaug Hveragerðis
Sundlaug Vestmannaeyja

# Skelltu þér í

Síminn og SSÍ í samstarfi við sundstaði og sundfélög blása til fjölskylduhátíðar í sundlaugum vítt og breitt um landið í dag. Frítt verður í allar sundlaugar sem taka þátt í hátíðinni. Sundfélög á hverjum stað fyrir sig halda uppi skemmtun og stjórna leikjum frá kl. 13-16. Síminn býður upp á svalandi drykki og gjafir til sundgesta sem veittar verða sem verðlaun fyrir góða frammistöðu í leikjum.

Njótum þess að verja deginum með fjölskyldunni og skemmta okkur saman við heilbrigðan leik og hressandi útiveru.

## Leikir og skemmtun í umsjón sundfélaga kl. 13-16.



ENNEMM / SÍA / NM28081


sund í dag
Frítt í sund í dag
SUNDSAMBAND ÍSLANDS
SSÍ
www.sundsamband.is
Síminn

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.041 **+0,03%**

**Fjöldi viðskipta:711**
**Velta:** 11.175 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ÖSSUR** | +0,95% | **ALFESCA** | -1,60% |
| **TEYMI** | +0,80% | **ICELANDAIR** | -1,08% |
| **ATLANTIC PET.** | +0,65% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -0,61% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,70 -0,54% ... Actavis 84,70 -0,24% ... Alfesca 4,92 -1,60% ... Atlantic Petroleum 1.077 +0,65% ... Atorka 7,98 +0,25% ... Bakkavör 70,30 -0,14% ... Eimskipafélagið 40,70 -0,61% ... FL Group 28,30 +0,00% ... Glitnir 28,05 +0,18% ... Kaupþing 1.082 +0,19% ... Landsbankinn 37,10 +0,00% ... Marel 85,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 20,95 -0,48% ... Össur 106,50 +0,95%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



### Nýjungar fyrir norðan

Saga Capital Fjárfestingarbanki hefur sett á fót Saga Market, sem er markaður fyrir fagfjárfesta og stofnfjáreigendur þar sem þeir geta átt viðskipti með hlutabréf í Saga Capital og með stofnfjárbréf sparisjóða.

Ómar Sigtryggsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta Saga, segir að með þessu vilji félagið koma til móts við þarfir viðskiptavina um aukið gagnsæi stofnfjárbréfa og hlutabréfa í Saga. Þetta fyrirkomulag geti bætt verðmyndun á stofnfjárbréfum en þar hefur fjárfesta oft skort sýn á veltutölur, framboð og eftirspurn.

Fyrstu viðskiptin hafa átt sér stað en þar var miðlað stofnfjárhlutum í Sparisjóði Norðlendinga á genginu 14,1. Einnig hafa átt sér stað viðskipti með hlutabréf í Saga á genginu 1,22 krónur á hlut.

### Veröldin fer í hringi

Í nýju skipulagi Baugs Group vekur eitt og annað athygli. Í framkvæmdastjórn fyrirtækisins eru nú tvær konur, þær Sara Lind, framkvæmdastjóri kynningarsviðs og Þórdís Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjárfestingar í fjölmiðlum og fjarskiptum. Þórdís var stjórnarformaður Dagsbrúnar, en fjarskiptahlutinn varð hennar hlutskipti þegar félaginu var skipt upp í 365 og Teymi. Jón Ásgeir mun nú beina sjónum sínum að framtíðarsýn Baugs Group, auk þess að fara með forystuna í FL Group. Það velta því ýmsir fyrir sér hversu lengi hann muni gegna stjórnarformennsku í 365 og hvort Þórdís mæti aftur á svæðið.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Kauphöll Íslands hefur samþykkt að Landsbanki Íslands verði viðurkenndur ráðgjafi á First North á Íslandi. Landsbankinn verður þar með fyrstur til að fá þetta hlutverk á íslenska markaðnum.

Hlutverk viðurkennds ráðgjafa felst í að vera félagi til ráðgjafar og aðstoðar þegar skráningarferli stendur yfir og ráðgjafi og milliliður í samskiptum við markaðinn meðan bréf félags eru til viðskipta á markaðnum.

Stjórn Glitnis hefur samþykkt kaupréttarstefnu vegna þess sem eftir lifir ársins 2007 og ársins 2008. Kaupréttarsamningar verða gerðir að 550 milljón hlutum við lykilstarfsmenn í bankanum. Kaupréttina má nýta í nokkrum hlutum fram til júní 2010. Kaupréttarverðið er 27,5 krónur.

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# Stjórnin styður ekki Novator

**Stjórn Actavis telur yfirtökutilboð Björgólfs Thors Björgólfssonar í Actavis ekki endurspegla virði félagsins. Stærstu hluthafar þess hafa ekki tekið ákvörðun um hvort þeir ætli að selja sín bréf.**



**ÞRÍR AF FIMM Í STJÓRN ACTAVIS** Sindri Sindrason, lengst til hægri á myndinni, var meðal þeirra stjórnarmanna sem mátu tilboð Novators í Actavis. Þeir telja tilboðið of lágt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stjórn Actavis er opin fyrir viðræðum við Novator og mun taka nýtt tilboð til skoðunar ef það berst. Mat stjórnarmanna er að tilboðið, sem Björgólfur Thor lagði fram í gegnum hið nýstofnaða Novator eignarhaldsfélag ehf., endurspegli ekki raunverulegt virði félagsins og framtíðarmöguleika þess. Tilboðið hljóðaði upp á 0,98 evrur fyrir hlutinn. Það samsvarar um 84 íslenskum krónum á hlut.

Karl Wernersson er annar stærsti hluthafinn í Actavis í gegnum fjárfestingarfélagið Milestone með tæplega sjö prósenta hlut. „Ef stjórnin telur tilboðið of lágt er hugsanlegt að hún hefji viðræður við yfirtökuaðilann. Við lítum á það sem næsta skref í ferlinu og sjáum hvað setur."

Róbert Wessman er bæði forstjóri og stjórnarmaður í Actavis. Hann á rúmlega fjögurra prósenta hlut í félaginu. Hann segist fylgjast vel með framvindu málsins. Hann sé ekki tilbúinn til að segja hvort hann muni eða muni ekki selja sinn hlut í félaginu.

Lífeyrissjóðurinn Gildi á 2,60 prósenta hlut í Actavis. „Stjórnin er sammála því mati okkar að tilboðið sé of lágt. Actavis hefur verið frábær fjárfestingarkostur. Við myndum sjá mjög eftir því ef við þyrftum að fara út," segir Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis. „Við myndum vilja sjá þónokkuð hærra tilboð til að við myndum taka því." Í sama streng tekur Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. „Okkur þótti tilboð Novators í lægri kantinum. Við höfum enga ákvörðun tekið enn og erum með málið í skoðun." LSR á tæplega tveggja prósenta hlut í Actavis.

Þeir stjórnarmenn í Actavis sem lögðu mat á tilboðið voru þeir Sindri Sindrason, Magnús Þorsteinsson og Baldur Guðnason. Við mat sitt leitaði stjórnin til alþjóðlegs banka eftir faglegu áliti. Vegna samningaskilmála þeirra á milli fæst ekki upp gefið hvaða banki það er. Enginn stjórnarmannanna þriggja var tilbúinn til að rökstyðja ákvörðun sína í gær.

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Novators, segir félagið skorta upplýsingar til að tjá sig frekar um álit stjórnarinnar og næstu skref. „Okkur hefur ekki gefist tækifæri til að ræða við stjórn Actavis. Yfirlýsingin frá henni er ekki mjög ítarleg. Þar kemur ekki fram hvaða forsendur liggi að baki ákvörðuninni. Við munum skoða stöðuna þegar þær upplýsingar liggja fyrir."

**holmfridur@frettabladid.is**

REYKJANESBÆR

TÓNLISTARSKÓLI REYKJANESBÆJAR

OKKUR VANTAR TÓNLISTARKENNARA!

**TÓNLISTARSKÓLA REYKJANESBÆJAR VANTAR KENNARA Í EFTIRTALIN STÖÐUGILDI FRÁ OG MEÐ NÆSTA SKÓLAÁRI:**

Klarinet 60% starf
Raf-gítar 80 – 90% starf
Raf-bassi 70% starf í forfallakennslu til jóla

Tónlistarskóli Reykjanesbæjar er einn af stærstu tónlistarskólum landsins. Þar fer fram metnaðarfullt skólastarf með fjölbreyttu námsframboði.

Í skólanum eru starfræktar lúðrasveitir, léttsveit og nokkur rytmísk samspil. Við bæði blásaradeildina og rytmískudeildina starfa sérstakir deildarstjórar og vinna þessar deildir mjög náið saman.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi FT/FÍH og Launanefndar sveitarfélaga. **Umsóknarfrestur er til 23. júní.** Umsóknum skal skilað á skrifstofu skólans, Austurgötu 13, 230 Reykjanesbæ. Einnig er bent á rafrænar umsóknir á *reykjanesbaer.is.*

Nánari upplýsingar um starfið veitir Haraldur Árni Haraldsson, skólastjóri eða Karen J. Sturlaugsson, aðstoðarskólastjóri, í síma 421 1153 á dagvinnutíma.

**Starfsþróunarstjóri.**

Fræðslusvið

... reykjanesbaer.is

# Forstjóraskipti í Baugi Group

## Jón Ásgeir verður starfandi stjórnarformaður Baugs en Gunnar Sigurðsson forstjóri. Stoðir fara á markað.

Jón Ásgeir Jóhannesson hefur látið af störfum sem forstjóri Baugs en gerist starfandi stjórnarformaður félagsins með það fyrir augum að gera sókn Baugs á alþjóðavettvangi enn skilvirkari. Jafnframt verður hann stjórnarformaður FL Group þar sem Baugur er meðal stærstu hluthafa.

Við starfi Jóns Ásgeirs tekur Gunnar Sigurðsson, framkvæmdastjóri fjárfestinga Baugs í Bretlandi. Jafnframt verða talsverðar breytingar á yfirstjórn Baugs.

„Þetta er gert til að styrkja stjórnun félagsins. Við erum að breikka hópinn sem kemur til með að leiða félagið áfram. Í framhaldinu ætlar félagið að einbeita sér enn meira á það að vera fjárfestir í verslunarrekstri," segir Gunnar. Hann telur að engin stökkbreyting verði á daglegri starfsemi félagsins við þessar breytingar. „Þetta er rökrétt skref að búa til umhverfi þannig að Jón Ásgeir geti einbeitt sér að því að fullu að vinna að framtíðarstefnu Baugs og daglegur rekstur verði meira í mínum höndum."

Stefán H. Hilmarsson verður aðstoðarforstjóri og veitir áfram fjármálasviði félagsins forstöðu.

Skarphéðinn Berg Steinarsson, sem fór fyrir eigna- og fjárfestingasviði Baugs, tekur við starfi forstjóra nýs félags, Stoða Group, þar sem Baugur er meirihluta eigandi. Innan veggja Stoða munu verða eignarhlutir Baugs í Fasteignafélaginu Stoðum og fasteignafélögunum Keops og Nordicom. Eigið fé Stoða verður aukið um fjörutíu milljarða króna og er stefnt að skráningu á OMX á næstu tólf mánuðum. Skarphéðinn lætur af stjórnarformennsku í FL en situr áfram í stjórn þess og Glitnis.

Þá setjast fjórir nýir framkvæmdastjórar, þau Jeff Blue, Eiríkur Jóhannsson, Þórdís Sigurðardóttir og Sara Lind Þorsteinsdóttir, í framkvæmdastjórnina. Gunnar segir að auk þess að styðja þau fyrirtæki sem félagið hefur fjárfest í til áframhaldandi vaxtar verði áfram leitað nýrra tækifæra á núverandi mörkuðum og nýjum svæðum. Baugur hefur fjárfest í fasteignum í Indlandi og horfir til verkefna í Bandaríkjunum og Kína.

Baugur er stærsti hluthafinn í 365 hf., útgáfufélagi Fréttablaðsins.

**eggert@frettabladid.is**



# CISAL WAVE

## Ítölsk nútímahönnun, tækni og gæði

egg afsláttur 25%



**25% afsláttur**

**Damixa,** blöndunartæki,
8000510 / 8000310

egg afsláttur 25%



**14.925**
Var 19.900

**Damixa, Arc,** blöndunartæki
8000440

egg afsláttur 20%



**22.425**
Var 29.900

**Hey Joe,** blöndunartæki
8008000

egg afsláttur 20%



**29.925**
Var 39.900

**Love My,** blöndunartæki
8008050

egg afsláttur 25%



**26.752**
Var 35.669

**Ido,** handlaug, 43 sm
8076017

egg afsláttur 25%



**35.175**
Var 46.900

**Art Ceram, Wall mini,** handlaug
8071031

egg afsláttur 25%



**32.175**
Var 42.900

**Art Ceram, Fuori box,** handlaug
8070995

egg afsláttur 25%



**25.425**
Var 33.900

**Art Ceram, Long way,** handlaug
8070996

*Verð á handlaugum eru án blöndunartækja

# MACRO

## Stílhreinir sturtuklefar í úrvali





egg afsláttur 30%



**3.378**
Var 4.825

**Smedbo,** handklæðahringur
8057420

egg afsláttur 30%



**3.063**
Var 4.375

**Smedbo,** klósettrúlluhaldari
8057400

egg afsláttur 30%



**3.803**
Var 5.433

**Smedbo,** sápuskál
8057408

egg afsláttur 30%



**3.317**
Var 4.739

**Smedbo,** tannburstaglas
8057410

*Tilboðin gilda ekki á stjörnumerktum vörum

www.egg.is

EGG
SMÁRATORGI

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ótti bíleiganda á ferð er hvar má leggja í stæði – ókeypis.

## Finnum stæði

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Einn af mörgum borgarstjórum Reykjavíkur stóð svellkaldur á hverfafundi: Vitið þið hvað það eru mörg bílastæði á Reykjavíkursvæðinu? Fundurinn þagði þrjóskulega enda nýbúið að nöldra talsvert um skort á bílastæðum í hverfinu. Borgarstjórinn gaf sér dramatíska kúnstpásu: Það eru ein miljón bílastæði í Reykjavík – vitið þið hvað það kostar sveitarfélögin?“

Það var fyrir hendingu frekar en slysni að Reykjavík varð amerísk bílaborg og úthverfin – nágrannabyggðir fyrirgefið – öpuðu það eftir. Í Bandaríkjunum eru menn að vakna við vondan draum: samanlögð stæði þar í landi leggja undir sig ríkið Connecticut. Bílarnir eitra borgirnar, sjúga krafta úr atvinnulífi og opinberri þjónustu. Akbrautir og bílar heimta meira og meira til sín af plássi og orku.

Í borgum Evrópu eru menn teknir að loka hverfum fyrir umferð eða selja inn aðgang. Í Reykjavík treður bíllinn sér inn í garðana. Borgin gefur tvö stæði við götu svo húseigandi geti keyrt inn í garðinn sinn. Húseigendum er gert að borga fyrir bílastæði, atvinnurekstur þarf flennistæði við hús sín. Bílastæðin kosta og á endanum borgar almenningur brúsann.

Vestanhafs hafa róttækir frjálshyggjumenn bent á að afnema beri ókeypis bílastæði – alveg. Það dragi úr óþarfa umferð: þar eru 87 prósent umferðar á einkabílum og erindisleysur þrífast vegna ókeypis stæða. Þar verða menn að finna ráð til að draga úr umferð sem kostar samfélagið gríðarlegar fjárhæðir: ókeypis bílastæði vestra kosta jafn mikið og heilsugæsla og landvarnir ár hvert.

Meirihluti sjálfstæðismanna í borgarstjórn Reykjavíkur snerist í umferðarmálum á einni nóttu: um leið og ábyrgðin skall á þeim fattaði liðið að bílaborgin Reykjavík er í vanda. Þegar borgarbúar við tilteknar götur geta krafið sveitarfélag um skaðabætur vegna loftmengunar er ástandið orðið alvarlegt. Raunar er að finna talsverða forsjárhyggju í umferðarkerfinu þegar: þegar einstefna er sett á hluta Vesturgötu að kröfu íbúa er umferðinni beitt annað. Einstefnukerfið er stýritilraun – forsjárhyggja hét það einu sinni.

Gjaldtaka á öllum stæðum er réttindamál þeirra skattborgara sem ekki fara um á bíl. Það er sjálfsagt að gefa fyrirtækjum sjálfsvald um hvort þau heimta stöðugjöld við hús sín. Víða er það endurgreitt við kaup á vörum eða þjónustu. Hvers vegna skyldu fyrirtæki leggja í mikinn og óendurkræfan kostnað svo starfsmenn þeirra geti geymt bíl sinn daglangt á lóðum þeirra? Eru það ekki fríðindi sem meta verður til tekna?

Rými í borginni er gæði – rými til að anda að sér hreinu lofti, geta hleypt yngstu borgurunum út án þess að þeir búi við stöðuga lífshættu af ofsaakstri bílstjóra. Stæði við heimili eru sums staðar seld, annars staðar keypt í upphafi hússins. Það er ein lausn á vaxandi umferðarvanda í Reykjavík og víðar að hugsa stæðaleigu upp á nýtt og í samræmi við annað verð á plássi. Það gæti dregið úr umferð sem verður að gera, dregið í látlitlum fasteignum fyrir bíla sem verður að linna.

Og hvað á þá borgin að gera við öll bílastæðahúsin sín – hvers vegna á sveitarfélag að reka bílageymslur? Þau má selja til einkaaðila. Þessi gæði eiga menn að greiða fyrir eftir efnum og ástæðum, erindi og erindisleysum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Frú forseti!

Stundum er betra að hafa auga í hnakkanum, til að sjá hvað er að gerast í kringum sig. Að minnsta kosti hefði Illugi Gunnarsson þegið eitt slíkt í fyrradag þegar hann hélt ræðu á Alþingi. Þegar ræðan hófst var Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir með fundarstjórnina, en í miðri ræðu, án þess að Illugi tæki eftir, tók Sturla Böðvarsson við stjórninni. Illugi ávarpaði því Sturlu sem „frú forsteti“ án þess á fá skömm í hattinn frá Sturlu. Yfir daginn var þetta þó jafnað út, því Ásta Ragnheiður fékk einnig að heyra að hún væri „herra forseti“.



### „Guðni“ svífur yfir vötnum

Þrátt fyrir að nafn Guðna Ágústssonar sé hvergi nefnt í viðtali Örnu Schram við Finn Ingólfsson í Viðskiptablaðinu á föstudag má með sanni segja að nafn hans svífi þar yfir vötnum þegar Finnur talar um ábyrgð stjórnmálamanna og að endurnýjun í Framsókn sé ekki möguleg þar sem „aðrir“ sem hafi verið þar mjög lengi sitji fyrir á fleti. Annars sýnir Finnur prýðilega pólitíska takta í viðtalinu með því að svara helst engri spurningu en segja þó eitthvað. Til dæmis er hann spurður að því hvort hann hafi aldrei litið á Björn Inga Hrafnsson sem erfðaprins Framsóknarflokksins sem Finnur svarar svo: „Erfðaprinsarnir eru örugglega margir, hann á örugglega framtíðina fyrir sér í flokknum.“ Það væri kannski hægt að ráða túlkunarfræðing til starfa við blaðið og endurbirta viðtalið í næstu viku, séð með augum túlksins.



### Er hann með kvóta?

Pétur Gunnarsson segir frá því á bloggsíðu sinni í gær að tveir ráðherrar, þeir Össur Skarphéðinsson og Einar K. Guðfinnsson, séu nú á ferð um Vestfirði til að kynna sér stöðu og horfur. Meðal annars hafi verið á áætlun að heimsækja Grím Atlason, bæjarstjóra í Bolungarvík, en Grímur var þá ekki heima; hann var farinn á sjó á handfæraveiðar.

svanborg@frettabladid.is

## Í nýju kompaníi



ELLERT B. SCHRAM

Í DAG | Þingseta

Í þingsetningarræðu sinni lét forseti Íslands þess getið að nú væru þeir allir horfnir af vettvangi sem hefðu verið með honum á þingi. Ég kleip mig í handlegginn til að kanna hvort ég væri ekki þar sem ég var. Eða væri ekki ég. Mundi sem sagt ekki betur en að við Ólafur Ragnar hefðum verið samferða á þingi fyrir margt löngu.

En ég fyrirgaf honum gleymskuna enda vorilmur í lofti, heit golan og sólin skein í heiði. Það var bjart yfir þessu öllu og enda þótt þingmennirnir kynnu ekki að ganga í takt og gleymdu að rísa úr sætum þegar forsetinn gekk úr þingsal, þá var samskonar spenna og eftirvænting í öllum sem þarna vorum mættir og mér líka. Jafnvel þótt ég hafi upplifað þetta allt saman mörgum sinnum áður. Auk þess var ég pínulítið stoltur að vera kominn á þing aftur, þrjátíu og sex árum eftir ég settist þar fyrst. Löngu fyrir daga forsetans, svo ég stríði honum obbulítið. Raunar eru þau orðin fjörutíu og sex árin, síðan ég gerðist heimavanur í þinghúsinu. Veturinn 1961-62 var ég þingfréttaritari Vísis og fékk sem slíkur að sitja þingflokksfundi hjá Sjálfstæðisflokknum. Flokkurinn átti blaðið.

Þarna sátu þeir Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson og enn voru á þingi, kappar eins og Einar Olgeirsson og Hermann Jónasson. Og nú er ég kominn aftur og sat innan um unga og glæsilega nýliðana sem skrifuðu undir eiðstafinn. Sumir þeirra voru ekki einu sinni fæddir þegar ég var sjálfur í þeirra sporum. Og svo heilsaði ég upp á mann og annan, allir voru kátir og kurteisir og manstu gamla daga og svo voru borðaðar pönnukökur á eftir og þetta var eins og að koma aftur heim í heiðardalinn. Nema nú eru komnir farsímar og tölvur og sjónvarpið er ekki lengur svart/hvítt og ég er fulltrúi fyrir annan flokk og vegurinn að heiman er ekki lengur vegurinn heim.

*Og nú er ég kominn aftur og sat innan um unga og glæsilega nýliðana sem skrifuðu undir eiðstafinn. Sumir þeirra voru ekki einu sinni fæddir þegar ég var sjálfur í þeirra sporum.*

Stundum er talað niður til alþingis og kannski eru þingmennirnir sjálfum sér verstir í orðbragði og málæði og svo birtast myndir úr þingsal, þar sem varla sést nokkur maður og almenningur spyr: hver í fjandanum er þetta fólk ekki í vinnunni? Það gleymist að láta þess getið að starfið fer ekki alltaf fram í þingsalnum sjálfum eða fyrir opnum tjöldum. Öðru nær. Þingmenn sitja nefndafundi, lesa sig til, mæta hjá hagsmunasamtökum, skrifa ræður eða greinar, hitta kjósendur og þurfa heldur ekki alltaf að vera sýnilegir eða önnum kafnir. Það þarf líka að hugsa. Og vera einn með sjálfum sér. Mynda sér skoðun, hafa hugmyndir, sinna verkefnum, safna hugrekki og þekkingu til að taka afstöðu. Magnús frá Mel sagði mér einu sinni að hann fengi sér alltaf blund um miðjan dag. Þannig fékk hann hvíldina til að láta að sér kveða. Ég hef enn ekki haft vit á því að fara að hans ráðum!

Það er líka gaman að líta yfir hópinn á þingi og sjá hvað þar er margt af efnilegu fólki. Í öllum flokkum. Metnaðarfullum, vel menntuðum og vel gerðum einstaklingum. Það er töggur í þessu unga fólki. Það á framtíðina fyrir sér. Ég er ekki að mæla með því að það sitji of lengi, en meðan það er glampi í augum þeirra og fjaðurmagn í göngulaginu, þá er engu að kvíða. Það spjarar sig og verður sjálfum sér og þjóðinni til sóma. Ég er satt að segja undrandi hissa hversu margt fólk nennir ennþá að gegna svona starfi. Vera sífellt í sviðsljósinu og undir mælikeri gagnrýninnar. Eiga á hættu að missa jobbið eftir fjögur ár. Af hverju ekki að setjast í öruggan stól embættismannsins eða þjónustufulltrúans og geta farið heim klukkan fimm? Er það svo eftirsóknarvert að vera sífellt að hafa vit fyrir öðrum, sitja leiðinlega fundi, vera skotspónn háðs og skamma? Vera almenningseign?

Og svo gerist það einn daginn að þú hættir og hverfur af sviðinu og situr uppi með það að tuttugu eða þrjátíu árum seinna man sjálfur forsetinn ekki einu sinni eftir því að þú hafir verið þarna. Ekki einu sinni þótt þú komir aftur!

## Innritun í framhaldsskóla

UMRÆÐAN

Framhaldsskólar



ÞÓRDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

Innritun í framhaldsskólana stendur yfir til 11. júní næst komandi. Stóra spurningin til unga fólksins er þessi: „Í hvaða framhaldsskóla ætlar þú?“ Því fer fjarri að allir umsækjendur á höfuðborgarsvæðinu hafi slíkt val.

Þeir framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu, sem bjóða eingöngu upp á bóknámsbrautir til stúdentsprófs (hér kallaðir „bóknámsskólar“), fá umsóknir frá mun fleiri nemendum en þeir hafa pláss fyrir. Þessir skólar hafa farið þá leið að taka inn nemendur eftir einkunnum. Til að eiga möguleika á inngöngu, þurfa umsækjendur að hafa háar einkunnir (heyrst hefur 7,5 til 8,0 í samræmdum prófum). Umsækjandi með einkunnir undir 7,0, á litla sem enga möguleika á því að komast í bóknámsskólana. Ef hann sækir eingöngu um þessa skóla, þvælist umsóknin um kerfið og endar á borði menntamálaráðuneytisins sem finnur nemandanum skóla þvert á óskir hans.

Framhaldsskólar sem bjóða upp á bæði bóknámsbrautir til stúdentsprófs og starfsnámsbrautir, taka við fjölbreyttum hópi nemenda. Allflestir þeirra eru með lægri einkunnir en 7,0. Í þessum hópi eru nemendur með námserfiðleika af ýmsum toga, svo sem dyslexíu, athyglisbrest og ofvirkni. Prófkvíðnir einstaklingar sem ekki gátu komið þekkingu sinni til skila í samræmdum prófum. Nemendur af erlendum uppruna. Nemendur með langvinna sjúkdóma. Nemendur sem þurfa að vinna fyrir sér með námi. Börn foreldra sem ekki eru í stakk búnir til þess að aðstoða þau með heimanám þegar komið er á framhaldsskólastig. Og svo má lengi telja. Myndarlegt og hæfileikaríkt ungt fólk sem vill ná árangri í lífinu.

Að stéttskipta nemendahópnum stangast á við það grundvallarmarkmið skóla, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi. Ég vil hvetja verðandi framhaldsskólanema og forráðamenn þeirra að kynna sér vel mismunandi kröfur skóla og möguleika á skólavist. Upplýsingar á menntagatt.is, um inntökuskilyrði á námsbrautir, segja ekki nema tæplega hálfan sannleikann.

*Höfundur er náms- og starfsráðgjafi hjá Fjölbrautaskólanum við Ármúla.*

emmessís

# GELATO FROST BRÆÐINGUR

Ís sem bræðir hjörtu!



# Ný upplifun á Íslandi!

Ísbúðin Álfheimum býður í fyrsta skipti á Íslandi upp á hinn einstaklega ljúffenga Gelato-frostbræðing sem hefur farið sigurför um heiminn.

Á matseðli okkar eru 12 frábærir ísréttir sem þú getur valið úr. Einnig getur þú valið uppáhalds ítalska Gelato-ísinn þinn – við blöndum hann og bætum síðan út í ávöxtum og öðru góðgæti. Hvora leiðina sem þú velur verður útkoman ný, stórkostleg upplifun fyrir þá sem elska þann unað sem góður ís getur veitt.




Þú kemur til okkar í Álfheima 2 ...



... við útbúum Gelato-frostbræðinginn þinn ...



... og þú nýtur!

ÍSBÚÐIN ÁLFHEIMUM




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 37907 06/07

## Toyota – það er komið sumar

Toyota heilsar sumrinu um helgina með árlegri sumarsýningu. Þar gefst tækifæri til að sjá og reynsluaka nýjum gerðum af Toyota og kynnast þannig af eigin raun ýmsum spennandi endurbótum og tækninýjungum í bílaflota Toyota. Léttar veitingar í boði.

**Gjafabréf* fyrir tvo til Evrópu með Icelandair fylgja völdum bílum.**

Opið í dag laugardag kl. 12-16 og sunnudag 13-16.

Við hlökkum til að sjá ykkur.

*Flugvallarskattar ekki innifaldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi<br>Nýbýlavegi 4<br>Kópavogur<br>Sími: 570-5070 | Toyota Akureyri<br>Baldursnesi 1<br>Akureyri<br>Sími: 460-4300 | Toyota Selfossi<br>Fossnesi 14<br>Selfoss<br>Sími: 480-8000 | Toyota Austurlandi<br>Miðási 2<br>Egilsstaðir<br>Sími: 470-5070 |

www.toyota.is




TODAY TOMORROW TOYOTA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

FORMÚLUFERÐIR



Silverstone
6.–9. júlí.

Þeir sem fylgjast með Formúlunni eru sammála um að Silverstone brautin sé ein sú skemmtilegasta í mótaröðinni. Í fyrra sýndi Alonzo á Renault mikla yfirburði, en á Silverstone getur allt gerst. Skelltu þér út og fylgstu með Massa, Räikkönen, heimamanninum Coulthard og öllum hinum reyna með sér á brautinni. Gist verður á St. Giles sem er staðsett í miðborg London og farið í rútu til Silverstone. Ferðalöngum gefst því líka kostur að njóta lífsins í stórborginni London.



Verð á mann í tvíbýli
98.900 kr.
Innifalið: Flug og skattar, rúta til og frá Silverstone, gisting á St. Giles í London í 3 nætur, morgunverður og miði á kappaksturinn.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express
Express Ferðir, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 900 100

MAÐUR VIKUNNAR

# Glöggur og þrautgóður

Tilviljun réð því að Kristján Erlingsson var á landinu þegar áfallið dundi yfir Flateyringa í lok síðasta mánaðar. Hann býr í Úganda en var á Íslandi til að sækja ráðstefnu um þróunarmál og halda upp á hundrað ára afmæli ömmu sinnar, Maríu Jóhannesdóttur á Flateyri. Kristján hefur verið með annan fótinn þar frá blautu barnsbeini og rann blóðið til skyldunnar. Hann keypti fasteignir Fiskvinnslunnar Kambs og ætlar að kappkosta að sem flestir starfsmenn fyrirtækisins haldi vinnunni.

Kristján er fæddur á Flateyri 1. desember 1962 en flutti til Reykjavíkur með móður sinni eins árs gamall. Steig sín fyrstu skref á Bárugötu en gekk menntaveginn í Seljaskóla, Hlíðaskóla og Menntaskólanum við Hamrahlíð. Á sumrin lá leiðin ávallt til Flateyrar; þrettán ára fór hann að vinna í fiskvinnslu Einars Odds Kristjánssonar, sem situr nú á þingi, en alltaf hefur verið kært með þeim frændum. Að loknu stúdentsprófi fór Kristján í viðskiptafræði við Háskóla Íslands en flutti vestur á Flateyri áður en hann lauk námi, til að koma á fót skelfisksvinnslunni með Einari frænda sínum. Hugur hans stóð lengi til að ljúka viðskiptafræðinni en iðulega settu önnur verkefni strik í reikninginn.

Á Flateyri kynntist Kristján konu sinni, Lesley Wales, en hún er frá Suður-Afríku. Þau komu sér upp heimili á Flateyri og eignuðust tvíburana Jóhönnu og Catherine árið 1994. Í kjölfar snjóðflóðsins sem reið yfir þorpið árið 1995 voru varnargarðar reistir yfir eyrinni. Þau hús sem voru utan garðsins voru lýst á hættusvæði. Þar á meðal var heimili Kristjáns og Leslie og gerði það meðal annars að verkum að þau fóru að hugsa sér til hreyfings. Tveimur árum síðar bauðst Lesley starf hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsa í Úganda. Þau tóku slaginn og fluttu frá Vestfjörðum til Austur-Afríku ásamt dætrum sínum og hafa búið þar síðan.

Í Úganda stofnaði Kristján útflutningsfyrirtækið Icemart Africa. Í dag er það stærsta fyrirtækið á sínu sviði þar í landi. Í fyrra flutti það meira en fimmtán þúsund tonn af ferskum afurðum frá Afríku til Evrópu; fisk, grænmeti og afskorin blóm.

Þeim sem þekkja Kristján koma í hug orð á borð við góðmennska, höfðingsskapur og dugnaður þegar þeir eru beðnir að lýsa honum. Hann þykir naskur að koma auga á ný tækifæri og möguleika. Þá er hann sagður hafa mikið úthald og miklar það ekki fyrir sér að hlutirnir taki tíma. Sem dæmi nefnir vinur hans þegar hann ók á gömlum Trabant frá Reykjavík vestur í Borgarfjörð til að fara á ball. Er haft í flimtingum að sjaldan hafi nokkur lagt jafn mikið á sig til að komast á dansleik. Kristján kann best við að takast á við miklar áskoranir, jafnvel vera öfganna á milli. Það hafi hann sýnt á Flateyri og í Úganda. Honum líður best að kvöldi dags eftir að hafa leitt verkefni dagsins til lykta. Hann er þó ekki vinnualki; setur starfið ekki í forgang fram yfir fjölskylduna.

Hann er mikill áhugamaður um viðskipti og þróunarmál. Eftir að hafa búið í Afríku í áratug þekkir hann vandræði álfunnar frá fyrstu hendi og hefur sterkar skoðanir á þróunarmálum. Honum þykir hugmyndir Vesturlandabúa um Afríku oft á tíðum yfirborðskenndar og byggjast á vanþekkingu. Fyrir utan það er ekki vitað til þess að Kristján eigi sér nein sérstök áhugamál. Hann er þó sagður slarkfær í knattspyrnu og fer stundum á völlinn þegar tækifæri gefst.

Kristján hefur áhuga á heimspeki og pólitík. Rétt eins og Einar móðurbróðir sinn hefur Kristján sterkar pólitískar skoðanir og þykir talsvert lengra til hægri en sá gamli. Hann talar tæpitungulaust um þjóðfélagsmál, hefur lítið álit á „sósíalísku miðjumoði“ og getur runnið í skap ef hann þrætir við einhvern á öndverðum meiði. Langrækni er aftur á móti ekki til í honum, að sögn vina. Hann er höfðingi heim að sækja, veitir vel og þykir gaman að fá vini og ættingja í heimsókn.

Helsti löstur Kristjáns er sá að hann „reykir eins og síðutogari“, eins og vinur hans komst að orði. Hann hefur oft talað um að hætta en lítið orðið um efndir.

Fjölskyldan hefur komið sér vel fyrir í Úganda og sýnir ekki á sér neitt fararsnið. Vinir hans og vandamenn benda hins vegar á að þótt hann búi í Afríku liggi ræturnar djúpt vestur í Önundarfjörð.

## KRISTJÁN ERLINGSSON



### ÆVIÁGRIP

Kristján Erlingsson er fæddur á Flateyri á fullveldisdaginn 1962. Foreldrar hans eru Jóhanna Guðrún Kristjánsdóttir og Erlingur Halldórsson. Kristján var ársgamall þegar móðir hans flutti til Reykjavíkur. Hann hefur þó ávallt verið með annan fótinn á Flateyri og hefur það lengi verið hans annað heimili. Á sumrin og um jólin dvaldi hann jafnan hjá ömmu sinni, Maríu Jóhannesdóttur. Á unglingsaldri vann hann við fiskvinnslu á Flateyri fyrir móðurbróður sinn, Einar Odd Kristjánsson alþingismann.

Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð lá leiðin í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Hann flutti til Flateyrar áður en hann brautskráðist og tók þátt í skelfisksverksmiðju móðurbróður síns. Fyrir vestan kynntist Kristján eiginkonu sinni, Lesley Wales, frá Suður-Afríku. Þau bjuggu á Flateyri til ársins 1997 en fluttu þá til Úganda. Kristján og Leslie eiga tvær dætur, tvíburana Jóhönnu og Catherine, sem eru á þrettánda ári.

### VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Kristján rekur stærsta flugfragtfyrirtækið í Úganda, Icemark-Africa Limited. Fyrirtækið flytur fimmtán þúsund tonn af varningi milli Afríku og Evrópu á hverju ári, aðallega ferskan fisk, grænmeti og afskorin blóm. Kristján og fjölskylda eiga eignarhaldsfélagið Oddatá ehf. sem hefur keypt fasteignir fiskvinnslunnar Kambs á Flateyri og hyggst halda fiskverkun þar áfram.

### HVAÐ SEGIR HANN?

„Á endanum ákvað ég að kaupa þetta, aðallega vegna þess að óvissan sem þarna var uppi gengur ekki upp. Það er gríðarleg eftirspurn eftir starfsfólki Kambs í öðrum sveitarfélögum og ófært að bíða lengi í óvissu. Hugsunin var að lýsa því yfir að að það yrði haldið áfram atvinnustarfsemi í þorpinu.“

Viðskiptablaðið 8. júní 2007.

### HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hann er ótrúlega duglegur. Hann fer til Úganda, lands sem er svo til án lögmála og landmæra, og byggir upp stærsta fyrirtækið á sínu sviði þar í landi. Það á hann fyrst og fremst eigin dugnaði að þakka.“
Brynhildur Einarsdóttir, frænka Kristjáns.

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

# Fyrstu nemendurnir með fullnaðarpróf í lögfræði

**UMRÆÐAN**

Laganám við HR



DAVÍÐ ÞÓR BJÖRGVINSSON

Í dag verða merk tímamót í sögu lagamenntunar á Íslandi, en þá útskrifar Háskólinn í Reykjavík fyrstu lögfræðingana með fullnaðarpróf í lögfræði eftir 5 ára háskólanám. Með þessum áfanga er brotið blað í þessari sögu, enda hefur Háskóli Íslands frá stofnun hans 1911 (Lagaskólinn frá 1908) einn sinnt menntun lögfræðinga í landinu.

Varla verður um það deilt að tilkoma lagadeildar HR hefur valdið straumhvörfum í lagamenntun á Íslandi. Í fyrsta lagi er uppbygging grunnnámsins (BA námsins) í mörgum atriðum frábrugðin því sem var fyrir. Munurinn felst einkum í því að teknar voru í grunnnámið ýmsar greinar sem eingöngu höfðu verið hluti af valnámskeiðum á meistarastigi í HÍ. Má þar nefna Evrópurétt, félagarétt, samkeppnisrétt, hugverkarétt, verðbréfamarkaðsrétt og þjóðarétt. Aðrar greinar, sem hefðbundið var að líta á sem hluta af grunnnámi, hlutu þá að minnka að umfangi, eða, eftir atvikum, nemendum gefinn kostur á að leggja frekari stund á þær í meistaranámi stæði hugur þeirra til þess. Hvað sem líður ágreiningi um „rétta“ samsetningu grunnnáms í lögfræði er ljóst að þessar áherslubreytingar voru eðlilegar þegar breytt starfsumhverfi lögfræðinga er haft í huga. Engin rök eru til að ætla, eins og stundum hefur verið gefið í skyn, að þessar breytingar muni á einhvern hátt rýra getu lögfræðinga sem útskrifast frá HR, til að sinna hefðbundnum störfum dómara, lögmanna eða lögfræðinga í stjórnsýslunni. Fremur er ástæða til að ætla hið gagnstæða.

Í öðru lagi varð tilkoma lagadeildar HR einnig til að þess að hvetja þá til sóknar sem fyrir sinntu lagamenntun á Íslandi. Þótt mönnum hafi kannski í fyrstu brugðið við samkeppnina verður ekki um það deilt að heildaráhrif hennar hafa verið jákvæð fyrir alla, ekki síst lagastúdenta á Íslandi. Stundum er því fleygt meðal lögfræðinga, að það besta sem komið hafi fyrir þeirra gömlu deild í áratugi hafi verið tilkoma lagadeildar HR. Áhrifin koma fram í fleiri valkostum fyrir þá sem vilja leggja stund á lögfræði á Íslandi, bættum kennsluháttum og auknu framboði á námskeiðum og fræðafundum og stórauknum metnaði við fræðistörf. Tilkoma lagakennslu við Háskólann á Bifröst og Háskólann á Akureyri eykur á fjölbreytni þessarar flóru.

Lagadeild Háskólans í Reykjavík er ung að árum. Á skömmum tíma hefur tekist að byggja upp laganám sem að gæðum og umfangi er í fremstu röð á Íslandi. Deildin hefur á að skipa föstum kennurum sem uppfylla kröfur um menntun og framlag til fræðimennsku sem í raun eru meiri en þær sem lengst af hafa verið gerðar við ráðningu í fastar kennarastöður við lagadeild HÍ. Þeir, ásamt fjölda stundakennara með mikla lögfræðilega reynslu, hafa góðar forsendur til að veita nemendum sínum menntun í fremstu röð.

Munu fyrstu nemendurnir sem nú útskrifast með fullnaðarpróf í lögfræði verða því til sönnunar.

Það er þó ekki lokamarkmið að standast innlendan samanburð. Það er aðeins áfangi á leiðinni og hefur honum þegar verið náð. Markmiðið hlýtur auðvitað að vera að byggja upp lagadeild sem stenst alþjóðlegan samanburð, þar sem áhersla verður lögð á að rækta vitund nemenda og fastra kennara um stöðu sína í slíkum samanburði fremur en innlendum. Í því liggja tækifærin til frekari þroska og viðgangs lögfræðinnar á Íslandi. Á þau hefur lagadeild HR sett stefnuna.

*Höfundur er dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og prófessor við lagadeild HR.*

## BLOGG.VISIR.IS

### Viðskiptabankar á eftir Davíð, Eiríki og Ingimundi??

Helgi S. Guðmundsson, formaður bankaráðs Seðlabankans, útskýrði fyrir almenningi að ástæðan fyrir því að bankastjórar Seðlabanka Íslands fengu 200.000 króna launahækkun væri sú að: „Hörð samkeppni er um hæft starfsfólk á meðal fjármálastofnana sem kemur ekki á óvart eins hratt og umsvif íslenskra banka hafa vaxið.“



Það er sem sagt nauðsynlegt að hækka laun Davíðs Oddssonar, Eiríks Guðnasonar og Ingimundar Friðrikssonar því það er samkeppni um hæft starfsfólk í fjármálageiranum. Gott væri ef Helgi S. Guðmundsson, formaður bankaráðs Seðlabankans, upplýsti þjóðina um hvaða viðskiptabankar hafa verið að bera víurnar í þá Davíð, Eirík eða Ingimund. Eða býst Helgi bara við að viðskiptabankarnir muni reyna að tæla þá þremenninga til sín?

**Steingrímur Sævarr Ólafsson**
http://blogg.visir.is/denni

### Besta mynd sem ég hef séð lengi

Ég mæli eindregið með þýsku myndinni Das Leben der Anderes (Líf annarra). Í henni fær áhorfandinn meðal annars innsýn inn í það hvernig leyniþjónusta Austur-Þýskalands (Stasi) starfaði, þegar kommúnisminn réð ríkjum í Sovétríkjunum og Austur-Evrópu.



Hún lýsir líka fallegu sambandi austurþýsks pars og segir frá Stasimanni, sem fær það verkefni að njósna um þau dag og nótt. Í myndinni er líka ótrúlega góður leikur og ósjálfrátt heillast maður af helstu sögupersónunum þremur. Mér hefur líka alltaf fundist gaman að sjá myndir sem hafa einhverja sögu að segja. Besta mynd sem ég hef séð lengi.

**Arna Schram**
http://blogg.visir.is/arna

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





**Nissan Navara**

Ertu að leita að hinum fullkomna pallbíl? Þú þarft ekki að leita lengra. Nýjum Navara er ekkert ofviða. Hann er einstaklega sterkbyggður, kraftmikill og spennandi í akstri. Navara er smíðaður fyrir stritið í dagsins önn og býr að auki yfir öllu því úthaldi sem tómstundir þínar krefjast. Navara er fremstur í sínum flokki, enda mest seldi pallbíllinn í Evrópu árið 2006. Engan skyldi undra, Navara skarar einfaldlega svo áberandi mikið fram úr.

**Verð frá 3.060.000 kr.**



**Nissan Pathfinder SE**
Verð **4.950.000** kr.



Stundum er staðreyndin einfaldlega sú að það besta er ódýrara. Nissan Pathfinder er jeppi í alhæsta gæðaflokki en þó er hann bestu kaupin í dag. Pathfinder er leiðandi bíll á öllum sviðum, með hreint magnaðan staðalbúnað.

**Tilboð í mars: 32" dekk, stigbretti, dráttarkrókur, vindskeið og Garmin Nuvi 660 leiðsögutæki frítt með.**

**Nissan Murano**
Verð **5.490.000** kr.



Þessi fjórhjóladrifni jaxl sem sameinar glæsileika sportbílsins og notagildi SUV-bílsins (Sports Utility Vehicle) vekur athygli hvar sem hann kemur. Murano býður upp á einstaka akstursánægju og fullkomnustu þægindi, enda eru engar málamiðlanir gerðar hvað varðar búnað, hönnun og aksturseiginleika. Vélin er kraftmikil 3,5 lítra V6, að góðu kunn úr Nissan 350Z sportbílnum, og skilar 234 hestöflum.

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

# Hversu lengi enn...?

Í Dagbók Þráins Bertelssonar er sagt frá klámbúllu í Kópavogi, tilraun til ritskoðunar, pólskum sigri í koddaslag, nærbuxnagægjum, folaldi sem kastað var út um glugga, launaskriði í Seðlabankanum, Forrest Gump, Góða dátanum Svejk, Helga S. Guðmundssyni og frægri þingræðu.



**KÆRA DAGBÓK**

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 1. JÚNÍ.**

## Klámbúlla í Klobbavogi

Í tímaritinu Ísafold er grein um klámbúllu í Kópavogi með hráslagalegri mynd af bæjarstjóranum Bestían í sæluvímu við að neyta þeirra lystisemda sem staðurinn hefur upp á að bjóða.

Eitthvað kemur þessi grein við kaunin á einhverjum því að nú hefur kompaníið sem rekur Nóatúns-búðirnar tekið tímaritið úr sölu.

Stundum finnst mér eins og ég hafi lokast inni í háðs- og ádeiluróman eftir sjálfan mig.

Þessi kauðalega tilraun til að hefta útbreiðslu á lesmáli dugði til að ég rölti út í næstu sjoppu og keypti eintak af Ísafold.

Hingað til hafa blaðamenn (sennilega karlkyns blaðamenn) borið hinn kringluleita klámbúllueiganda á höndum sér. Þeir hafa kannski séð í honum barnslegt sakleysi hins frjálsborna íslenska karlmanns sem afneitar pólitískum rétttrúnaði og hversdagslegu striti og kýs að eyða ævinni í gleði og glaumi innan um konur og vín.

Í þessari tímaritsgrein(hugsanlega vegna þess að hún er rituð af konu) kveður við nýjan tón. Kannski er sakleysið gríma slægðarinnar? Kannski snýst hin karlmannlega lífsnautnastefna ekki um frelsi heldur rétt hins sterka til að kúga og undiroka hinn veikari – rétt til að svala fýsnum sínum?



**LAUGARDAGUR, 2. JÚNÍ.**

## Pólskur sigur í koddaslag

Það á ekki af okkur Íslendingum að ganga á íþróttasviðinu. Í dag gerðum við jafntefli á Laugardalsvelli við Liechtenstein sem hefur ekki einu sinni sendiráð í Kína og engum mundi detta í hug að kjósa í öryggisráð Sameinuðu þjóða.

Ekki nóg með það heldur berast fréttir af pólskum sigri í koddaslag á Húsavík – annað árið í röð.



**SUNNUDAGUR, 3. JÚNÍ.**

## Nærbuxnagægjur

Því minna sem gerist í mínu eigin lífi, þeim mun meiri áhuga hef ég á því að fylgjast með fréttum af öðru fólki. Reyndar vildi ég óska að meira væri skrifað um fólk sem er að gera merkilega hluti og minna um þá sem eru að gera ómerkilega hluti.

Var að lesa um einhverja unga leikkonu í Ameríku sem heitir Lindsay Lohan. Pabbi hennar segir að hún sé í miklu rugli og sífellt að drekka og dópa.

Það er merkilegt að heilir herskarar blaðamanna og ljósmyndara skuli elta smástelpur eins og þessa Lohan, Paris Hilton og Britney Spears á röndum til að kíkja upp undir þær og gá hvort þær séu í nærbuxum.

Í staðinn fyrir að gægjast upp undir þessar stelpukindur væri fróðlegt fyrir fjölmiðla og aðra að reyna að komast fyrir um hvað það er sem veldur því að ungt fólk sem hefur allt til alls fær svona rosalega þörf fyrir að taka inn eitur.

**MÁNUDAGUR, 4. JÚNÍ.**

## Ef ég væri í ríkisstjórn ...

Fór í ræktina í fyrsta sinn í langan tíma svo að ég hlýt að vera á batavegi.

Á hlaupabrettinu var ég að hugsa um Samtök atvinnulífsins en forsvarsmenn þeirra báðu um fund með forsætisráðherra og utanríkisráðherra í morgun til klaga Seðlabankann.

Ef ég væri í ríkisstjórn myndi ég skera Seðlabankann niður um tvo þriðju strax núna um helgina og efla Fjármálaeftirlitið að sama skapi.

Svo mundi ég ræða við þann snilling sem ber ábyrgð á því að hækkun á verði fasteigna skuli hafa verið reiknuð inn í vísitölu sem „húsnæðiskostnaður“ því að þar er ekki um „kostnað“ að ræða heldur stórkostlega eignaaukningu almennings.

Því næst myndi ég spyrja að því hvers vegna íslenskur almenningur þori hvergi að geyma sparifé sitt nema í steinsteypu?

Er það vegna góðrar reynslu af fjármálastjórn í landinu?

Eða vegna þess að allt sem ekki er naglfast er jafnóðum hirt af mannskapnum?



**ÞRIÐJUDAGUR, 5. JÚNÍ.**

## Folaldi kastað út um glugga!

Fyrsti lax sumarsins veiddist kl. 7.21 í morgun í Norðurá. Um svipað leyti rakst ég á gullmola á internetinu, það var á bloggsíðu. Molinn er svona:

„Rétt eftir miðnætti horfðum við á Ögðu (Skorradóttur) kasta út um gluggann, það var rauðskjótt merfolald undan Víði frá Sæfelli.“

Maður fer glaður inn í daginn með svona perlur í huganum.

Nú er fyrsti aðalyfirseðlabankastjórinn farinn að munnhöggvast við Samtök atvinnulífsins og segir samkvæmt ruv.is að „ýmis öfl vinni gegn markmiðum bankans um að ná tökum á verðbólgu, bæði framkvæmdagleði og skortur á samkeppni.“



Það er náttúrlega ekki tekið út með sældinni að vera seðlabankastjóri hjá þjóð sem ekki getur hamið sig fyrir framkvæmdagleði.

Gaman væri ef einhver gæti útskýrt fyrir mér hvernig á því stendur að stærsta hagkerfi heimsins í Bandaríkjunum kemst af með einn seðlabankastjóra meðan minnsta myntkerfi veraldar útheimtir þrjú stykki?

Ef merin Agða væri í ríkisstjórn myndi hún kasta þessu liði út um glugga.

**MIÐVIKUDAGUR, 6. JÚNÍ.**

## Launaskrið í Seðlabanka!

Í dag hefur það kvisast út að í síðustu viku var samþykkt að hækka laun seðlabankastjóra um 200 þúsund krónur á mánuði að tillögu Helga S. Guðmundssonar, formanns bankaráðs.

Jafnvel þótt launahækkun sé ekki nema tvöhundruð þúsund kall getur munað um hana eins og ég hef reyndar margoft sagt við yfirmenn mína á Fréttablaðinu.

Þetta segir Helgi Ess að sé gert vegna þess að afar mikilvægt sé „fyrir Seðlabankann að hafa jafnan í þjónustu sinni eins gott starfslið og völ er á og verður hann að taka mið af ríkjandi umhverfi til þess að svo geti verið.“



Helgi Ess hefur eflaust meira vit á kjaramálum en þeir Forrest Gump og Góði dátinn Svejk – en hvaða samkeppnisaðilar heldur hann að séu að reyna að kaupa til sín seðlabankastjóra?

Mér dettur enginn í hug nema ef vera kynni að Páll útvarpsstjóri RUV-OHF væri að pæla í að krækja í „Matthildi“ til viðbótar við „Silfur Egils“.

Í kvöld var landsleikur í knattspyrnu við Svíþjóð. Fimm, núll!

Fastir liðir eins og venjulega í þessu besta landi af öllum mögulegum.

**FIMMTUDAGUR, 7. JÚNÍ.**

## Hversu lengi enn...?

Ég er allur að koma til. Enda er stundum betra að vera heilsugóður til að standa undir því sem á mann er lagt í þessu landi:

Fréttablaðið upplýsir að heildarlaun Davíðs Oddssonar formanns bankastjórnar Seðlabankans séu ríflega 1.700 þúsund krónur á mánuði og að hann sé betur launaður eftir hækkunina en bæði forseti Íslands og forsætisráðherra.

Nú vona ég að einhver íslenskur Cicero taki til máls í þinginu og flytji ræðu sem verði jafn beinskeytt og ræða sem flutt var í Róm 8. nóvember árið 63 f. Kr. og byrjar svona:

„Quousque tandem abutere, Catilina, patientia nostra?“

„Hversu lengi enn hyggst þú misbjóða þolinmæði vorri ... ?“









# *Hátíð í bæ*

## Fjörið verður á Reyðarfirði í dag!

Alcoa Fjarðaál býður til opnunarhátíðar nýs álvers í Reyðarfirði í dag. Hátíðin hefst með athöfn í Fjarðabyggðarhöllinni kl.10. Bærinn skrýðist hátíðarbúningi og karnivalstemmning með fjölbreyttum skemmtiatriðum verður um allan bæ frá kl.13 og fram á kvöld.

Popp, rokk, jass, einsöngvarar, barnaskemmtun, götuleikhús, töframenn, trúðar, útimarkaður, trúbadorar, leiktæki, kórar, harmonikkutónleikar og skoðunarferðir um álverslóðina.

### Dagskrá:

10:00 **Opnunarathöfn í Fjarðabyggðarhöllinni.**

13:00 **Opnunarhátíð og karnivalstemmning um allan bæ.**
Meðal þess sem er í boði: Karíus og Baktus, gospelkór, Nylon, Bjarni Tryggva, Hnakkarnir, Þorsteinn Helgi, Skoppa og Skrýtla, frú Norma, SúEllen, ljósmyndasýning Alcoa og margt, margt fleira.

19:00 **Stórtónleikar í Fjarðabyggðarhöllinni.**
Björgvin Halldórsson
Andrea Gylfadóttir
Birgitta Haukdal
Eivör Pálsdóttir
Felix Bergsson
Helgi Björnsson
Stefán Hilmarsson
The Queen Show

22:00 **Listflug og fallhlífarstökk í dagskrárlok.**

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 37780 06.2007




LAMBAINNRALÆRI
1.998 kr. kg
Nóatún mælir með!



LAMBALÆRISSNEIÐAR MEÐ HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN
1.838 kr. kg.
Nóatún mælir með!




GOURMET SALTFISKUR HNAKKASTYKKI
1.298 kr. kg
Þú sparar 200 kr. kg




LAMBAINNRALÆRI SPJÓT TOSCANA
598 kr. stk.
Þú sparar 100 kr. stk.



NÓATÚNS LAMBAFRAMHRYGGJA-SNEIÐAR MEXICANA
1.358 kr. kg
Þú sparar 340 kr. kg




STEINBÍTSFLÖK Í KRYDDLEGI
598 kr. kg
Nóatún mælir með!




MERRILD KAFFI
399 kr. pk.




ÞYKKVAB. KARTÖFLUSALAT M/SÓLÞ.TÓM. OG ÓLÍFUM
275 kr. stk.

Rauch ávaxtasafar!



3 fyrir 2

Verona brauð - nýbakað!



10% afsláttur


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á lambafillet!
Gómsætt
Nóatúns
grillmeðlæti!
Úr Kjötborði Nóatúns
Nóatún mælir með!
LAMBAFILLET MEÐ
FITURÖND MEÐ/ÁN KRYDDS
2.698 kr. kg.
Úr Kjötborði Nóatúns
GRÍSAKÓTELETTUR
RHODOS
1.498 kr. kg
Þú sparar
500 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
UNGNAUTAHAMBORGARAR
BBQ 140 GRÖMMM
168 kr. stk.
15% afsláttur
MÓA KJÚKLINGUR
FERSKUR 1/1
384 kr. kg
45% afsláttur
Kartöflur með
mozzarellafyllingu og
maískólfar á grillið!
Ávallt ferskir og ljúffengir
ávextir á grænmetistorginu!
5 á dag
...í allt
sumar!
Verði ykkur að góðu!



**NATALIE PORTMAN LEIKKONA FÆDDIST ÁRIÐ 1981**

*„Ég fer til Ísrael minnst tvisvar á ári. Ég tala reiprennandi hebresku og dreymir alltaf á hebresku þegar ég er í Ísrael.“*

***Natalie Portman fæddist í Ísrael og eyddi þar fyrstu árum ævi sinnar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 9.JÚNÍ 1843

## *Friðarverðlaunahafi kemur í heiminn*

Barónessan Bertha Felicie Sophie von Suttner fæddist þennan dag árið 1843 í Prag. Hún var um tíma einkaritari Alfreðs Nóbel í París og veitti honum síðar innblástur til stofnunar Friðarverðlauna Nóbels.



Von Suttner var langt á undan sinni samtíð. Hún var þekktur friðarsinni, rithöfundur og blaðamaður. Hún skrifaði mikið af ljóðum og skáldskap, en aðallega um stjórnmál og friðarstarf.

Von Suttner komst í kynni við friðarsveitir í London árið 1885. Skömmu síðar skrifaði hún bók sem nefnist „Öld vélanna“ í lauslegri þýðingu. Í bókinni gagnrýnir hún hervæðingu og öfgasinnaða þjóðerniskennd í Evrópu og spáir fyrir um fyrri heimstyrjöldina. Bókin þótti mjög umdeild á sínum tíma og olli miklu fjaðrafoki meðal ráðamanna í Evrópu.

Von Suttner tók virkan þátt í friðarstarfi víða um heim. Aðstoðaði við myndun friðarhópa og skipulagði friðarráðstefnur. Hélt fyrirlestra og flutti ræður.

Árið 1892 gerðist hún ritstjóri þýska tímaritsins Friðarpósturinn og var ritstjóri um sjö ára skeið. Á sama tíma var hún í miklum samskiptum við Alfreð Nóbel og sannfærði hann um mikilvægi friðarstarfsins. Alfreð Nóbel hafði miklar mætur á Von Suttner og stofnaði Friðarverðlaun Nóbels að því er margir halda, henni til heiðurs. Árið 1905 fékk Bertha Von Suttner fyrst kvenna Friðarverðlaun Nóbels fyrir sitt mæta starf. Verðlaun sem aldrei hefðu orðið að veruleika án hennar. Verðlaunaféð var kærkomið fyrir Von Suttner sem hélt ótrauð áfram friðarstarfi sínu til æviloka.

## MERKISATBURÐIR

**68** Neró styttir sér aldur.

**1741** Ferming barna lögfest á Íslandi.

**1880** Hornsteinn lagður að Alþingishúsinu við Austurvöll.

**1934** Andrés Önd birtist í fyrsta sinn á hvíta tjaldinu í mynd Disneys um litlu gulu hænuna.

**1957** Broad Peak (12. hæsta fjall heims) klifið í fyrsta sinn.

**1976** Benny Goodman heldur tónleika á Listahátíð.

**1983** Margrét Thatcher vinnur stórsigur í kosningum í Bretlandi.

**1994** Síldin kemur aftur eftir 26 ára hlé.

## AFMÆLI



Rannveig Rist forstjóri er 46 ára.



Michael J. Fox leikari er 46 ára.



Johnny Depp leikari er 44 ára.



## 80 ára

### Svava Þuríður Árnadóttir

frá Bala í Þykkvabæ,

nú búsett að Ástjörn 3, Selfossi,

er áttatíu ára í dag, 9. júní.

Svava heldur upp á daginn með fjölskyldu sinni og verður að heiman í dag.

**HÖNNUNARDEILD FJÖLSMIÐJUNNAR:** OPNAR SÝNINGU Á ENDURUNNINNI LIST

# Óslípaðir demantar

Hönnunardeild Fjölsmiðjunnar efnir til listsýningu í Gallerí Ótukt í Hinu húsinu. Sýningin, sem ber heitið „Óslípaður demantur“ verður opnuð í dag klukkan fjögur.

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára, sem stendur á krossgötum. Þar gefst ungu fólki tækifæri til að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Smiðjan var sett á laggirnar árið 2001 og eru deildirnar alls átta talsins. Hönnunardeildin er nýjasta viðbótin.

„Markmiðið er að nemar fjölsmiðjunnar fari þaðan sterkari einstaklingar. Með hæfni til að komast í framhaldsnám eða út á hinn almenna vinnumarkað,“ segir Sigríður Björk Ævarsdóttir, iðnhönnuður, sem er í forsvari fyrir hönnunardeild Fjölsmiðjunnar.

Í deildinni eru átta nemendur sem allir taka þátt í sýningunni „Óslípaður demantur“. Nafn sýningarinnar vísar í efni listmunanna sem allir eru gerðir úr endurnýtanlegum neysluvörum.

„Efnisviður listsköpunarinnar er allt hlutir sem fólk hefur hent. Svo þetta er endurunnin og vistvæn list,“ segir Sigríður Björk.

Fjölsmiðjan leitast við að vera í góðum tengslum við vinnumarkaðinn og reynir að vera með félagsleg úrræði að sögn Sigríðar Bjarkar. Fyrirmynd Fjölsmiðjunnar er sótt til Danmerkur þar sem slíkar smiðjur hafa verið reknar um árabil. Stofnaðilar smiðjunnar eru Rauði krossinn, félagsmálaráðuneytið, Vinnumálastofnun og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Menntamálaráðuneyti tekur þátt í rekstri með framlögum.

Sýningin „Óslípaður demantur“ verður opnuð laugardaginn 9. júní kl. 16 í Gallerí Ótukt, Hinu húsinu Pósthússtræti 3-5. Sýningin er opin alla virka daga frá kl. 9-17 og stendur til 23. júní. Lokað laugardaga og sunnudaga. Allar nánari upplýsingar um Fjölsmiðjuna er að finna á: www.fjolsmidja.is

rh@frettabladid.is



**ENDURUNNIN LIST** Lengst til vinstri er Sigríður Björk Ævarsdóttir iðnhönnuður ásamt hönnunarnemum Fjölsmiðjunnar, sem eru: Sigríður Björk Bragadóttir, Védís Alma Jónsdóttir, Emilía Jacob, Guðný Soffía Sigvaldadóttir, Guðlaug Marín Pálsdóttir, Halldóra Guðmundsdóttir og Aníta Þrastardóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem auðsýndu samúð og vinarhug við andlát okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu*

**Agnesar Guðnýjar Haraldsdóttur**

**Ólafur Bjarki Ragnarsson**
**Sigríður Ólafsdóttir** **Pétur Már Pétursson**
**Ragnar Ólafsson** **Hólmfríður Jóna Guðmundsdóttir**
**Kristinn Ólafur Ólafsson** **Helga Þórisdóttir**
**Haraldur Ólafsson**
**Helgi Ólafsson** **Wanpen Srima Ólafsson**
**Björg Kristín Ragnarsdóttir** **Sigurgeir Árni Ægisson**
**Pétur Bjarki Pétursson** **Kolbrún Gísladóttir**
**Dagbjört Svana, Davíð Már, Agnes Ólöf, Ólafur Bjarki, Ólöf Kolbrún, Sigríður Kolbrún, Guðný, Agnes, Sigríður Pálína og Ægir Frímann.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ólöf Ólafsdóttir**

frá Syðra-Velli, Grænumörk 2, Selfossi,

verður jarðsungin frá Selfosskirkju mánudaginn 11. júní kl. 13.30.

**Ingólfur Kristmundsson** **Elín Magnúsdóttir**
**Eyjólfur Kristmundsson** **Jóhanna Þorsteinsdóttir**
**Ólafur Kristmundsson** **Halldóra Óskarsdóttir**
**Barnabörn og langömmubörn.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hafliði Ottósson**

Aðalstræti 4, Patreksfirði,

sem lést sunnudaginn 3. júní, verður jarðsunginn frá Patreksfjarðarkirkju þriðjudaginn 12. júní kl. 14.00.

**Ragnar Hafliðason** **Áslaug Sveinbjörnsdóttir**
**Rafn Hafliðason** **Anna Gestsdóttir**
**Torfey Hafliðadóttir**
**Ottó Hafliðason**
**Guðrún Hafliðadóttir**
**Ari Hafliðason** **Guðrún Leifsdóttir**
**Róbert Hafliðason** **Sigrósk Erlingsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, sonur, tengdasonur og bróðir,*

**Sveinn Steindór Gíslason**

húsasmíðameistari, Arnarheiði 20, 810 Hveragerði,

lést á Sjúkrahúsi aðfaranótt fimmtudagsins 7. júní. Útförin verður auglýst síðar.

**Magnea Ásdís Árnadóttir**
**Árni Steindór Sveinsson** **Jóhanna Sigurey Snorradóttir**
**Snorri Þór og Eva Björg**
**Sigurbjörg Sara Sveinsdóttir** **Þorsteinn Karlsson**
**Ásdís Erla, Katrín Ósk og Bjarkar Sveinn**
**Eva Rós Sveinsdóttir**
**Sigurbjörg Steindórsdóttir**
**Árni St. Hermannsson**



*Alúðarþakkir til þeirra, sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Ólafs Auðunssonar**

frá Ysta-Skála, Stuðlaseli 15.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæslu og B-6 LSH í Fossvogi, sem önnuðust hann í veikindunum.

**Áslaug Ólafsdóttir**
**Guðrún Ólafsdóttir**
**Auður Ólafsdóttir** **Guðmundur Tryggvi Sigurðsson**
**Ólafur Haukur Ólafsson** **Sigrún Konráðsdóttir**
**Þorri Ólafsson** **Guðný Gísladóttir.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Gísladóttir**

Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 3. júní. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 12. júní kl. 13.00.

**Bragi Benediktsson** **Kristín Eiríksdóttir**
**Gísli Benediktsson** **Erna Kristín Bragadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Höfum opnað glæsilegar snyrtivörudeildir í Njarðvík og Borgarnesi
TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 7.-10. júní afnemum við virðisaukaskatt af snyrtivörumerkjum*.
Fríhafnardagar um helgina
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. júní 2007.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Spekúlantinn og prinsessan

Þegar **Ásgrímur Sverrisson** sá **Birgittu Haukdal** syngja í fyrsta skipti var hann viss um að hún yrði stjarna. Þegar Birgitta Haukdal var lítil átti hún brúðu sem Ásgrímur hefði fremur viljað sjá sem fyrirmynd að Birgittu-dúkkunum sem framleiddar voru hér um árið. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* tók að sér fundarstjórn í kaffisamsæti kvikmyndafrömuðarins og söngkonunnar.



**Á TVO GEISLADISKA MEÐ BIRGITTU** Birgitta Haukdal og Ásgrímur Sverrisson þekkjast lítið en engu að síður á Ásgrímur tvo geisladiska með söngkonunni. Birgitta dettur í hug orðið notalegur þegar hún hugsar um Ásgrím. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Á RÖKSTÓLUM

*Hverjar eru fyrstu og bestu minningarnar?*
**Ásgrímur:** Ég ólst upp í Hafnarfirði en fyrstu þrjú árin átti ég heima í blokk í Reykjavík og þaðan eru fyrstu minningarnar. Við bjuggum uppi á 8. hæð og ég man eftir að hafa horft niður og fundist ofsalega hátt niður. Ég man líka eftir að hafa verið fastur ofan í holu og sent bróður minn inn til að ná í mömmu. Dóttir mín er nú á svipuðum aldri og ég var þá og hún vill gjarnan heyra þessa sögu aftur og aftur. Ég er því búinn að setja hana í nokkrar útfærslur og nú er til að mynda komið skrímsli inn í hana. En góðu minningarnar eru þarna óteljandi.
**Birgitta:** Fyrsta minningin sem poppar upp núna er úr eldgömlu húsi á Húsavík sem hét Vallholt þar sem foreldrar mínir og afi og amma bjuggu. Þar voru hænur og kindur í garðinum. Besta minningin er líklega jólagjöfin sem ég fékk þegar ég var sex ára. Mamma og pabbi gáfu mér brúðu, nema hvað að dúkkan var með sítt brúnt hár og brún augu og einstaklega lík mér sjálfri. Þarna var dóttir mín hreinlega fædd. Og ég á þessa dúkku ennþá.
**Ási:** Gastu ekki látið þá hafa þessa dúkku til að gera módel eftir í staðinn fyrir það sem notað var?
**Birgitta:** Já, af hverju gerði ég það ekki!

### Bleika skeiðið í rénun

*Hvaða þrjú orð koma upp í hugann þegar nöfn hvors annars eru nefnd? Og átt þú einhverja geisladiska með Birgittu, Ásgrímur og horfðir þú til dæmis á sjónvarpsþættina hans Ásgríms sem sýndir voru á RÚV þarsíðasta vetur, Taka 2?*
**Ási:** Fyrsta orðið er „stjarna“ og það var ákveðið móment þegar ég uppgötvaði að Birgitta yrði stjarna. Ég hafði heyrt um hana en aldrei séð en þegar ég sá hana loks syngja jólalagið var það jólalagið sem Ragga Gísla tók, Eitt lítið jólalag. Þetta var þá þessi Birgitta sem allir voru að tala um. Þetta var eitt af þessum augnablikum þar sem maður er viss um að einhver eigi eftir að meika það. Slíkt fer yfirleitt eftir því hvort fólk elskar myndavélina og hvort myndavélin elskar það og það átti svo sannarlega við þarna. En hin tvö orðin: Gullfalleg og söngkona.
**Birgitta:** Mér detta strax í hug orðin „notalegt“ og „RÚV“ og „kvikmyndir.“
**Ási:** Hvað geisladiska varðar þá ég á tvo með Birgittu því dóttir mín er mikill aðdáandi. Hún hefði mikið viljað hitta þig.
**Birgitta:** Gaman að heyra það.
**Ási:** Hún á sem sagt Eurovision-diskinn og barnaplötuna – þar sem þú varst eins og álfur eða engill framan á.
**Birgitta:** Já, ég hef alltaf verið mikil englakona. En ég man eftir að hafa dottið inn í þættina hans Ása og þeir voru æðislega flottir. Vildi bara að þeir væru ennþá á dagskrá. Verður ekkert meira?
**Ása:** Takk fyrir það. Það gæti farið svo jú, en ekki samt nákvæmlega af þessu tagi.
*Að samfélaginu og því sem er að gerast á öldum ljósvakamiðla. Haldið þið að þættir eins og America's Next Top Model, MTV-myndbönd, dúkkur klæddar eins og gleðikonur og annað í umhverfinu hafi einhver áhrif á þá kynslóð sem er að vaxa úr grasi?*
**Birgitta:** Þessi útlitsdýrkun finnst mér frekar skelfileg. Ég man aldrei eftir að hafa verið að spá í það sjö ára gömul hvaða buxur voru keyptar á mig, en sjö ára krakkar í dag eru mun meira með puttana í því. Pressan var ekki svona mikil. Maður fór bara í þau föt sem manni voru rétt og ekkert múður.
**Ási:** Já, ég held að útlitsdýrkunin sé vissulega komin út í öfgar en þetta er samt svo mikill hluti af þessum fjölmiðlasannleik sem við lifum í. Ofboðslega stór hluti af okkar tilveru kemur úr fjölmiðlum og fjölmiðlasannleikurinn er bara pínupínulítið brot af heimi okkar og þar að auki ákveðin túlkun á henni. Fjölmiðlar tala oft um að þeir túlki tilveruna. Það er ofboðslegur misskilningur. Þeir gera aldrei neitt annað en að segja frá brotabrotabroti af henni en setja svo þetta brotabrot á háan stall. Því fer umræðan að snúast um svona vitleysu eins og París Hilton eða America's Next Top Model eða svoleiðis vitleysu sem skiptir engu máli. Þetta hefur auðvitað alltaf verið svona nema að þetta er orðið geggjaðra og magnaðra í dag. Líf manns snýst fyrst og fremst um það hvernig umhverfi maður er í, hvernig vini maður á og hvernig manni líður í vinnunni og þess háttar. Þetta eru hlutir sem flestir eru að hugsa um. Ekki hvað París Hilton var að gera. Hún er til dæmis manneskja sem stendur fyrir ekki nákvæmlega neitt en fjölmiðlar fjalla samt stöðugt um hana. Þannig að skilaboðin eru þau að það sem er ekki neitt sé mikilvægt. Sem er mjög skrítið.
**Birgitta:** Ég er sammála þar, fjölmiðlar ýta mikið undir þetta.
**Ási:** Og um leið má heldur ekki ofmeta aðsókn lesenda í þessar fréttir því þótt fólk jafnvel lesi þær þá segir það ekki alla söguna því eftir lesturinn gleymir fólk þessu og fer að gera eitthvað annað.
**Birgitta:** Já, við fullorðna fólkið sjáum kannski í gegnum þetta en börnin okkar eru ekki búin að læra að þetta er bara rusl og þetta er því þeim hættulegra.
**Ási:** Já, vonandi átta þau sig á því. Ég hef svo sem engar áhyggjur af dóttur minni, enda stundum við foreldrarnir svo frábærlega markvissa uppeldisstarfssemi. Hún fór auðvitað í gegnum barbískeiðið, bleika skeiðið og Bratz-dúkkurnar en hún var ekkert á kafi í því. Nema jú kannski bleika skeiðið – en það er í rénun. Hún er aðeins byrjuð á bláa tímabilinu.
**Birgitta:** Mér finnst bleika skeiðið hjá stelpum alveg dásamlegt. Að sjá hóp af litlum stelpum uppstríluðar frá toppi til táar í bleiku. Hreint út sagt yndislegt.

### Björn Bjarnason jafnmikill áhorfandi og við

*Úr Bratz-dúkkum í þingmenn. Kosningar eru afstaðnar og margt og mikið verið rætt um nýja ríkisstjórn og ekki síður útstrikanir. Strokuðuð þið einhvern út og hvað finnst ykkur um heilsíðuauglýsingar þar sem fólk er hvatt til þess að gera slíkt? Hafa þessar útstrikanir eitthvað að segja?*
**Ási:** Nei, ég strikaði engan út. En hvað varðar heilsíðuauglýsinguna þá verð ég að segja að ég er mjög hlynntur tjáningarfrelsi.
**Birgitta:** Mér fannst auglýsingin alls ekki við hæfi. Ég á hreinlega ekki orð yfir hana. Það er ekkert að því að koma sinni skoðun á framfæri en að ráðast á eina manneskju með því að kaupa heilsíðuauglýsingu finnst mér hreinlega ljótt. Ég get rétt ímyndað mér hvernig mér myndi líða ef einhver keypti auglýsingu og segði fólki að hætta að kaupa ömurlegu diskana hennar Birgittu. Björn hefur að mínu mati staðið sig mjög vel og það er auðvitað ástæða fyrir því að hann er ráðherra okkar. Hann var kosinn og hefur gott fylgi á bak við sig. Jóhannes er ágætur maður en þetta var ekki við hæfi.
**Ási:** Já, þó ég sé fylgjandi tjáningarfrelsi sem þessu er ekki þar með sagt að ég hafi verið sammála því sem stóð í auglýsingunni. Björn er að mörgu leyti mjög klár maður en hann er líka mjög harður pólitíkus og dregur hvergi af sér. Því verður hann að sjálfsögðu að vera viðbúinn því að þegar hann veitist harkalega að sínum aðstæðingum – muni þeir svara harkalega á móti. Hann kýs að haga sínum málflutningi svona og þá koma andsvör, það er óhjákvæmilegt.
**Birgitta:** Að halda því samt fram að þessi málsókn sé einum manni að kenna er engu að síður fjarstæða, því ákæra þarf að fara í gegnum svo marga og enginn maður hefur þar engin áhrif. Ég er viss um að Björn Bjarnason sé jafnmikill áhorfandi og við hin að þessum málaferlum.

### Dorrit er æði

*Fyrst rætt er um kosningar. Nú er rétt ár í forsetakosningar. Sjáið þið fyrir ykkur að Ólafur Ragnar bjóði sig aftur fram og er það gleðiefni? Ef ekki – hvern sjáið þið fyrir ykkur sem góðan forseta? Eigum við kannski að koma okkur upp konungsfjölskyldu?*
**Ási:** Já, skemmtilegt að tala svona mikið um pólitík. Birgitta, byrja þú.
**Birgitta:** Ég hugsa að hann bjóði sig aftur fram og verði kjörinn. Aftur á móti held ég að forsetastarfið sé ekkert skemmtilegt. Þú fyrirgefur Ólafur ef þú ert að lesa þetta viðtal, en ég held að það sé mjög óspennandi starf að vera forseti á Íslandi. Heimsóknir, fundir og verðlaunaafhendingar út í eitt. Hann stendur sig vel í þessu en það væri gaman að sjá hverjir aðrir myndu bjóða sig fram. Fyndist mér gleðiefni að hann yrði endurkjörinn? Hmmm...
**Ási:** Þú verður að skrifa í viðtalið hvað þögnin er orðin löng og vandræðaleg hér við borðið.
**Birgitta:** Já, hann stendur sig vel.
**Ási:** Svarar hún diplómatískt. Ólafur Ragnar hefur staðið sig mjög vel og það hefur aldrei gerst að sitjandi forseti nái ekki endurkjöri bjóði hann sig fram. Hins vegar hvort hann langi að halda áfram veit ég ekkert um. Allir forsetar íslenska lýðveldisins hafa staðið sig fjári vel og bara verið fínir þannig að ég treysti þjóðinni vel til að velja næsta forseta, því það hefur heppnast svo ágætlega hingað til.
**Birgitta:** Svo skiptir jú miklu máli hvað Ólafur hefur góða konu sér við hlið. Við erum mjög heppin að eiga hana Dorrit. Þau eru flott saman.
**Ási:** Já, hún er alveg æðisleg.
**Ási:** Annars held ég að Jón Gnarr yrði mjög góður konungur. Og réttlátur.
**Birgitta:** Ég ætla að velja drottningu fremur en konung. Ég ætla að velja Vigdísi Finnbogadóttur. Ég sé þessa hlýju og kláru konu alveg fyrir mér með kórónu. Annars held ég að forseti sé málið fyrir Ísland. Hvað finnst þér?
**Ásgrímur:** Konungsfjölskylda, ekki spurning. Það er svo miklu flottara, því þetta eru hvort eð er fremur valda- og áhrifalaus embætti og konungsfjölskylda er mystería. En gallinn er sá að við getum ekki komið okkur upp konungsfjölskyldu án þess að sú fjölskylda hefði þá sögu sem þarf til að verða konungur og það yrði þá að kaupa slíkt.
**Birgitta:** Ég ætlaði nú alltaf að verða prinsessa þegar ég var yngri þannig að það myndi henta mínum draumi mjög vel ef til væri konungsfjölskylda. Þá gæti ég allavega reynt að giftast inn í fjölskylduna.

> Fjölmiðlar tala oft um að þeir túlki tilveruna. Það er ofboðslegur misskilningur. Þeir gera aldrei neitt annað en að segja frá brotabrotabroti af henni en setja svo þetta brotabrot á háan stall.

*Ef þið mættuð bæta inn einni spurningu í viðtalið, handa hvort öðru – hver yrði hún og hvert yrði svarið?*
**Birgitta:** Hvað er mikilvægast í lífinu? Spyrjum við ekki hvort annað að því?
**Ási:** Jú mér líst vel á það. Það mikilvægasta í lífinu er kærleikurinn og að verða öðrum að gagni, sínum nánustu, vinum og samfélaginu.
**Birgitta:** Við eigum að þakka guði fyrir heilsuna okkar á hverjum degi því að hún er það allra mikivægasta í lífinu. Ef hún er ekki til staðar getum við ekki notið annara hluta. Á eftir heilsunni kemur hiklaust fjölskyldan og ástin. Þess vegna er mjög mikilvægt að við hugsum vel um heilsuna okkar og ræktum fjölskylduna. Ég er svo heppin að vera við hestaheilsu (í augnablikinu allavega) og eiga yndislega fjölskyldu sem styður mig í öllu sem ég tek mér fyrir hendur.

*Birgitta Haukdal syngur á stórtónleikum á Reyðarfirði í kvöld ásamt Stebba Hilmars, Björgvini Halldórssyni, Andreu Gylfadóttur, Eivöru Pálsdóttur og Helga Björnssyni*



**Hobbyhúsið**
er umboðsaðili Hobby á Íslandi. Þar má fá úrval hjólhýsa og um helgina eru tilboð í gangi. Sumarið er komið og því tilvalið að skella sér út á land í fallegum húsbíl.

**Toyota**
verður með sína árlegu sumarsýningu um helgina. Boðið verður upp á reynsluakstur og flug fyrir tvo með Icelandair fylgir völdum bílum.



**Art-bílalist**
opnar eitt fjölbreyttasta breytingaverkstæði á landinu í dag á Dverghöfða 27. Boðið er upp á hljómtæki og ísetningar, plastsérsmíði, réttingar og málun, aukahluti og filmuísetningu svo eitthvað sé nefnt.










Barbara Ósk Ólafsdóttir í Ferðaklúbbnum 4x4 ætlar að ferja garpana í fimm tinda verkefninu að Heklurótum um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Ætla að verða gömul í jeppamennskunni

***Barbara Ósk Ólafsdóttir, gjaldkeri Ferðaklúbbsins 4x4, ferðast um á 38 tommu dekkjum allan ársins hring.***

„Ég hef verið í jeppamennskunni í ár og keypti mér síðastliðið haust Musso-jeppa árgerð 1999 á 38 tommu dekkjum,“ segir Barbara Ósk Ólafsdóttir, nýráðinn gjaldkeri Ferðaklúbbsins 4x4.

Formaður klúbbsins er Agnes Karen Sigurðardóttir og Barbara segir mjög margar konur vera í jeppamennskunni. Jeppinn hennar Barböru var fullbreyttur þegar hún keypti hann og síðan í haust hefur hún verið á fleygiferð á fjöllum.

Fram undan er sumarstarf hjá klúbbnum og fyrst á dagskrá er ferð að Heklurótum með garpana í fimm tinda verkefninu. Þar ætla níu göngugarpar að stíga á fimm hæstu tinda í hverjum landshluta fyrir sig. Ferðin verður farin nú um helgina og tilefnið er landssöfnun fyrir Sjónarhól, landssamtök langveikra barna.

„Meðlimir í fimm tinda verkefninu báðu okkur um aðstoð til að komast á Heklu, sem er síðasta fjallið í ferðinni. Bíllinn þeirra kemst ekki alla leið svo við verðum með tíu til tólf bíla og ferjum þau að Heklurótum,“ segir Barbara, sem hlakkar mikið til ferðarinnar.

Dagskrá ferðaklúbbsins er öflug allan ársins hring en meðal ferða í sumar nefnir Barbara árlega landgræðsluferð í Þórsmörk í lok júní, sumarhátíð í Vík í Mýrdal í júlí og fjölskylduferð í skála félagsins við Hofsjökul í ágúst.

Meðlimir ferðaklúbbsins eru um 4.000 talsins að sögn Barböru og þeim fer stöðugt fjölgandi. „Þetta er heilbrigður félagsskapur sem byggist á útivist, ferðalögum og að láta aðeins reyna á sig,“ segir Barbara, sem er sjálf alin upp við mikið bílastúss og ferðalög.

„Ég ferðaðist mikið sem barn en langaði alltaf í fjallamennsku. Síðan ákvað ég bara að kaupa mér jeppa og leggja í hann. Ég er búin að ákveða fyrir löngu að verða gömul í þessu,“ segir Barbara.

Langflestir meðlimir klúbbsins eiga jeppa en að sögn Barböru á það ekki við um alla. „Um daginn tók ég með mér fjórtán ára strák sem ég þekkti ekkert. Hann er forfallinn jeppaáhugamaður og hafði bara samband við okkur. Síðan dreif hann sig með og skemmti sér konunglega. Eina skilyrði klúbbsins er áhuginn,“ segir Barbara.

Nánari upplýsingar um Ferðaklúbbinn 4x4 eru á www.f4x4.is. Nánari upplýsingar um fimm tinda verkefnið eru á www.5tindar.is

*rh@frettabladid.is*





LÉTT BYLGJAN 967



BORGARTÚNI 29 | 105 REYKJAVÍK | ICELAND | WWW.EXIT.IS | TEL. +354 562 2362 | FAX. +354 562 9662

**Óvissuferð** getur verið ógleymanleg afmælisgjöf en best er að skipuleggja ferðina með góðum fyrirvara. Fáðu frí úr vinnu fyrir afmælisbarnið og bjóddu góðum vinum með út í heim eða bara í skemmtilega sumarbústaðaferð.




NÝ STARCRAFT FELLIHÝSI OG CAMP-LET TJALDVAGNAR Í MOTORMAX

**Starcraft** fellihýsi



Jeppafellihýsið RT sem þú ferð með hvert á land sem er eða eitthvað annað glæsilegt Starcraft fellihýsi fyrir allar fjölskyldur. Þitt er valið. Starcraft hefur gæðin.

Verð frá **1.249.000 kr.**

**Camp-let** tjaldvagnar



Með Camp-let tjaldarðu stórum og rúmgóðum tjaldvagni á svipstundu. Í ár eru allir Camp-let á 13" dekkjum með nýjum útbúnaði sem auðveldar tjöldun og með lengra beisli. Camp-let er fallegur, nettur og traustur tjaldvagn, sem ferðaglaðir Íslendingar tjalda ár eftir ár.

Verð frá **669.000 kr.**



**Isabella**
fortjöld og skjóltjöld

- heimsþekkt gæði.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

**Opið laugardag**
kl. 10 - 16 í Kletthálsi.

MotorMax

**MotorMax Reykjavík** - Kletthálsi 13 - Sími 563-4400
**MotorMax Egilsstöðum** - Sími 470-5080 / 470-5070
**MotorMax Akureyri** - Sími 460-4350

**www.motormax.is**




Halifax er fyrst og fremst hafnarborg og mætti líkja við blöndu af Akureyri og San Francisco. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fullkomin til helgarferða

***Icelandair hóf að fljúga til Halifax í Kanada á ný í maí eftir sex ára hlé. Borgin er heillandi að mörgu leyti en þar er einnig hægt að gera reyfarakaup á fatnaði.***

Kanada er kannski ekki fyrsta landið sem Íslendingum dettur í hug þegar hugað er að helgarferðum til útlanda. Það gæti þó hæglega breyst nú þegar Icelandair hefur hafið að nýju flug til hafnarborgarinnar Halifax við strendur Nova Scotia. Kanada er nefnilega ekki eins langt í burtu og margir telja en Halifax er í aðeins tæpra fjögurra stunda fjarlægð.

Íslendingar ættu að eiga auðvelt með að fóta sig í Halifax. Borgin er frekar lítil og kannski helst hægt að líkja henni við blöndu af Akureyri og San Francisco enda er hún öll byggð í brekku út frá höfninni. Veðrið er Íslendingum á ferðalagi ofarlega í huga en í Nova Scotia er nokkuð temprað loftslag. Meðalhiti á veturna er kringum frostmark en 23 gráður á sumrin. Íbúar eru fáir miðað við landsvæði eða um 400 þúsund í öllu Halifax-sveitarfélaginu sem er um 5.500 ferkílómetrar að stærð og samanstendur af um 200 bæjarfélögum.

Höfnin spilar stóran þátt í bæjar- og atvinnulífi Halifax. Stór gámaflutningaskip leggja þar að landi auk þess sem höfnin er rík af sögu þeirra innflytjenda sem komu til Kanada í gegnum aldirnar. Á góðviðrisdögum iðar bryggjan af lífi og skemmtilegt fyrir ferðamenn að rölta og fá sér í gogginn í einhverjum af skyndibitavögnunum sem standa við höfnina.



Peggy's Cove er vinsæll áfangastaður rétt utan við borgina.



Í Halifax eru fjölmargar krár, sem flestar eru með lifandi tónlist alla daga.

Vel er hægt að versla frá sér allt vit í Halifax. Kanadadollarinn er hagstæður gagnvart krónunni, um sextíu krónur, og því hægt að gera mjög góð kaup á fatnaði. Aðalverslunargatan í bænum er Spring Garden Road. Vel er hægt að rápa um miðbæinn og finna ýmislegt sem hugurinn girnist enda er lítið mál að rata helstu leiðir í miðbænum og erfitt að týnast. Þá er lítið mál að fá upplýsingar um verslunarmiðstöðvar rétt utan við bæinn. Vert er að benda fólki á að gleyma ekki að reikna með fimmtán prósenta söluskatti sem leggst ofan á verðið við kassann.

Það sem kemur flestum á óvart sem koma til Halifax er hversu rík matarmenningin er þar í bæ. Þar má finna fjölda góðra veitingastaða sem sérhæfa sig í mismunandi gerðum matar, allt frá japönskum til fransks. Pöbbamenningin í Halifax er einnig mjög skemmtileg en íbúar gera sjálfir grín að því að þeir séu með flesta pöbba í heiminum miðað við höfðatölu og á því má kannski helst sjá hve stutt er í frændskapinn við Íslendinga. Krárnar eru flestar vel sóttar alla daga vikunnar, lifandi tónlist er mjög algeng og eins og á Íslandi er bannað að reykja.

Fyrir þá sem ekki vilja eyða öllum tíma sínum í verslunum og á börum er margt annað í boði. Stutt er út í náttúruna og ýmis fyrirtæki bjóða upp á rútuferðir út fyrir bæinn. Vinsælasti staðurinn er líklega Peggy's Cove, en ferðin þangað er nokkurs konar gullni hringur þeirra Halifaxbúa. Peggy's Cove er lítið og sætt sjávarþorp með fallegum vita sem á sumrin er starfræktur sem pósthús. Ekki amalegt að senda póstkort úr vita sem býður manns við heimkomuna eftir skemmtilega helgi.

*solveig@frettabladid.is*

## VIÐ MÆLUM MEÐ:

**Bændamarkaði í húsi bruggverksmiðju Alexander Keith.** Markaðurinn er opnaður klukkan sjö á laugardögum og um að gera að mæta sem fyrst til að næla sér í nýbakað sætabrauð og sjá allt það sem í boði er.



Ferð um bruggverksmiðju Alexander Keiths er vinsæl meðal ferðamanna enda lokkar bjórinn sem veittur er í lok ferðarinnar.

**Bryggju 21** sem er safn á þeim stað þar sem innflytjendur streymdu inn í Kanada.

**Ferð um bruggverksmiðju Keiths.** Alexander Keith er frægasti Halifaxbúinn og sá bæjarbúar eru stoltastir af. Hægt er að fara í ferð um bruggverksmiðjuna þar sem leikarar leiða gesti um fornar brugghefðir og leyfa þeim að lokum að smakka á afurðinni.

**Sjóminjasafni Halifax.** Safnið er stórt og mikið við höfnina í Halifax. Þar má meðal annars sjá töluvert af munum úr Titanic en skipið sökk ekki langt úti fyrir ströndum Nova Scotia.

*Áhugaverðir tenglar: novascotia.com, halifaxinfo.com*



**Fuglalíf** og fjarlæg fjöll verða miklu skýrari gegnum sjónaukann. Takið gjarnan með einn eða fleiri til að skoða landið á glænýjan hátt.

# Straum- og húsendur trekkja ferðamenn að

***Gavia Travel sinnir ört stækkandi hópi ferðamanna sem koma í fuglaskoðunarferðir til landsins.***

„Þetta eru aðallega breskir og bandarískir ferðamenn, en sumir koma einnig annars staðar frá Evrópu. Margir koma til að skoða fuglategundir sem fyrirfinnast hvergi annars staðar í álfunni. Evrópubúar eru til að mynda alveg vitlausir í að skoða straum- og húsendur,“ segir Hrafn Svavarsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Gavia Travel, sem þjónustar fuglaskoðara.

Hrafn segir fyrirtækið standa fyrir skipulögðum fuglaskoðunarferðum, ýmist fjögurra, sex eða tólf daga löngum, og dagsferðum frá Reykjavík, annað hvort til Snæfellsness eða Reykjaness, þar sem náttúran og dýralífið er skoðað. Er stór hluti ferðanna skipulagður í samstarfi við erlendar ferðaskrifstofur sem sérhæfa sig í að sinna áhugamönnum um fugla.

„Þetta er stór markaður erlendis og þar hefur lengi verið mikill áhugi fyrir íslensku fuglalífi,“ segir Hrafn. „Hins vegar hefur þessum ferðamannahópi ekki verið sinnt sem skyldi og ástæðan er meðal annars sú að sérþekkingu hefur oftar en ekki verið ábótavant.“

Hrafn segir það hafa breyst þegar Gavia Travel tók formlega til starfa í sumar, þar sem margir af helstu fuglaskoðurum, -fræðingum og -áhugamönnum landsins komi nálægt starfseminni með einum eða öðrum hætti. „Við erum fyrsta fyrirtækið af þessu tagi sem er eingöngu rekið af fuglaskoðurum, enda er það vitað mál að fuglaskoðarar fara ekki af stað í svona ferðir nema undir leiðsögn annarra fuglaskoðara.“

*roald@frettabladid.is*



Hrafn Svavarsson er framkvæmdastjóri ferðaskrifstofunnar Gavia Travel, en hugmyndina að henni fékk hann á meðan hann var við nám í Bifröst. Fyrirtækið var stofnað 2004 en tók formlega til starfa í sumar. Nánar um Gavia Travel á gaviatravel.com.
MYND/MERIT-RIN ARRO



Evrópubúum finnst að sögn Hrafns gaman að koma hingað til lands að sjá fuglategundir sem eru sjaldgæfar í álfunni, þar á meðal straumendur, en Ísland er eina Evrópulandið sem þær verpa í.
MYND/HRAFN SVAVARSSON



Nýr vefur Veðurstofu Íslands er þægilegur í notkun.

## Nýr vefur Veðurstofu Íslands

BÆTT ÞJÓNUSTA OG EINFALDARI Á WWW.VEDUR.IS

Ferðamenn ættu ávallt að athuga veðrið áður en haldið er af stað í ferðalag á Íslandi. Nýr vefur Veðurstofu Íslands www.vedur.is ætti að auðvelda ferðamönnum leikinn. Mikil áhersla hefur verið lögð á að vefurinn sé einfaldur og þjáll í notkun. Þar er einnig að finna mikið magn hagnýtra upplýsinga og fróðleiks sem ekki hefur verið aðgengilegur áður.

Notuð er nýjasta veftækni, sem gerir mögulegt að birta mikið magn rauntímaupplýsinga um veður, jarðskjálfta o.fl. á aðgengilegan hátt. Sérstök áhersla er lögð á veðurspár í hárri upplausn. Þótt mikið hafi áunnist er endurgerð www.vedur.is ekki lokið. Ýmsar viðbætur eru ráðgerðar sem bætast munu við vefinn jafnt og þétt á næstunni.

## Ferðamálin í iðnaðarráðuneytið

UM NÆSTU ÁRAMÓT MUNU FERÐAMÁLIN FÆRAST FRÁ SAMGÖNGURÁÐUNEYTI TIL IÐNAÐARRÁÐUNEYTIS ÖSSURAR SKARPHÉÐINSSONAR.

Hinn nýi iðnaðarráðherra bindur miklar vonir við málaflokkinn og sér þar mikla möguleika enda sækja sífellt fleiri góðborgarar á Vesturlöndum í ferðir í ósnortna náttúru. Þannig fellur umhverfisstefna nýrrar ríkisstjórnar afar vel að ferðaþjónustunni.



Iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, mun fá ferðamálin í ráðuneyti sitt um næstu áramót.


WWW.SEAKAYAK ICELAND.COM

**Fagmenntaðir kayak kennarar og leiðsögumenn**

Stykkishólmur og Reykjavík • S:690 3877



**Ferðamannabólusetningar og ráðgjöf**

tímapantanir í síma: 535-7700

ferðavernd

Læknasetrið Mjódd, Þönglabakka 1
www.ferdavernd.is ferdavernd@ferdavernd.is



# Síðustu sætin í júní

**ótrúleg tilboð – gríptu tækifærið**

**Allt að seljast upp!**

**Frá 24.990 kr.** **Barcelona**



Netverð á mann. Flugsæti með sköttum m.v. 2 fyrir 1, 22. júní.

**15. júní - örfá sæti laus**
**22. júní - 15 sæti laus**
**29. júní - nokkur sæti laus**

**Frá 29.990 kr.** **Montreal - Kanada**



Netverð á mann. Flugsæti með sköttum. Síðustu sætin í júní.

**14. júní - örfá sæti laus**
**21. júní - nokkur sæti laus**
**28. júní - nokkur sæti laus**

**Frá 45.790 kr.** **Króatía**



Netverð á mann, m.v. 3 í stúdíó. Sértilboð á Laguna Bellevue 24. júní í viku.

**10. júní - UPPSELT**
**17. júní - UPPSELT**
**24. júní - örfá sæti laus**

**Frá 49.990 kr.** **Rhodos**



Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð 16. og 23. júní í viku.

**16. júní - 5 sæti laus**
**23. júní - 9 sæti laus**
**30. júní - nokkur sæti laus**

**Frá 39.990 kr.** **Mallorca**



Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð 22. og 29. júní í viku.

**15. júní - UPPSELT**
**22. júní - 15 sæti laus**
**29. júní - nokkur sæti laus**

**Frá 39.990 kr.** **Benidorm**



Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð 14. júní í 2 vikur.

**14. júní - örfá sæti laus**
**21. júní - nokkur sæti laus**
**28. júní - 9 sæti laus**

**Frá 49.990 kr.** **Costa del Sol**



Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð 20. og 27. júní í viku.

**20. júní - örfá sæti laus**
**27. júní - nokkur sæti laus**
**4. júlí - nokkur sæti laus**

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500

**Endurvinnsla bíla** innan Evrópska efnahagssvæðisins er nú alfarið á ábyrgð bifreiðaframleiðenda og umboða. Þeim ber skylda til að taka við ónýtum bílum, eyða þeim og endurvinna á lögmætan hátt.




Tjöld Pallhús




Átt þú húsbíl en veist ekki afþví.
IMP 483 3227 www.imp.is

Þýskar álkerrur



fyrir fjölskylduna, verktakann, sveitarfélagið. Vandaðar kerrur frá einum stærsta framleiðanda Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í gegn síðustu ár. Sumarsendingin nýkomin. Leitið upplýsinga og skoðið hið mikla úrval. Margar stærðir og gerðir.

N1 Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR

Fjarstýrðir bensínbílar – stórkostlegt úrval
Verð frá kr. 39.900



www.icehobby.is
sími 461-4848

Öku og bifhjólakennsla





Davíð S. Ólafsson S: 893 7181




Um 200 bílar verða til sýnis á Bíladögum á Akureyri sem ná hámarki á þjóðhátíðardeginum 17. júní. MYND/GUÐMUNDUR ÞÓRIR

# Stærsta bílasýning ársins

***Bíladagar verða á Akureyri 15. til 17. júní. Keppt verður í spyrnu og burnout-keppni og um 200 farartæki verða til sýnis á einni stærstu bílasýningu sem haldin hefur verið hérlendis.***



Gísli Rúnar á sjálfur ófáa bíla og mótorhjóli. Hér situr hann á 1939 Royal Enfield mótorhjóli sínu.

33 sinnum hafa bílaáhugamenn safnast saman eina helgi á Akureyri, sýnt sig og bíla sína og skoðað það sem aðrir hafa upp á að bjóða. Samkoman hefur síðustu ár gengið undir nafninu Bíladagar á Akureyri og hefur þátttakendum fjölgað frá ári til árs. Nú stefnir í metþátttöku á 34. bíladögunum enda hátíðin aldrei verið stærri.

„Þetta er flottasta bílasýning ársins,“ segir Gísli Rúnar Víðisson, sýningastjóri og stjórnarmeðlimur Bílaklúbbs Akureyrar. „Þarna mæta áhugamenn um bíla, mótorhjól, spíttbáta og öll önnur farartæki. “

Bíladagarnir eru næstu helgi, 15. til 17. júní, og hefst dagskráin á föstudeginum með svokallaðri burnout-keppni. Þá reykspóla menn og stig eru gefin fyrir flottasta spólið, mesta reykinn og svo framvegis. „Keppnin er haldin á íþróttaleikvanginum á Akureyri og það er nóg pláss fyrir alla sem vilja horfa í stúkunni,“ segir Gísli Rúnar.



Burnout-keppnin vekur alltaf mikla athygli á Bíladögum. Keppt er í að spóla með sem mestum tilþrifum.

Á laugardeginum er keppt í spyrnu í fjölmörgum flokkum og á sunnudeginum, þjóðhátíðardeginum, er komið að sýningunni sjálfri. „Sýningin er haldin í Boganum, nýju íþróttahöllinni á Akureyri, milli tíu og sex. Höllin er 10.000 fermetrar og verður fullt af bílum til sýnis bæði inni í höllinni og fyrir utan, allt frá mótorhjólum og sportbílum til fornbíla og atvinnutækja,“ segir Gísli Rúnar. „Ég held að þetta sé stærsti sýningarflötur fyrir bílasýningu sem haldin hefur verið hérlendis.“

Skráning ökutækja í burnout-keppnina, spyrnuna og á sýninguna stendur yfir á www.ba.is eða í síma 862-6450. „Við eigum von á 200 tækjum og fullt af fólki og auðvitað að hvetjum við alla til að mæta og taka þátt,“ segir Gísli Rúnar. „Þetta verður afskaplega gaman bæði fyrir bíladellufólk og bara alla sem koma norður um helgina.“

Allar nánari upplýsingar um bíladagana er að finna á www.ba.is.

*tryggvi@frettabladid.is*

## Þingmaður vill banna alla bíla sem komast upp í 165 km hraða

EKKI ER ÖLL VITLEYSAN EINS. ÞINGMAÐUR Á EVRÓPUÞINGINU VILL BANNA BÍLA SEM KOMAST HRAÐAR EN 101 MÍLU Á KLUKKUSTUND VEGNA UMHVERFISÁHRIFA.

Breski Evrópuþingmaðurinn Chris Davies vill banna alla bíla sem komast hraðar en 162 km/klst, eða 101 mílu/klst. Ástæðuna segir hann að eftir því sem bílar verða kraftmeiri verða þeir þyngri og mengi um leið meira.

Ekki er talið líklegt að þingið taki vel í hugmyndir hans, enda varla heil brú í röksemdafærslu hans. Það er erfitt að finna bíl framleiddan á síðustu árum sem ekki nær þessum hraða og séu bílar gríðarþungir og mengi mikið eru þeir mun líklegri til að komast ekki á 170 km hraða. *- tg*



Meira að segja Toyota Yaris kemst hraðar en 165 km/klst og ef hann er orðinn of stór og eyðslufrekur er fokið í flest skjól.

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 9. JÚNÍ 2007



● **HÖNNUN**

## Sjöan í nýju ljósi

● **VÍÐISTAÐAKIRKJA**

## Áhrifamiklar freskur

● **LÍFSSTÍLL**

## Ilmandi hlutir á heimilið

FRÉTTABLAÐIÐ





**Gluggar fyrir lífið**

- Ál-tré gluggar
- Lágmarks viðhald
- Falleg og tímalaus hönnun
- Aukin vörn gegn innbrotum
- 15 ára reynsla á Íslandi
- 10 ára ábyrgð

www.formaco.is

Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · formaco@formaco.is

formaco

## stóllinn





● **OTTÓMAN** er bólstrað sæti eða bekkur sem hvorki hefur bak né arma. Oft er hann notaður sem fótaskemill. Sumir óttomanar eru holir að innan svo hægt er að geyma þar hluti á borð við teppi og kodda. Orðið ottóman sem vísan í húsgagn kom inn í enska tungu árið 1806. Líklega kemur orðið úr frönsku en orðið vísar til vissrar tegundar textíls. Ekki er talið að húsgagnið hafi verið fundið upp af Ottóman-Tyrkjum.



● **Forsíðumynd:** Sjöan eftir Arne Jacobsen í nýju útliti eftir Missoni. Fleiri frægir hönnuðir reyndu sig við Sjöuna og má sjá árangurinn á síðu 10 . **Útgáfufélag:** 365 - prentmiðlar, Skaftahlíð 25, 105 Reykjavík, sími: 550-5000 **Ritstjórar:** Kristín Eva Þórhallsdóttir kristineva@frettabladid.is og Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517-5724 og Ásta Bjartmarsdóttir s. 517-5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



Halldóra með poppskálina góðu sem fyllt er með poppkorni á hverjum degi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

# Poppkona með innanstokksmunaáhuga

● Halldóra Valgerður Steinsdóttir, aðstoðarrekstrarstjóri í Egginu, hefur dýran smekk en gerir undantekningar þegar kemur að poppskálum.

„Hún systir mín keypti þessa poppskál í lítilli verslun á brautarstöð einhvers staðar í Danmörku,“ segir Halldóra um sinn eftirlætisgrip á heimilinu. „Hún VARÐ bara að kaupa hana handa mér enda er ég alveg rosaleg poppæta og skálin þar af leiðandi alltaf full. Poppát er mjög mikið mál fyrir mér og ég er orðin þekkt fyrir þetta hjá fjölskyldu og vinum svo systir mín gat sko ekki klikkað þegar hún gaf mér þessa fínu skál, sem mér finnst einmitt svo fullkominn sem slík.“

Almennt segist Halldóra kaupa alla sína innanstokksmuni í Egginu eftir að það var opnað í september síðastliðnum en hún hefur þess utan dýran smekk og vill ekki hluti sem hafa verið í eigu annarra áður en þeir koma inn til hennar. „Ég er ekkert fyrir notað dót og hluti með sál. Vil ekki það sem annað fólk er búið að eiga á undan mér og hef eiginlega mjög dýran smekk. Nema þegar kemur að poppskálum. Reyndar hefði ég aldrei keypt þessa skál sjálf, en eftir að hún komst í mína eigu hefur stöðugildi hennar hækkað ört og núna held ég að þetta sé sá hlutur í minni eigu sem mér þykir hvað vænst um,“ segir poppsérfræðingurinn Halldóra að lokum.

*mhg@frettabladid.is*

QUALITY MATTERS!

TYM er loksins kominn til Íslands

TYM ER GÆÐA VÉL SEM HENTAR VEL FYRIR BÆNDUR, SKÓGRÆKTENDUR, BÆJARFÉLÖG, VERKTAKA, GOLFVELLI, SUMARHÚSA EIGENDUR, GARÐYRKJUMENN OG FLEIRI ATHAFNA MENN OG KONUR.





VEITUM ÚRVALS ÞJÓNUSTU MEÐ HVERRI SELDRI TYM VÉL
TYM HEFUR GÆÐIN.
ÞRIGGJA ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR HVERRI SELDRI VÉL.

BHTÆKNI EHF - DYNSKÁLAR 36 - 850 HELLA - S 697 3217 - www.tym.is

# Opnum eftir miklar breytingar

## Glæsileg opnunartilboð

**Hlífðar-dýna og Bella Donna Aloe Vera lak fylgja með**




Tempur Spring, hin margrómaða heilsudýna á frábæru júnítilboði
**King (193x203) kr. 199.900,-**
**Cal King (183x213) kr. 199.900,-**
**Queen (153x203) kr. 174.900,-**



Full verslun af nýjum teppasettum
skrautpúðum og glæsilegum sængurverum

Stillanlegt og þægilegt



2 Infinity stillanlegir botnar • 2 Infinity heilsudýnur • Króm lappir og Infinity gafl
**Opnunartilboð kr. 309.900,-**



Queen opnunartilboð
Queen Stærð 152x203 cm • Chiro Deluxe heilsudýna • Bólstraður leðurbotn og lappir
**Opnunartilboð kr. 119.900,-**

Áttu von á gestum? Aldrei meira úrval




Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og sjáðu glæsilegan sýningarsal okkar fullan af nýjum svefnsófum.

Svefnsófar með heilsudýnu og MicroFiber áklæði í mörgum litum og stærðum.

**Betra BAK**

| Reykjavík | Ísafirði | Akureyri |
|---|---|---|
| Faxafeni 5 | Skeiði 1 | Tryggvabraut 24 |
| Sími 588 8477 | Sími 456 4566 | Sími 462 1410 |

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**















Að slaka á í baði með ilmkertum og olíum endurnærir sálina.





# Ilmandi hlutir á heimilið



● Flestum þykir lykt segja mikið um fólk. Góð lykt er aðlaðandi en vond eða þung lykt er fráhrindandi. Þetta á ekki aðeins við um fólkið sjálft heldur einnig um heimili þess. Mikið úrval er til af ilmefnum sem lífga upp á heimilið og engin ástæða til að láta þungt loft eða matarlykt liggja áfram í loftinu. Á rigningardögum er líka tilvalið að kveikja á kertum eða reykelsi og njóta alvöru sumarlyktar, sem lítið fer fyrir úti við.

**1. Gamaldags reykelsi** frá Tiger, 400 kr.

**2. Ilmolíur** með skemmtilegum sumarlyktum. Olíurnar kosta 590 kr. og brennarinn 1.290 kr. Hvort tveggja fæst í Body Shop.

**3. Ilmkerti úr sojavaxi.** Kertið kostar 1.900 kr. en einnig er hægt að kaupa áfyllingar í Aveda.

**4. Þrískipt ilmkerti** þar sem hver litur hefur mismunandi lykt. Fæst í Blómavali og kostar 1.649 kr.

**5. Ilmmolar** með glimmeri og ilmúði frá L´Occitane í Kringlunni. Molana má setja í skúffur og skápa og kostar askjan 3.295 kr. Úðinn er hannaður fyrir lín og föt og kostar 980 kr.


























Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri - Litir: Brúnt og koníaksbrúnt
verð 229.000.- Einnig í Micro-áklæði. Verð kr. 198.000.-



**Italsofa**




Vandað leðursófasett 3+1+1 með nautaleðri
Litir: Brúnt og koníaksbrúnt
Verð kr. 275.000.-



## *Slökunarstólar* í miklu úrvali

Tilboðsverð aðeins kr.
**59.500.-**

Vandaður slökunarstóll
með leðuráklæði
og skemli

Litir: Beige, brúnt,
svart, rauðbrúnt

**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu
með nýja 360° sýningarkerfinu okkar
Þetta verður þú að prófa!

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
**Opið** Virka daga kl.10-18 / **Laugard. kl.11-16**



Á kirkjulóðinni stendur þetta minnismerki eftir Erling Jónsson um horfna sjómenn.



Altarið, skírnarfonturinn og prédikunarstóllinn eru úr steini og tóna vel við freskurnar, sem eru afar áhrifamiklar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Altari Víðistaðakirkju er einstaklega glæsilegt og þá ekki síst vegna altarismyndarinnar sem fullkomnar útlit kórsins í kirkjunni.

# Freskurnar áhrifamiklar

Freskur eftir listamanninn Baltasar Samper klæða veggi Víðistaðakirkju. Þær gefa kirkjunni einstakan blæ.

Víðistaðakirkja í Hafnarfirði er ung að árum, vígð hinn 28. febrúar 1988. Kirkjan státar af mörgum fallegum munum en það sem helst vekur athygli kirkjugesta er hinar einstöku freskur, eftir listamanninn Baltasar Samper, sem prýða veggina.

Séra Bragi Ingibergsson er sóknarprestur Víðistaðasóknar og þekkir vel sögu kirkjunnar. „Arkitektinn sem hannaði kirkjuna heitir Óli G. H. Þórðarson," segir Bragi en eiginkona Óla, Lovisa Christiansen, innanhússarkitekt, aðstoðaði hann við innanhússhönnunina.

Þegar komið er að Víðistaðakirkju sést minnismerki eftir Erling Jónsson frá Keflavík sem reist var til minningar um horfna sjómenn.

Inni í kirkjunni grípa freskurnar á veggjunum augað en þær eru málaðar af listamanninum Baltasar Samper. „Hann málaði freskurnar út frá Sæluboðunum í Biblíunni en þau eru í upphafi Fjallræðunnar í Matteusarguðspjalli," segir Bragi og bætir því við að á altarismyndinni sjái listamaðurinn Jesú fyrir sér á fjallinu að tala við áheyrendur sína. „Það er svolítið öðruvísi við þessa mynd en aðrar altarismyndir að þarna er Jesús brosandi. Eins er fólkið í kringum hann ekki bara klætt fatnaði þess tíma heldur líka í nútímafatnað. Þá er myndin máluð í þríhyrning en það er sterkt kirkjulegt tákn."

Altari kirkjunnar, skírnarfonturinn og prédikunarstóllinn eru gerð úr steini og setja mikinn svip á kirkjuna. „Altarið er gefið af útvegsmönnum í Hafnarfirði en skírnarfonturinn er gjöf frá Helgu Stefánsdóttur og er sveinsstykki Brynjars Sveinbjörnssonar," segir Bragi og bætir því við að prédikunarstóllinn hafi verið gefinn af bönkunum í Hafnarfirði; Iðnaðarbankanum, Samvinnubankanum, Sparisjóði Hafnarfjarðar og Útvegsbankanum.

*sigridurh@frettabladid.is*



# „Við erum búin að jafna okkur“

**með greiðslu fyrir kolefnisnotkun ökutækja okkar**

*Sumarhúsið og garðurinn ehf styður gott starf Kolviðar sem miðar að því að binda kolefni í gróðri og jarðvegi í þeim tilgangi að draga úr styrk koldíoxíðs ($CO_2$) í andrúmslofti.*

KOLVIÐUR ICELAND CARBON FUND



*„Það verða gróðursett 52 ný tré á þessu ári til þess að jafna okkur, fyrir utan það sem við gróðursetjum sjálf í landinu okkar.“*
Auður I. Ottesen frkv.stj.
Páll Pétursson ljósm.



*„Ég greiði með mikilli ánægju fyrir gróðursetningu á 39 trjám til þess að jafna mig.“*
Hildur Arna Gunnarsdóttir ritstj. Gróanda.



*„Ég hjálpa til við að gera framtíðina bjartari fyrir börnin mín með andvirði 42 trjáa.“*
Inga S. Halldórsdóttir, auglýsingastj.



*„Ég fer í sendiferðirnar á hjólinu mínu í sumar og menga ekki neitt!“*
Lilja Eivor Cederborg Gunnarsd. sendill.

## Græn útgáfa í sókn



*„Ég hjóla í vinnuna á hverjum degi og fæ þessa fínu hreyfingu.“*
Sigrún María Kristinsdóttir blaðam.

Glæsileg lína bóka og tímarita um sumarhús, garðyrkju og umhverfismál

**Njótið sumarsins með okkur**
















# Áskriftarsími 586 8005 og á www.rit.is

Blöðin og bækurnar fást einnig á öllum helstu blaðsölustöðum um land allt

SUMARHÚSIÐ & GARÐURINN

Sumarhúsið og garðurinn ehf.
Síðumúla 15, 108 Reykjavík
Sími 586 8005 • www.rit.is

# Verðlaunah



## Verðlaunahús *(teikningar sem kaupendum lóða stend*





**Einbýlishús á einni hæð**

Einstaklega glæsilegt og rúmgott 195 m² einbýlishús með hárri og bjartri stofu og eldhúsi. Í húsinu eru m.a. fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi og bílskúr.

**Raðhús á tveim hæð**

Þessi raðhús eru stað
snúa vel við sól og by
við norðanátt. Hvert
innbyggðum bílskúr.

## Nánari upplýsingar á www.rael

Söluaðili lóðanna er:
Lögmenn Suðurlandi
sími 480 2900
www.log.is/hagaland

LÖGMENN SUÐURLANDI

*Í Hagalandinu er jarðv*
*lágmarki þar sem grun*
*Hægt er að semja um*
*við Ræktunarsamban*

# ús og lóðir

## í Hagalandinu á Selfossi

Til sölu glæsilegar eignarlóðir í vel staðsettu, nýlega skipulögðu íbúðarhverfi á Selfossi. Lóðirnar seljast með eða án verðlaunateikninga frá teiknistofunni arkitektur.is.

Í næsta nágrenni er gert ráð fyrir að muni rísa leikskóli og grunnskóli. Auðveld aðkoma er að hverfinu og stutt er í alla þá frábæru þjónustu sem Árborg hefur uppá að bjóða.
*Kaupendum stendur til boða lán frá seljendum.*

***dur til boða)***



**um**
sett þannig að þau
yggingin veitir gott skjól
hús er um 160 m² með



**Fjölbýlishús á tveim hæðum**
Allar íbúðir eru sérbýli, með sérinngang og er hver íbúð um 95 m². Hér er um að ræða virkilega skemmtilegt og vel leyst hús.

## kto.is

*vinna að jafnaði í*
*nnt er niður á fast.*
*hagstæða jarðvinnu*
*d Flóa og Skeiða.*

RÆKTUNARSAMBAND
FLÓA OG SKEIÐA
Gagnheiði 3 - 800 Selfossi - Sími 480 8500

# Sjöan í nýju ljósi

● Sjöan sem Arne Jacobsen hannaði árið 1955 er löngu orðin heimsfræg. Stólinn má finna víða á heimilum um allan heim og er formið vinsælt til eftirmyndunar. Árið 2005 fékk danska fyrirtækið Fritz Hansen, í samstarfi við dönsku alnæmisamtökin, nokkra fræga hönnuði til að búa til Sjöu eftir sínu höfði. Hér eru dæmi um nokkrar þeirra.



















**1. Royal Copenhagen** með stílhreint mynstur sem skírskotar til postulínsins sem fyrirtækið er hvað frægast fyrir.

**2. Hummel** íþróttaframleiðandinn er líklega þekktari fyrir annað en húsgagnahönnun en tekst ágætlega að sameina íþróttir og hönnun í Sjöunni.

**3. Paul Smith** hafði breska fánann til hliðsjónar þegar hann hannaði útlit Sjöunnar sinnar.

**4. Diesel** er kannski hvað þekktast fyrir gallabuxur og því ekki að furða að stóllinn sé kúl og töff.

**5. Birger Christensen** er pelsa- og tískuhús í miðri Kaupmannahöfn. Hér hafa hönnuðir merkisins fóðrað Sjöuna með gulum pelsi.

**6. Louis Vuitton** hannaði Sjöuna sem rólu. Stóllinn er úr leðri og hangir á reipum. Líklega hentar hann ágætlega úti við enda hægt að brjóta stólinn saman og setja í geymslu.


kemi ehf.

Kemi s.544 5466 og www.kemi.is

Tilboð á sýningunni Árborg 2007

■ 3M hálkuborðar fyrir stigaþrep
Á tröppur og þrep utna dyra og innan. Frábært á þrepin við heitapottinn.
Til í svörtu, hvítu og glæru. Breidd/Lengd: 25,4mmX4,59mtr
Einnig til í fljótandi formi.



3M

■ Mega Lab örverur fyrir sumahús og rotþrær
SEPT-O-AID Örverur til niðurbrots í rotþróm í duftformi.
Odorite lykt- og fitueyðandi örverur í fljótandi formi.

MEGA LAB

■ Smurolía og frostlögur:
Mótorolíur-Gírolíur-Glussar-Smurfeiti-Frostlögur

TOTAL elf

■ Fin Lube Teflonspray
-Smursprey
-Kontaktsprey
-Ryðolíur
-Smurbætiefni



INTERFLON



Rykgrímur fjölbreytt úrval með og án ventla



Öryggisgleraugu margar gerðir.


Lagar sig að þér
PIPAR • SÍA • 70266
fegurðin býr
í smáatriðunum
COR / CONSETA
Þetta fjölbreytta kerfi sófa var hannað árið 1964. Allar götur síðan hefur
Conseta notið mikilla vinsælda, enda er þessi tímalausa hönnun alltaf
í tísku. Conseta býður upp á endalausa möguleika í stærðum og lögun,
og getur aðlagað sig öllum aðstæðum – enda sannkallað kamelljón.
Hönnun: Friedrich Wilhelm Moller
MÓDERN
Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is
Opið í dag frá kl. 11-17.

Málverkasýning



Auður Marinósdóttir opnar sýningu
laugardaginn 9. júní kl. 13:00 sem stendur viku

einstök sýning



Gallerí List
Skipholti 50A • sími: 5814020 • www.gallerilist.is



GRASTEPPI

Hentar á svalir,
verandir og
til útstillingar
Breidd: 200 og 400 cm

Grasteppi á aðeins
kr. 1.090,- pr. fm.

Við leggjum grasteppi
á svalirnar fyrir 4.500,-*

• FAGURGRÆN •
• GEGNDRÆP •

Má nota úti sem inni allt árið.
Við sníðum eftir þínum málum.

* Miðað við hámark 10m2 flötur á höfuðborgarsvæðinu.
Koma þarf með málsetningar. Teppi reiknast aukalega.

TEPPABÚÐIN

Alvöru FÚAVÖRN á alvöru VERÐI

Pallaolía 5 ltr.
Verð kr. 6.302-
Okkar verð kr.
2.990-

Kjörvari 14 4 ltr.
gegnsær
Verð kr. 4.956-
Okkar verð kr.
3.490-

Kjörvari 16 4 ltr.
gegnsær
Verð kr. 6.733-
Okkar verð kr.
4.890-

Sólignum 5 ltr.
þekjandi
Verð kr. 7.796-
Okkar verð kr.
6.626-

Við reiknum efnisþörfina og veitum þér
faglegar ráðleggingar um vinnu á viðnum

Líttu við í
LITAVER
það hefur ávalt borgað sig

Sími: 568 1950 • Grensásvegi 18 • Sími: 581 2444 • www.litaver.is




Philippe Starck stillir sér upp bak við hönnun sína, Louis-stólinn.

# HÖNNUÐUR & heimsborgari

Í tæp fjörutíu ár hefur hann verið einn af fremstu hönnuðum heims og skiptir þá litlu hvort um er að ræða fatnað, veitingastaði, húsgögn eða tannbursta. Philippe Starck gerir það allt.

Philippe Patrick Starck fæddist í París árið 1949. Hann hefur á löngum ferli skipað sér meðal þekktustu hönnuða heims. Hann stofnaði sitt eigið fyrirtæki ásamt hönnuðinum Pierre Cardin árið 1968 en það framleiddi aðallega uppblásanlega hluti. Síðan árið 1975 hefur hann unnið sjálfstætt. Þáverandi forseti Frakklands, Francois Mitterrand, fékk hann til að hanna vistarverur sínar árið 1982 og eftir það lá leið hans aðeins upp á við.

Hann hefur meðal annars hannað farartæki, raftæki og matarumbúðir auk hefðbundari hluta eins og húsgögn og eldhúsáhöld. Auk þess að hanna ofangreinda hluti hefur hann skapað sér nafn sem arkitekt. Hann hóf seinna að hanna fatnað og fylgihluti eins og úr, gleraugu og skó. Starck er mikill umhverfisverndarsinni og leggur ætíð áherslu á virðingu við náttúruna í hönnun sinni.

Starck hefur unnið með mörgum stærstu fyrirtækjum heims í mismunandi hönnun en þeirra á meðal eru Kartell, Alain Mikli, Louis Vuitton, Alessi, Puma og Microsoft. Starck er mikill heimsborgari og heldur heimili í fjórum borgum, í París, New York, Burano á Ítalíu og í London. Hann hefur hannað veitingastaði, hótel og klúbba í fjölmörgum stórborgum og verk hans hafa verið sýnd í stærstu listasöfnum heims.



Starck hannar oft óvenjulega hluti og þessi lampi er gott dæmi um það.




Sumarblóm í miklu úrvali

Trjágróður af öllum gerðum
Ráðgjöf og tilboðagerð

GRÓÐRARSTÖÐIN
Mörk
Stjörnugróf 18 • Sími 581 4550 • Fax 581 2228
www.mork.is mork@mork.is



allir litir náttúrunnar eru okkar litir




HJÖRVI er meira en bara þakmálning
...hentar vel á tré og málma, heldur gljáanum




*Hjörvi er ekki bara þakmálning heldur hentar hann vel á allt tréverk, galvanhúðað járn, litaðar járnklæðningar, ál og aðra léttmálma, bæði við ný- og endurmálun.*

*Hjörvi er vatnsþynnanleg akrýlplastþeytumálning sem heldur lit og gljáa sérlega vel, er auðveld í notkun og fljótþornandi. Inniheldur efni til varnar gróðurmyndun.*

*Komið og leitið ráða hjá sérfræðingum okkar eða fáið góð ráð og lausnir á heimasíðunni, www.slippfelagid.is.*

SLIPPFÉLAGIÐ • DUGGUVOGI 4 • 104 REYKJAVÍK • SÍMI 588 8000 • WWW.SLIPPFELAGID.IS



**C. JENSEN & H. HOLBÆCK** hönnuðu þessar fallegu könnur fyrir fyrirtækið Evu Solo. Þeir félagar fóru aftur til fyrri tíma í hönnun kaffikönnunar. Í stað þess að notast við vélar, gufu, þrýsting eða kaffisíu er hellt upp á á gamla mátann með kaffi og heitu vatni sem hellt er í gegnum trekt. Hver kanna tekur einn lítra en utan um fallega lagaða könnuna má velja nokkurs konar kápu, annað hvort úr svörtu neopren-efni eða bómullarefni í öðrum litum.
Eftir sömu hönnuði er einnig hægt að fá fallegar tekönnur í svipuðum dúr.

Þín eigin brúðarsvíta



*Svíf þú inn í svefninn*

*RB-rúm*

**Hágæðarúm á góðu verði.**
**Smíðuð eftir þínum óskum.**

**Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla**



**Hágæða sælurúm**



Þessi geysi vinsælu rúm eru mjög fullkomin með **nuddi og þráðlausri fjarstýringu** sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Margar stærðir og mismunandi stífleikar á springdýnum.

**Nolterúm**



Þýsk hágæðarúm sem fást í nokkrum stærðum. Þau eru með fjaðrabotni eða lyftirúmi og eru með nettri fjarstýringu.

**Opið alla virka daga frá kl. 8 –18 og á laugardögum frá kl. 10–14.**

**RB-rúm** Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RÚM
Stofnað 1943

## hönnun



**OLA WIHLBORG** hannaði þennan skemmtilega hitaplatta fyrir ASPLUND. Plattinn er úr málmi sem er sniðinn til með leysigeislatækni. Þó að plattinn líti út fyrir að vera léttur og brothættur kemur annað í ljós við notkun. Plattinn þjónar sínu hlutverki vel en þegar hann er ekki í notkun getur hann einnig staðið einn og sér sem fallegt listaverk.



**BORÐGRILL** eftir hönnuðina C. Jensen & H. Holbæck fyrir EVU SOLO. Útlitið hefur verið hönnuðunum ofarlega í huga við gerð þessa fallega borðgrills. Grillið er úr hitaþolnu postulínsskál í stálfótu en trékross undir fötunni virkar sem hitaplatti. Skemmtileg og falleg leið til að grilla.

## sushi & sake



**Í PIPAR OG SALT** má fá ýmislegt sem kemur sér vel þegar japanskur matur er eldaður, borinn fram og borðaður. Þar á meðal eru alls konar pönnur, sushi-diskar, sake-glös og fallega skreyttir matprjónar.

# Nú er allt hægt hratt

Ljósleiðari er fjarskiptatenging framtíðarinnar. Með ljósleiðaratengingu eru möguleikarnir til afþreyingar og fjarskipta næstum endalausir – allt á hraða ljóssins.

Nú eru þúsundir heimila á höfuðborgarsvæðinu tengd með ljósleiðara. Er þitt heimili eitt þeirra? Kannaðu málið á www.gagnaveita.is.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**Kostir ljósleiðarans**

- Margfaldur hraði miðað við ADSL
- Sami nethraði til og frá notanda
- Óþarfi að greiða fyrir símalínu
- Ekkert loftnet, ekkert vesen
- Fjöldi sjónvarpsrása
- Myndleiga
- Sjónvarpið truflar ekki hraða Internetsins
- Ljósleiðarinn ræður við marga myndlykla
- Tilbúinn fyrir háskerpusjónvarp

GAGNAVEITA
REYKJAVÍKUR
www.gagnaveita.is

Til að kaupa þjónustu um ljósleiðarann hafið samband við eftirfarandi þjónustuaðila:

digital ísland — S. 515 6100
vodafone — S. 1414
Hive — S. 414 1616
Hringiðan Internetþjónusta — S. 525 2400

# MAX RAFTÆKI

**FRÍ HEIMSENDING**
**FRÍ SAMSETNING**

*Ef grillið er keypt fyrir kl. 16.00 sendum við það heim í dag!*



**13.989 kr.**
Fullt verð ~~23.999~~

**Sterling 1104 gasgrill**
- 8.7kW / 30,000 BTU I-brennari úr ryðfríu stáli
- 2710sm² - heildar umfang
- 1677sm² - án hliðarborðs/hellu
- Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar
- Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Lineral Flow gas ventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Innbyggður hitamælir
- Hágæða Perma-Mold XL niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum



**23.989 kr.**
Fullt verð ~~29.989~~

**Sterling 1716 gasgrill**
- 11.4kW / 48,000 BTU Dual H brennari úr ryðfríu stáli
- 3742sm² - heildar umfang
- 2129sm² - umfang án hliðarborðs/hellu
- Postulínhúðaðar járngrindur til eldunar
- Postulínhúðað Flav-R-Wave eldunarkerfi
- Hágæða Accu-Temp hitamælir
- Lineral Flow™ gas ventlar
- Sure-Light™ elektrónískt kveikjukerfi
- Fellanleg hliðarborð með áhaldabökkum



**Permasteel 43099 gasgrill**
- 52.000 BTU
- Ryðfrítt stál / pottstál
- 4 línubrennarar
- 1 hliðar eldunarhella
- Grillgrind úr pott-stáli
- Efri grind úr emileruðu stáli
- Raf kveikja

**69.899 kr.**
Fullt verð ~~84.489~~

**+ 24 stk Kók Zero og 5 diska sett CD fylgir öllum grillum!**





**71.989 kr.**
Fullt verð ~~84.489~~

**Permasteel 35453 gasgrill**
- 60.000 BTU
- Ryðfrítt stál
- 4 línubrennarar
- 1 hliðar eldunarhella
- Grill snúningsteinn og mótor
- Grillgrind úr pott-stáli
- Efri grind úr ryðfríu stáli
- Raf kveikja



**79.989 kr.**
Fullt verð ~~94.989~~

**Permasteel 35452 gasgrill**
- 55.000 BTU
- Ryðfrítt stál
- 3 línubrennarar
- 1 bakbrennari "infrared"
- 1 hliðar eldunarhella
- Grill snúningsteinn og mótor
- Grillgrind úr ryðfríu stáli
- Efri grind úr ryðfríu stáli
- Raf kveikja



**124.989 kr.**
Fullt verð ~~133.898~~

**Permasteel 43101 gasgrill**
- 72.000 BTU
- Ryðfrítt stál
- 5 línubrennarar
- 1 bakbrennari "infrared"
- 1 hliðar eldunarhella
- Grill snúningsteinn og mótor
- Grillgrind úr ryðfríu stáli
- Efri grind úr ryðfríu stáli
- Raf kveikja
- Yfirbreiðsla



**194.989 kr.**
Fullt verð ~~227.989~~

**Permasteel 43102 gasgrill**
- 104.000 BTU
- Ryðfrítt stál
- 6 línubrennarar
- 1 bakbrennari "infrared"
- 1 hliðar eldunarhella
- Grill snúningsteinn og mótor
- Grillgrind úr ryðfríu stáli / steikarpanna
- Efri grind úr ryðfríu stáli
- Raf kveikja
- Yfirbreiðsla

Tilboð gilda til 11. júní eða meðan birgðir endast.

OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

*Frábær tækjakaup*

MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200
**Við erum beint á móti IKEA**

## TIL SÖLU FASTEIGNIR Á SPÁNI

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Sími: 512 3600
www.logheimili.is












NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ EIGNAST ÞITT ANNAÐ HEIMILI Í SÓLINNI

FRÍ SKOÐUNARFERÐ OG UPPIHALD Á SPÁNI, EF ÞÚ KAUPIR ENDURGREIÐUM VIÐ ÞÉR FLUGFARIÐ

HALLIEGILS



**Jón Bjarni Jónsson**
Sölufulltrúi
Beinn sími: 512 3600
**GSM: 896 1067**
jonbjarni@logheimili.is



**Jónas Örn Jónasson**
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
jonas@logheimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA



## FASTEIGNASTOFA SUÐURNESJA

Hafnargötu 51-55, 230 Reykjanesbæ - s. 420 4050 - fst@fst.is

Frum








**Sóltún 7 - 105 Reykjavík**

Skemmtileg 2 herbergja íbúð á 6. hæð 79 fm að stærð ásamt stæði í bílakjallara í 7 hæða húsi. Mjög snyrtileg og rúmgóð eign með frábæru útsýni. Rúmgóð lyfta og anddyri með dyrasíma. Húsið er steinsteypt með álklæðningu að utan. Öll tæki í eldhúsi fylgja.
Verð 30 millj. Laus strax.






## Til leigu í Ármúla

Glæsilegt nýuppgert atvinnuhúsnæði á frábærum stað í Ármúla. Heildarstærð rýmis er 149 m2 og skiptist í opinn sal á kaffistofu með innréttingu + salerni, allt innréttað afar smekklega. Vöruhurð er úr kaffistofu, nýjir kastarar eru í loftum og nýtt steinteppi á gólfum. Hentugt fyrir verslunarrekstur, þjónustu eða t.d. teiknistofu eða listafólk. Nánari upplýsingar gefur Reynir í síma 821-4645



***All Russian compatriots are cordially invited to a reception hosted by the Russian Embassy in Iceland on the occasion of the National Day of Russia, 12 June 2007, at Túngata 9, from 19.00 till 20.30.***



LÉTT BYLGJAN 967

- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!






# Bylgjan á puttanum um landið í sumar

Bylgjan heimsækir skemmtilegustu útihátíðirnar og býður þér með!
Mundu eftir Gluggapóstinum. Settu Bylgju-merkið í glugga sem sést frá þinni götu og Bylgjan kemur færandi hendi ef heppnin er með þér. Dagskrána og nánari upplýsingar finnur þú á bylgjan.is.

BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

www.bylgjan.is – allar upplýsingar og hlustað í beinni



## Hvað er að frétta?

Með púlsinn á markaðnum alla daga_

www.visir.is



vísir
Fyrstur með fréttirnar!












# Sólríkar suðurhlíðar í Úlfarsfelli

Nú stendur yfir úthlutun lóða í Úlfarsárdal. Um er að ræða nýtt íbúðasvæði sem er staðsett í suðurhlíðum Úlfarsfells og liggur inn eftir Úlfarsárdal. Í suðurhlíðunum er mikil fjallasýn og nálægð við víðáttumikil útivistarsvæði. Glæsilegur golfvöllur, fótboltavellir og laxveiðiár eru í seilingarfjarlægð og til stendur að reisa vatnsrennibrautagarð á svæðinu.

Einstök náttúrufegurð og gott útsýni einkenna hverfið en í kringum svæðið má sjá fellið, ána og dalinn. Náttúran sem umlykur hverfið verður varðveitt en um leið nýtt sem best fyrir þá sem búa og starfa á svæðinu. Lögð er áhersla á að skólar og önnur þjónusta séu í göngufæri við heimilin og fjölbreytileg atvinnutækifæri geta boðist innan hverfisins.

Úlfarsárdalur er síðasta byggingarsvæðið í Reykjavík í suður- og suðvesturhlíðum sem boðið verður út að svo stöddu og býr svæðið yfir einstökum möguleikum til búsetu fyrir borgarbúa.

- 4 LÓÐIR FYRIR FJÖLBÝLISHÚS MEÐ 216 ÍBÚÐUM
- 11 LÓÐIR FYRIR RAÐHÚS MEÐ SAMTALS 45 ÍBÚÐUM
- 27 LÓÐIR FYRIR PARHÚS MEÐ 54 ÍBÚÐUM
- 73 LÓÐIR FYRIR EINBÝLISHÚS
- LEIKSKÓLI, SKÓLI, ÍÞRÓTTASVÆÐI & VATNAGARÐUR

## SKILAFRESTUR 13. JÚNÍ

Umsóknum ásamt tilskildum fylgigögnum verður að skila fyrir kl. 16:15, miðvikudaginn 13. júní nk. Tekið er á móti umsóknum í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2 eða á heimasíðu sviðsins: **www.reykjavik.is/fs**. Umsóknir teljast ekki gildar nema öll tilskilin gögn fylgi þeim.

## UMSÓKNARGÖGN

Umsóknareyðublöð, úthlutunarreglur, skipulagsskilmálar og önnur umsóknargögn verða afhent í þjónustuveri Framkvæmdasviðs, Skúlatúni 2. Gögnin fást endurgjaldslaust á geisladiskum, útprentuð gegn 5000 króna gjaldi eða á vef Framkvæmdasviðs: **www.reykjavik.is/fs**

## VELDU ÞINN STAÐ – NÝTT VEFSVÆÐI

Á vefsvæðinu Veldu þinn stað á www.reykjavik.is er hægt að skoða kort og fá ítarlegar upplýsingar um lóðirnar sem í boði eru.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is og í síma 411 1111**

Reykjavíkurborg



TEXAS GRILLLEGGIR
GRILL KJÚKINGALEGGIR kílóverð nú:
393 KR.
Merkt verð 605KR.
35% afsláttur við kassann
Kjúklingabringur - íslenskar og ferskar
35% afsláttur við kassann
FERSKAR HOLTABRINGUR kílóverð nú:
1565 KR.
Merkt verð 2408KR.
-og Bónustilboðin
Samlokur með skinku, rækjum eða túnfiski
EKKERT BRUÐL
Bónus samloka
Bónus samloka tilboðsverð:
125 KR.
Verð áður 139KR.
Pizzaostur
Pitsuostur
169 KR.
200g
Spelt pitsudeig
259 KR.
400g
BÓNUS SPELT Pizzadeig
159KR. pokinn
20 KR.
STYKKIÐ
BÓNUS 8 Heimilis klakar
Kipputilboð!
30% afsláttur við kassann
KF pepperoni kílóverð nú:
1805
Merkt verð 2579KR.
Great for Snacks!
Amerísk pitsusósa
159 KR.
420ml
Contadina PIZZA Squeeze
KF pepperoni
PEPSI
DARE FOR MORE
378 metrar af þreföldum Bónus WC pappír
9 WC rúllur
398 KR.
378 metrar
SALERNISPAPPÍR 9 rúllur
MJÚKUR
BÓNUS
12 lítrar
398 KR.
6x 2 lítrar
10 Bónus vínarpylsur í pakka - verð NÚ um:
169 KR.
BÓNUS Vínarpylsur
40% afsláttur af kílóverði við kassann
Tómatsósa er ekki bara tómatsósa: Hér höfum við bindiefnalaust eplamauk, minni sykur og ekkert aukavatn. Bragðaðu á henni og þú finnur muninn!
Vals tómatsósan
179 KR.
430g
VALS Tómatsósa
Vals tómatsósan íslenska Sú eina sanna!
BÓNUS


Ben&Jerry's ísbox
398 KR.
All Natural
BEN & JERRY'S
New York Super Fudge Chunk
NÝSJÁLENSKAR FROSNAR UNGNAUTALUNDIR
Allt að 40% lægra verð en á íslenskum nautalundum
Komnar aftur!
FROSNAR UNGNAUTALUNDIR KÍLÓVERÐ NÚ:
2698 KR.
Merkt verð 2998KR.
stimpluð og kár!
EKKERT BRUDL
...fyrir góðan dag!
KS
25% afsláttur við kassann
Frosið lambafille kílóverð nú:
2249 KR.
Merkt verð 2998KR.
Frosinn og sneiddur lambahryggur
Látum hann þiðna í kryddblöndunni!
SNEIDDUR FROSINN LAMBAHRYGGUR kílóverð nú:
1275 KR.
Merkt verð 1501KR.
KJARNAFÆÐI
Ferskur maísstöngull um 300g
FROSINN LAMBABÓGUR kílóverð nú:
595 KR.
Merkt verð 699KR.
Maísstöngull ferskur
129 KR.
-um 300g
Bónus býður betur!
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Lýðræði Pútíns í Rússlandi

**Vladimír Pútín** Rússlandsforseti segist vera einlægur lýðræðissinni og skilur ekkert í þeim ranghugmyndum sem hann segir vaða uppi á Vesturlöndum um stjórnarfarið í Rússlandi. *Guðsteinn Bjarnason* kynnti sér málsvörn Pútíns.

Nokkrum dögum áður en leiðtogafundur G8-ríkjanna hófst nú í vikunni settist Vladimír Pútín, forseti Rússlands, niður með fulltrúum átta virtra fjölmiðla, einum frá hverju aðildarríki G8-hópsins.

Blaðamennirnir spurðu Pútín spjörunum úr og ekki stóð á svörunum. Hann hló þegar hann var spurður hvort hann væri „hreinn og ósvikinn lýðræðissinni?“

„Að sjálfsögðu er ég það, svo sannarlega,“ sagði forsetinn. „Vandamálið er bara að ég er einn á báti, sá eini minnar tegundar í heiminum.“

Svo bætti hann því við, væntanlega ekki án þess að brosa svolítið undirfurðulega: „Eftir að Mahatma Gandhi lést er engan hægt að tala við lengur.“



**VLADIMÍR PÚTÍN RÚSSLANDSFORSETI** Eftir fall Sovétríkjanna var íbúum Rússlands hent út í djúpu laugina og sagt að bjarga sér hver sem betur getur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

> Vandamálið er bara að ég er einn á báti, sá eini minnar tegundar í heiminum. Eftir að Mahatma Gandhi lést er engan hægt að tala við lengur.

### Bendir á hina

Hann hafnaði alfarið að nokkuð væri hæft í því að Rússland væri að breytast í alræðisríki á ný: „Ekki trúa því sem þið heyrið.“

Þess í stað sneri hann vörn í sókn og rakti fyrir heimspressunni bágborið ástand mannréttindamála í öðrum heimshlutum, einkum Vesturlöndum, og vísaði óspart í ársskýrslu mannréttindasamtakanna Amnesty International til stuðnings máli sínu.

Í Bandaríkjunum er ástandið „hreinlega skelfilegt,“ sagði Pútín: „Pyntingar, heimilislaust fólk, Guantanamo, fólk sett í fangelsi án réttarhalda og án þess að mál þess sé rannsakað.“ Og ekki er það mikið skárra í Evrópu: „Mótmælendur sæta harkalegri meðferð, gúmmíkúlum og táragasi er beitt í hverri borginni á fætur annarri, mótmælendur eru drepnir á götum úti.“

Pútín viðurkennir fúslega að mörgu sé ábótavant í Rússlandi. En rétt eins og Bush afsakar mannréttindabrot í sínum ranni með þeirri ógn sem sögð er stafa af hryðjuverkamönnum, þá afsakar Pútín sig með arfleifð Sovétríkjanna og þeim gífurlegu umbrotum sem fylgdu hruni þeirra.

„Við skulum ekki gleyma því að hin löndin í G8-hópnum hafa ekki orðið fyrir jafn gríðarlegum umbreytingum og Rússland hefur gengið í gegnum. Þau hafa ekki upplifað borgarastríð, sem við höfum reyndar orðið fyrir í Kákasus.“

### Versnandi samskipti

Samskipti Vesturlanda og Rússlands hafa versnað töluvert upp á síðkastið. Bandarískir ráðamenn hafa æ oftar gripið til harðra orða þegar talið berst að Rússlandi og stjórnarháttum Pútíns, og ýmsir ráðamenn í Evrópuríkjum hafa tekið í sama streng.

Mannréttindasamtök hafa tekið undir þessa gagnrýni. Í nýútkominni ársskýrslu Amnesty International, sem Pútín vitnar sjálfur til, er fundið að ýmsu í Rússlandi, meðal annars að grófum mannréttindabrotum í Kákasushéruðum Rússlands, einkum þó í Tsjetsjeníu þar sem reglulega fréttist af aftökum án dóms og laga, mannshvörfum, mannránum og pyntingum, og svo hins vegar að vaxandi þrýstingi sem fréttamenn, mannréttindasamtök og stjórnarandstæðingar hafa fundið fyrir af hálfu stjórnvalda.

### Fátt fréttist af Tsjetsjeníu

Hvorki rússneskir fjölmiðlar né aðrir fjölmiðlar hafa fengið mikla möguleika til að fylgjast með því sem er að gerast í Tsjetsjeníu. Rússneskir hermenn sem hafa komið þaðan segja að þeir hafi fengið þar frjálsar hendur til að haga sér næstum því eins og þeim sýndist.

Rússnesk stjórnvöld halda því fram að stríðinu sé hreinlega lokið, eða svo gott sem, og svo virðist sem ástandið þar hafi róast nokkuð, sem kannski má að hluta þakka því að rússnesk stjórnvöld hafa í auknum mæli tekið málstað arabaríkja í endalausum deilum þeirra við Bandaríkin.



**ENGIR SILKIHANSKAR** Mótmælafundir í Moskvu og víðar í Rússlandi hafa hvað eftir annað verið barðir niður. Þessi mynd er tekin í Moskvu 14. apríl síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hópar íslamskra skæruliða eru þó enn að berjast fyrir sjálfstæði, þrátt fyrir að helstu leiðtogar þeirra séu fallnir, og enn berast frá Tsjetsjeníu frásagnir, þótt stopular séu, af mannfalli og hrikalegum pyntingum.

### Tugþúsundir frjálsra fjölmiðla

Pútín gerir lítið úr því að fjölmiðlar í Rússlandi séu ekki frjálsir, segir það goðsögn eina og bendir á að tugþúsundir fjölmiðla þrífist í Rússlandi; dagblöð, vefsíður, útvarps- og sjónvarpsstöðvar.

Hann segir það líka misskilning að stóru sjónvarpsstöðvarnar þrjár, þær einu sem meginþorri landsmanna hefur aðgang að, séu ríkisreknar. Formlega er aðeins ein þeirra ríkissjónvarp, þótt ríkið eigi ráðandi hlut í hinum tveimur líka.

Ástæða þess að þessir fjölmiðlar hafa ekki stundað harða gagnrýni á rússnesk stjórnvöld undanfarið segir Pútín einfaldlega þá að stjórnin hafi unnið gott verk á síðustu árum. Ástandið hafi batnað mjög og því sé einfaldlega ekki undan svo miklu að kvarta.

### Allir mega mótmæla

Sömuleiðis segir Pútín það hreina firru að stjórnarandstæðingar megi ekki halda mótmælafundi til að koma skoðunum sínum á framfæri í fjölmiðlum.

„Mótmælendur geta mótmælt frá morgni til kvölds ef þeir vilja,“ segir Pútín, „og auðvitað eiga fjölmiðlarnir að mæta og ég held að það eigi að fjalla um slíka atburði til þess að fólk geti séð hvað er að gerast og tjáð skoðanir sínar.“

Einu skilyrðin segir Pútín vera þau að þeir sem skipuleggja mótmæli fari að landslögum, sæki um leyfi til útifunda og haldi sig innan þeirra svæða sem þeim er úthlutað. Annars „trufli þeir umferð“ og „hindri fólk í að komast leiðar sinnar“.

### Varar við fagurgala

Einn ákafasti talsmaður stjórnarandstæðinga í Rússlandi um þessar mundir, skákmeistarinn kunni Garrí Kasparov, varar hins vegar Vesturlandabúa við að trúa þessum fögru orðum Pútíns um afrek sín og ástandið í Rússlandi.

Kasparov segir að George W. Bush Bandaríkjaforseti neiti að horfast í augu við sannleikann um Pútín og um vandamál Rússlands. Kasparov og félagar hans höfðu krafist þess að leiðtogar G8-ríkjanna væru ekkert að skafa utan af hlutunum og lýstu því einfaldlega yfir að Rússland ætti ekki heima í G8-hópnum „vegna þess að Rússland er ekki lýðræðisríki og ekki iðnveldi heldur“.

Núna um þessa helgi ætla stjórnarandstæðingar í Rússlandi enn að láta reyna á rétt sinn til að mótmæla, og það ekki einu sinni heldur tvisvar. Í dag hafa þeir skipulagt mótmælasamkomu í Pétursborg og síðan aðra í Moskvu á mánudaginn.

Þá kemur væntanlega í ljós hvort eitthvað er að marka orð Pútíns, því skipuleggjendur mótmælanna hafa fengið leyfi fyrir göngunni í Pétursborg en ekki fyrir aðgerðunum í Moskvu.

## ➜ ÚR SKÝRSLU AMNESTY INTERNATIONAL

**Í ársskýrslu Amnesty International, kaflanum um Rússland, er ástandið á síðasta ári dregið saman með eftirfarandi hætti:**

**„Vaxandi þrýstingur hefur verið á þá sem berjast fyrir mannréttindum og óháðu borgaralegu samfélagi. Stjórnvöld tóku hart á því þegar fólk nýtti með friðsamlegum hætti rétt sinn til tjáningarfrelsis og fundafrelsis. Fréttamönnum var ógnað og á þá var ráðist og einn, Anna Politkovskaja, var drepinn.**

**Stjórnvöldum tókst ekki að taka á kynþáttahatri og ótta við samkynhneigð héldu áfram, og sumar þeirra leiddu af sér dauðsföll. Ofbeldi gegn konum innan fjölskyldunnar var útbreitt og ríkisvaldinu tókst ekki að veita konum sem voru í hættu staddar fullnægjandi vernd.**

**Lögreglan kom sér oft undan öryggisákvæðum sem ætluð eru til að vernda fanga gegn pyntingum. Í Kákasushéruðunum, einkum þó í Tsjetsjeníu, héldu áfram aftökur án dóms og laga, mannshvörf og mannrán, pyntingar, meðal annars í óopinberum fangelsum, og fólk var tekið höndum af handahófi. Þeir sem brutu á mannréttindum í Tsjetsjeníu sættu almennt ekki refsingum, og fólk sem leitaði réttar síns mátti þola það að sæta ógnunum og morðhótunum.“**

# Húsgagna dagar

# 10-60% afsláttur

## af öllum húsgögnum

sófasett, rúm, borðstofuhúsgögn,sjónvarpsskápar og speglar

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



# Lokadagar

Gildir til 10. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla




# Landsmenn! Lítið ykkur nær!

Hópur fólks hyggst ganga á hólm við mýtuna um ládeyðu landsbyggðarinnar og stendur á næstu dögum fyrir óvanalegum listahátíðum í afskekktari bæjum landsins. Erfitt er að spá fyrir um útkomuna enda er hið óvænta aðall verkefnisins Díónýsía.

Bílarnir leggja upp frá Umferðarmiðstöðinni í dag en innanborðs verða þátttakendur í verkefninu Díónýsía, sem er nýstárlegt og þverfaglegt grasrótarframtak sem ætlað er að tengja betur skapandi fólk, hvar sem það er niðurkomið á landinu. Þátttakendurnir eru rúmlega fimmtíu og koma úr öllum listgeirum, til dæmis eru hönnuðir, skáld, kvikmyndagerðarfólk og myndlistarmenn í hópnum og einnig allra þjóða lýður. Hópar þriggja til níu þátttakenda munu hreiðra um sig víðs vegar á landinu og hyggjast virkja íbúa á hverjum stað til að brúa bilið milli borgar og dreifbýlis með framtíðarsamstarf í huga.

Aðall verkefnissins er hið ófyrirsjáanlega og verður dagskráin á hverjum stað unnin í samvinnu við íbúana. Þátttakendurnir munu dveljast í átta bæjum eða þorpum næstu tíu daga og verður verkefnið skrásett með ýmsum hætti. Stefnt er að því að gefa út bók um framtakið og setja upp sýningu í Reykjavík í haust.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á heimasíðunni this.is/dionysia/. - khh



## Borgarfjörður eystri → 72 km frá Egilsstöðum

**Hulda Rós Guðnadóttir** myndlistarmaður er meðal þáttakenda í verkefninu á Borgarfirði eystri. Hún segir að dagskráin þar litist mjög af breiðu áhugasviði þátttakendanna. „Hingað kemur til dæmis þýskur myndlistarmaður og hönnuður, Eline Kellerman, sem hefur mikinn áhuga á hestum og tónlist en hún hefur sóst eftir því að fá að læra að spila á íslenskt hljóðfæri. Við höfum því til dæmis sett okkur í samband við hestabónda hér á staðnum og einn listamann úr sveitinni sem leikið hefur á sextíu þorrablótum,“ segir Hulda og bætir við að þorrablótin á staðnum séu annáluð enda listfengi mikið á svæðinu. Tveir aðrir þáttakendur hafa einnig auglýst eftir tónlistarfólki á staðnum og hyggjast nýta kirkju staðarins til listsköpunar. Sjálf hefur Hulda fengist við myndlist sem tengist lundum og álfabyggðum. Hún segir þá þræði koma skemmtilega saman þarna austur frá og mun hún setja lokapunkt á þá vinnu sína á hátíðinni.

## Grundarfjörður

→ 39 km frá Stykkishólmi

**Friðrik Svanur Sigurðarson** er grafískur hönnuður og einn þeirra sem munu láta sjá sig á götum Grundarfjarðar. Hópurinn hefur haft spurnir af því að opna eigin nýjan pítsustað í bænum. „Við reynum kannski að hjálpa eitthvað til við það, gera flotta grafík fyrir staðinn, kannski baka nokkrar pítsur, hver veit?“ segir Friðrik. „Annars munum við gera hvað sem er, spila tónlist, mála og setja svip á bæinn.“





**Hofsós** → 132 km frá Akureyri

**Heimspekineminn Björk Þorgrímsdóttir mun ásamt átta öðrum þátttakendum ferðast norður á Hofsós. Hópurinn mun halda til í félagsheimili staðarins og að sögn Bjarkar er mögulegt að þau máli bæinn rauðan í bókstaflegri merkingu. „Við höfum líka hug á að nota náttúru og umhverfi staðarins eins og hægt er. Markmiðið er líka að skapa góða stemmningu í bænum og virkja eins marga og hægt er.“**

## Hafnir á Reykjanesi

→ 52 km frá Reykjavík

Myndlistarmaðurinn **Harpa Dögg Kjartansdóttir** fer fyrir hópi sem fer suður með sjó og heldur til í samkomuhúsinu í Höfnum þar sem vinnustofur verða opnar á meðan á hátíðinni stendur. Hópur ungs listafólks frá nágrannabæjum mun starfa með þáttakendunum, sem hvetja aðra íbúa til þess að leggja sér lið. „Viðbrögðin hafa verið betri en ég þorði að vona“ segir Harpa, sem ekki hefur komið til Hafna áður. „Maður hefur margoft ferðast til Keflavíkur en aldrei komið við hér,“ segir hún. Hópurinn mun meðal annars setja mark sitt á hátíðarhöldin 17. júní.






# Umsóknarfrestur rennur út 10.júní

**Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu skólans, www.bifrost.is**

## Lagadeild

Í lagadeild er boðið upp á viðskiptalögfræði sem samsett er úr greinum lögfræði, fjármála og viðskipta. Námið er afar hagnýtt og veitir góðan undirbúning fyrir atvinnulífið eða frekara nám. Nemendur útskrifast með BS gráðu í viðskiptalögfræði.

## Viðskiptadeild

Alhliða viðskiptanám sem ætlað er að búa nemendur undir ábyrgðar-, forystu- og stjórnunarstörf í innlendu og alþjóðlegu samkeppnisumhverfi. Í BS námi í viðskiptafræði eru kennd öll helstu svið stjórnunar, rekstrar og viðskipta.

## Félagsvísindadeild

Deildin býður upp á grunnnám til BA í HHS (heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði). Grunnnám í HHS er traustur undirbúningur fyrir hvers kyns framhaldsnám á sviði hug- og félagsvísinda, til meistara- eða doktorsgráðu og fyrir störf á alþjóðlegum vinnumarkaði.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Frekari upplýsingar:

**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í hartnær 100 ár**





## Grill-lambalæri Hagkaupa

*að hætti landsliðs matreiðslumeistara*

Til að ná fram besta bragði sem völ er á notum við ferskar kryddjurtir, hvítlauk, sítrónusafa og sítrónubörk. Til að toppa marineringuna notum við ferskan chilipipar og gourmet olíu.



## New Orleans BBQ svínarif

New Orleans BBQ svínarif eru forelduð og tilbúin beint á grillið. Þarf aðeins rétt að hita í gegn



**Berjabomba**
makkarónum og súkkulaði



**Portobellosveppir**
m/fyllingu



**Epli**
m/kanil og rúsínum



**Kókosbollur**
m/ferskum ávöxtum

## Spennandi nýjungar

*beint á grillið*



**Svartir tómatar**
fylltir með gráðosti, grillaðir 2-3 mín.



**Zucchini**
skorið í sneiðar, penslaðar með pestó, grillaðar í 2-3 mín. á hvorri hlið



**Eggaldin**
skorið til helminga, penslað með ólífuolíu, kryddað með salti og pipar, grillað 4-5 mín. á hvorri hlið



**Íslenskar grillkartöflur**
grillaðar í 40 mín. eða þar til mjúkar í gegn



### Ramiro paprika
Grillið í 3-6 mín. í heilu lagi, látið standa í 1 mín. og hýðið tekið af.



### Tómatar
Skerið til helminga. Penslið með olíu og kryddið með basil, hvítlauk, timian, salti og pipar. Grillið við mikinn hita í 1-2 mín. á hvorri hlið.



### Maís
Takið hýðið af maísnum og setjið hann í álpappír ásamt salti og smjörklípu. Grillið í 8-10 mínútur.



### Kastaníusveppir
Raðið upp á grilltein og penslið með olíu. Kryddið með salvíu, salti og pipar. Grillið við mikinn hita í 3-4 mín.



### Sætar kartöflur
Skerið kartöflurnar í skífur og penslið með olíu. Kryddið með hvítlauk, timjan og salti. Grillið þar til þær eru eldaðar í gegn.



### Hvítlaukur
Penslið með olíu, kryddið með timian, salti og pipar. Pakkið inn í álpappír og grillið á milliheitu grilli í 30 mín., snúið öðru hverju.



### Salatlaukur
Ýmist skorinn í sneiðar og penslaður með olíu og grillaður, eða skorinn í stóra bita og settur á grillpinna.



### Steinseljurót
Ýmist bökuð í álpappír líkt og kartöflur eða skorin í sneiðar og sett á grillpinna.

Gildir á meðan birgðir endast.


Grillum saman
Jói Fel
Jói Fel plankasteik
Jói Fel svínalund
Jói Fel grillsósur
Landsins mesta vöruúrval!
Lax
beint úr kjötborði
Jóa Fel svínakótilettur
kryddlegnar
Fylltar svínalundir
beint úr kjötborði
Siggi sterki hamborgarar 175 g
ungnautahamborgarar
Kryddlegnar framhryggjasn.
að hætti Hagkaupa
Ungnauta ribbeye
beint úr kjötborði
Bláberjalegin lambasirloin
beint úr kjötborði
Kjúklingabringur
koníakskryddlegnar
Lambalærissneiðar
að hætti Hagkaupa
Ungnauta piparsteik
beint úr kjötborði
Rifseberjalegið lambafille
beint úr kjötborði
Grillpinnar, naut eða lamb
beint úr kjötborði
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# HVERT SKREF SKIPTIR MÁLI

## GLITNIR HEITIR 500 KR. FYRIR HVERN KM SEM VIÐSKIPTAVINIR HLAUPA



**REYKJAVÍKUR**
*MARAÞON*
**GLITNIS**
*18. ÁGÚST 2007*

**HLAUPTU TIL GÓÐS Í REYKJAVÍKURMARAÞONI GLITNIS!**

Nú getur þú hlaupið fyrir gott málefni að eigin vali í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis. Glitnir greiðir 500 krónur fyrir hvern kílómetra sem viðskiptavinir bankans hlaupa þann 18. ágúst. Einnig greiðir Glitnir 3.000 krónur fyrir hvern kílómetra sem starfsmenn hlaupa.

**NÚNA ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ BYRJA AÐ ÆFA**

Reykjavíkurmaraþon Glitnis er einstakur íþróttaviðburður þar sem þúsundir hlaupa sér til skemmtunar og heilsubótar, öðrum til góðs.

Veldu vegalengd við þitt hæfi og hvaða málefni þú vilt styrkja. Taktu síðan fyrsta skrefið í áttina að endamarki Reykjavíkurmaraþons Glitnis með því að skrá þig á **www.glitnir.is/marathon**.

ALLIR SIGRA Í REYKJAVÍKURMARAÞONI GLITNIS!

GLITNIR

HVERT SKREF SKIPTIR MÁLI – **skráðu þig á www.glitnir.is/marathon**



# HLJÓÐFÆRI HUGANS

## Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

### Inn í sorg þína

Ef þú leitar inn í sorg þína muntu finna hroka þinn gagnvart mótlætinu, verða lítill í miklum sársauka og síðan auðugur af ró og auðmýkt. En ef þú leitar út úr sorg þinni áður en hún hefur náð að blómstra, muntu fara á mis við eymd þína, verða fátækur af þögn og kvalinn af öryggi.

*Vésteinn Lúðvíksson:*
*Maður og haf*

### Með lífið í öngunum

Einn frambjóðandi talaði um að „sitja með lífið í öngunum“ rétt fyrir kosningar. Þar er á ferð blanda tveggja orðtaka, að „vera með lífið í lúkunum“ og „vera í öngum sínum“. Kennari minn í MA, Gísli Jónsson, hafði gaman af að safna svona hrærigraut, og ég held að uppáhalds ruglingur hans hafði verið það sem kerlingin sagði: „Enginn veit sína ævina fyrr en í ausuna er komið!“ Og er víst orð að sönnu.

### Að þiggja boð

„Þeir hafa þáð boðið,“ sagði í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins 8. maí, og þyrfti sá fréttamaður að gæta sín betur á sögninni **að þiggja**. Áður fyrr beygðist hún einungis sterkt: Þiggja – þá – þágum – þegið. Nú ber á oft veikri þt. þáði, en lh. þt. samt hafður þegið. Vorkunn má vera að halda veiku beygingunni áfram, eins og fréttamaður gerði (og er hann að vísu ekki alveg einn um það), en einhvern veginn særir það málkennd mína.

### Svarðir andstæðingar –

var sagt í kvöldfréttum Stöðvar 2, 8. maí, og aftur er svipuð afbökun og í dæminu að framan. Sverja – sór – sórum – svarið – og lh. þt. í kk. er þá svarinn (andstæðingur).

Því skal hér segja **svarnir andstæðingar** – og betur mega fréttamenn vanda málfar sitt.

### Eitthvað innihald!

„Er eitthvað innihald í þeim orðaflaumi“ segir í fyrirsögn á forsíðu Fréttablaðsins 1. júní, og því miður sést þessi villa býsna oft. Menn átta sig ekki á muni hliðstæðs og sérstæðs. **Nokkuð** er sérstætt, en **nokkurt** hliðstætt. Sama máli gegnir um óákveðna fornafnið **einhver, eitthvað** er sérstætt, en eitthvert hliðstætt. Því skal segja **eitthvert** innihald.

### af – úr

Í sama tölublaði Fréttablaðsins segir einnig í fyrirsögn: „Undanrenna beint af kúnni“. Og ég sem hélt að mjólkin kæmi úr kúnum en ekki af þeim!

### Braghenda

Kristján G. Kristjánsson skrifar: „Það kom aðeins til tals í síðasta Kastljósþættinum með formönnum flokkanna [fyrir kosningar], að nú væru menn meira farnir að reyna að klekkja á andstæðingunum í stað þess að fjalla um sína eigin stefnu“ – og sendir þessa braghendu, sem minnir kannski suma lesendur á umfjöllun um orðið **smjörklípa**:

*Slípa margir slyngir kónar*
*slóttugheitin.*
*Smeðju valda smánarskeytin,*
*smjörklípunnar drýpur feitin.*

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

# NÝJAR BÆKUR

Út er komin hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi bókin **Zadig eða örlögin** eftir franska skáldið og heimspekinginn **Voltaire**. Þetta er önnur bókin eftir Voltaire sem kemur út í ritröð Lærdómsrita Bókmenntafélagsins en fyrir liðlega 30 árum gaf félagið út Birting í þýðingu Halldórs Laxness. Zadig eða örlögin svipar um margt til Birtings – hún er bráðskemmtileg og lýsandi fyrir hugmyndaauðgi og ritsnilld höfundarins. Sjálfur sagði Voltaire um þessar sögur: „Þetta verður að vera stutt og svolítið krassandi“. En undir yfirborði gamansögunnar leynast djúpar pælingar eins af fremstu heimspekingum Frakka á upplýsingaröldinni og hárfín ádeila á hégóma samtímans og stirðnaða hugmyndafræði. Þýðandi er Hólmgrímur Heiðreksson en inngang ritar Ásdís R. Magnúsdóttir.



Hið íslenzka bókmenntafélag gefur út ritið **Tilvistarstefnan er mannhyggja** eftir **Jean-Paul Sartre.** Tilvistarstefnan var ein af helstu heimsspekistefnum 20. aldar og Sartre einn aðalhöfundur hennar. Tilvistarheimspekin leggur áherslu á ábyrgð manns og frelsi, hún hafnar því að athafnir mannsins stjórnist af fyrir fram ákveðnu eðli og bendir á að við höfum ætíð val um hvernig við bregðumst við hlutskipti okkar. Maðurinn er samkvæmt þessari kenningu aðeins það sem hann gerir úr sér sjálfur, í raun getur ekkert utan hans sjálfs leiðbeint honum þegar kemur að því að taka ákvarðanir, því siðferðisleg gildi eiga sér ekki sjálfstæða tilveru heldur skapar hann þau sjálfur með athöfnum sínum. Ritið inniheldur fyrirlestur sem Sartre flutti áið 1946 sem og umræður sem fylgu í kjölfarið. Páll Skúlason heimspekingur þýðir fyrirlesturinn en umræðurnar þýðir Egill Arnarson heimspekingur. Inngang ritar Vilhjálmur Árnason heimspekingur.



Út er komin ellefta bók Atviksritaðarinnar: **Almenningsálitið er ekki til.** Um er að ræða greinasafn franska félagsfræðingsins **Pierre Bourdieu** (1930-2002) í ritstjórn Davíðs Kristinssonar. Bourdieu var einn áhrifamesti hugsuður Frakklands á 20. öld. Bókin hefur að geyma umfjöllun um fyrirbæri sem eru kunn utan fílabeinsturns fræðasamfélagsins: smekk, stéttaskiptingu, fjölmiðla, skoðanakannanir, siðferði, stjórnmál og nýfrjálshyggju. Reynt að velja viðfangsefni sem hafa verið í umræðunni á Íslandi á undanförnum árum og inniheldur ritið því m.a. greinina „Áhrifavald fjölmiðla“ úr metsölubók Bourdieus Um sjónvarpið. Í grein um skoðanakannanir setur Bourdieu fram þá róttæku kenningu að almenningsálitið sé ekki til og að skoðanakannanir séu stjórnvaldstæki. Ritstjóri er Davíð Kristinsson og hann skrifar fróðlegan formála um Bourdieu.





**BIRGITTA SPUR** Fjallar um tengls Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara við Cobra-hreyfinguna.

# Listatengsl

Birgitta Spur, safnstjóri Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, verður með leiðsögn á morgun um sýninguna Cobra Reykjavík sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands.

Birgitta fjallar um tengsl Sigurjóns Ólafssonar myndhöggvara við nokkra listamenn Cobra-hreyfingarinnar. Í spjalli sínu mun hún fjalla um þá hugmyndafræði sem listamenn Cobra-hreyfingarinnar byggðu á og sérstöðu Sigurjóns Ólafssonar hvað varðar efnislega nálgun. Einnig mun hún varpa ljósi á þær hræringar sem áttu sér stað í myndlistinni á fjórða áratugnum í Danmörku, þátt listhópanna Linien, Helhesten og Høst sýningarhópsins. Ræðir hún einnig um þátt súrrealistanna eða hvernig ný lífeðlisfræðileg vitneskja um manninn og sálarlíf hans opnaði fyrir frjálsa tjáningu tilfinninga og kennda mannsins sem um leið veitti áhorfandanum nýtt frelsi til upplifunar og túlkunar. Verk einstaka listamanna verða jafnframt skoðuð út frá tengslum þeirra við Ísland.

Sýningin Cobra Reykjavík er framlag Listasafns Íslands til Listahátíðar Reykjavíkur og stendur hún til 8. júlí í sumar. Sýningarstjóri er Per Hovdenakk, fyrrverandi safnstjóri Heine Onstad-listasafnsins í Osló.

Dagskrá þessi hefst kl. 14 á morgun en aðgangur að safninu er ókeypis.

# HELGARKROSSGÁTAN







Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.gatur.net

# ego dekor

BÆJARLIND 12 - S: 544 4420

## Garðhúsgögn - Gegnheilt tekk













## Frábær sófatilboð - takmarkað magn




Manhattan leðurtungusófi
stærð:290cmX170cm
Verð áður: 198.000,-
Tilboðsverð nú: 118.800,-

Madison sófaborð
í hnotu m/skúffu
stærð:120cmX70cm
Verð áður: 35.000,-
Tilboðsverð nú: 21.000,-

Leðurtungusófi og sófaborð saman
Verð : 139.800,-







Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-16:00 - sun LOKAÐ




# STUÐ MILLI STRÍÐA Hvert hafa skemmtistaðir lífs míns lykt sinni glatað?

**TRYGGVI GUNNARSSON** VILL FÁ REYKVÉLAR OG ILMGJAFA Á BARI OG KAFFIHÚS



Nú er runnin upp önnur helgi í reykingabanni. Fyrir bannið var um lítið annað rætt á reykmettuðum ölkelduhúsum en forsjárhyggju fasískra stjórnvalda sem rjúfa vildu hina aldagömlu heilögu þrenningu: Mjöð, tóbak og bari. Ég hef ekkert á móti reykingum á börum, en ég sé heldur ekki eftir þeim. Ferskt loft, minni þynnka, minni stybba og svo fram eftir götunum. Eða það hélt ég.

Ég hafði rangt fyrir mér.

Reykur á skemmtistöðum er nauðsynlegur. Hann setur svínaríið, skítugu barina og útúrdrukkna fólkið bak við maskað móðutjald svo allt líti aðeins betur út. Photoshop rauntímans.

Og lyktin. Herra minn góður!

Þar sem áður var tóbaksstækja var komin hræðilega súr og svitablandin áfengislykt en Ölstofan, höfuðvígi reykingamanna, kom sérstaklega illa út í þessu tilliti.

Sirkus lyktaði heldur ekki vel, Næsti bar ekki heldur og verst var staðan á Barnum. Þar var fólk að dansa en flestir vita hvað gerist þegar fólk sem aldrei hreyfir sig fær sér bjór og hamast meira en það hefur gert síðan í leikfimi í barnaskóla. Það prumpar, allt sem eitt og allt sem oftast. Í stað tóbakslyktar kom megn prumpufýla sem án efa er ekki minna hættuleg en tóbaksreykurinn. Ein eldspýta og metanið fuðrar upp og fólkið með.

Ég sé ekkert annað í stöðunni en að setja reykvélar á skemmtistaði til að sníða þá vankanta af óþægilegum raunveruleikanum sem vínið nær ekki til. Eitthvað þarf líka að gera við lyktinni, jafnvel setja ilmgjafa í öll horn.

Kannski verður prumpulyktin í náinni framtíð að nýrri lykt skemmtistaðanna. Einhver kemur heim ilmandi af iðragasi og makinn spyr: „Varstu á barnum?“

Þegar öllu er á botninn hvolft held ég samt að bannið sé til góðs. „Ef þú vilt banna reykingar, af hverju á ekki að banna áfengi líka?“ spurði pirraður tóbakstalsmaður mig á barnum. Ég svaraði í sakleysi mínu: „Vegna þess að ég fæ ekki krabbamein af bjórnum þínum...“

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# TVÆR HEITUSTU PLÖTUR SUMARSINS FÆRÐ ÞÚ Í SKÍFUNNI




**2.799**

100 íslensk 80´s lög er diskasafn sem þú verður að eignast.

100 Íslensk 80's lög
Ýmsir - 5CD







**1.890**

Klárlega diskurinn sem þú þarft að fá í safnið.

Life in cartoon motion
Mika - 1CD

## P.S.

**MUNDU AÐ KÍKJA VIÐ Í SKÍFUNA Á SKÍFUTÓNLEIKA Á LAUGAVEGINUM KLUKKAN 16 Í DAG. ELÍN EYÞÓRSDÓTTIR SPILAR.**

S·K·Í·F·A·N

**SMÁRALIND • LAUGAVEGI**
**FLUGSTÖÐ • KRINGLAN**

# Margbreytileg framúrstefna



**ÞRJÚ NÝ VERK Á BJÖRTUM DÖGUM** Dansleikhúsflokkurinn UglyDuck.Productions setur upp tvær sýningar í Hafnarfjarðarleikhúsinu.

Dansleikhúsflokkurinn UglyDuck.Productions sýnir þrjú verk í Hafnarfjarðarleikhúsinu í kvöld og annað kvöld í tilefni af Listahátíðinni Björtum dögum í Hafnarfirði.

Flokkur þessi er undir stjórn Steinunnar Ketilsdóttur og Andreas Constantinou, sem sameinuðu listræna krafta sína undir þessari yfirskrift eftir að hafa bæði unnið sjálfstætt að list sinni og sýnt verk sín í Evrópu, Asíu og Bandaríkjunum. Flokkurinn hefur það að markmiði að skapa margbreytileg og framúrstefnuleg dansverk sem endurspegla samtímann og áhorfendur dagsins í dag.

Sýning þeirra, „Dark Nights“, samanstendur af þremur sjálfstæðum verkum. „Time“ er fyrsta samstarfsverkefni Steinunnar Ketilsdóttur og Andreas Constantinou. Verkið er samið fyrir fjóra dansara og varpar undarlegu ljósi á mannleg samskipti og sambönd. Sólóverkið „Ein“ er eftir Steinunni Ketilsdóttur. Innblásturinn að verkinu kemur úr femínískum fræðum. Kynferði og sjálfið fléttast saman við völundarhús fortíðarinnar.

Þriðja atriði kvöldsins er stuttmyndin „Embrace“ eftir Andreas Constantinou sem lýsir sálfræðilegri tilraun einstaklings til þess að takast á við dauðann.

Sýningarnar tvær hefjast kl. 20 og er aðgangur að þeim ókeypis.

Nánari upplýsingar um dagskrá hátíðarinnar má finna á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.





LOKADAGUR
opið 10 - 17

LÚXUS MERKJAVARA ÚR:
eva COMPANYS Kultur gs skór CENTRUM Kultur menn

Á ÓTRÚLEGUM...
80%
AFSLÆTTI

Hefur þú efni á að missa af þessu ?!

**FATNAÐUR:** DKNY - GERARD DAREL - NICOLE FARHI - FRENCH CONNECTION - PAUL & JOE - MALENE BIRGER - INWEAR - PART TWO - GREAT PLAINES - SEVEN JEANS - MAVI JEANS - BILL TORNADE - IMPERIAL FASHION - IKKS - S'NOB - SAINT TROPEZ - ACQUAVERDE - JUST IN CASE - NOUGAT
**SKÓR OG STÍGVÉL:** SPIRAL - SENDRA - BRONX - BULL BOXER - SANCHO

FATÓ - ÚTSÖLUMARKAÐUR - LAUGAVEGI 91 - 2. hæð
FATÓ
MERKJAVARA Á ÓTRÚLEGU VERÐI


# Þjóðhátíðarsjóður v

**Lokið er úthlutun styrkja úr Þjóðhátíðarsjóði fyrir árið 2007 og þar með þrítugustu úthlutun úr sjóðnum. Tilkynnt var um úthlutun rúmlega tuttugu miljóna úr sjóðnum í lok síðustu viku.**



**RÓSA ÞORSTEINSDÓTTIR** Heldur áfram starfi sínu með íslenskan þjóðlagaarf.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til stofnana og annarra aðila er hafa það verkefni að vinna að varðveislu og vernd þeirra verðmæta lands og menningar, sem núverandi kynslóð hefur tekið í arf. Við það skal miðað að styrkir úr sjóðnum verði viðbótarframlög til þeirra verkefna sem styrkt eru en verði ekki til þess að lækka önnur opinber framlög til þeirra eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Alls bárust 150 umsóknir um styrki að fjárhæð um 168,3 milljónir króna. Úthlutað var að þessu sinni 46 styrkjum að fjárhæð samtals 20.600.000 krónur og hlutu eftirtaldir aðilar hæstu styrkina, 1.000.000 krónur hver: Sjómannasafnið á Hellissandi, en þar á bæ stendur til að byggja bátahús og eins eru Sandarar styrktir til viðgerða á áttæringum sínum. Saga forlag ehf. er einnig styrkt um milljón til útgáfu á Íslendingasögum á Norðurlandamálum. Árnastofnun er styrkt um milljón til að koma í gang gagnagrunni um Þjóðlagasafn séra Bjarna Þorsteinssonar, en það hefur komið út í tveimur útgáfum og þarf að gera þær aðgengilegar á neti með frekari viðbótum sem skýra betur stefjatengsl og upprunahugmyndir, meðal annars efnis um þennan merka bálk þjóðsöfnunar. Fjórða milljónin fer í námsefnisvefinn Kötlu sf. – veitu með námsefni til að auka orðaforða ungra innflytjenda. Þá er Háskólinn á Hólum studdur til áframhaldandi fornleifarannsókna við Kolkuós.

Smærri styrkir eru margir og sýna upphæðirnar hversu mörg verkefni eru í menningarstarfi víða um land. Margt vekur furðu: Stofnun Árna Magnússonar þarf að sækja um styrk til að greiða kostnað við viðgerð fyrra bindis Flateyjarbókar! Skriðuklaustursrannsóknir fá styrk til að rannsaka leifar af skinnbókum frá Skriðuklaustri í Fljótsdal. Er það ekki hlutverk Árnastofnunar? Önnur verkefni eru svo smáleg að furðu vekur: Gamli kirkjugarðurinn á Svalbarði þarfnast tiltektar og fær til þess 300 þúsund. Eins sækir klerkurinn í Reykholti fé í Þjóðhátíðarsjóð til að láta greina ástand og forverja forna legsteina í kirkjugarðinum í Reykholti.



**ORRI VÉSTEINSSON** Fornleifastofnun fær styrki til útgáfu handbókar um fornleifafræði fyrir almenning

Fornleifageirinn er þurftafrekur enda margar mikilvægar og merkilegar rannsóknir í gangi. Spurning vaknar stöðugt hvort stærri styrkur kæmi ekki betur en smáir: Árni Einarsson leiðir vinnu við að kortleggja og greina loftmyndir af garðlögum í S-Þingeyjarsýslu. 300 þúsund duga en er hér ekki verkefni sem betra væri að ljúka skjótlega með stærri styrk? Bæjarstæði á Eyri við Skutulsfjörð, heiðinn kumlateigur í Hringsdal í Arnarfirði, vettvangsskráning minja sem eru í hættu vegna sjávarrofs í Vogum, uppgraftarsvæði á Kirkjubæjarklaustri og gera hluta rústanna að eins konar fornleifagarði; allar þessar framkvæmdir fá styrk en eru á því opna svæði sem einkavæðing fornleifarannsókna hefur í raun


KRINGLU KRÁIN
Dans á Rósum
frá Vestmanneyjum
í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
9. júní kl. 20
15. júní kl. 20
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is



„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN“
GRETTIR

LADDI 6-TUGUR
Mið 20/6 kl. 20 UPPS. Fim 21/6 kl. 20 UPPS.
Fös 22/6 kl. 20 Lau 23/6 kl. 20
Sun 24/6 kl. 20

SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fös 15/6 kl. 20

BELGÍSKA KONGÓ
Sun 10/6 kl. 20 UPPS. Þri 12/6 kl. 20
Mið 13/6 kl. 20 UPPS. Fim 14/6 kl. 20 UPPS.

LÍK Í ÓSKILUM
Í kvöld kl. 20 Forsýning, miðaverð 1.500

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

# eitir styrki



haft í för með sér: verk eru hafin en dragast lengi sökum fjárskorts.

Að auki leita í sjóðinn bókverk sem ættu raunar að spjara sig án opinberra styrkja: innlestur á Heimskringlu fyrir Blindrabókasafnið, handbók um tréskurð, handbók um íslenska forngripi frá 16.-19. öld. ritun sögu staðar og kirkju í Glaumbæ á Langholti í Skagafirði, samning sögu verkalýðshreyfingarinnar á Vestfjörðum: allt eru þetta þörf verkefni og ugglaust breyta styrkir þjóðhátíðarsjóðs einhverju.

Spurningin vaknar því stjórn sjóðsins hefur ekki tryggar fjárveitingar til lengri tíma og geta valið úr verk sem þurfa mikla fjármögnun til tveggja þriggja ára. Hana skipa nú Margrét Bóasdóttir, söngkona, formaður sem skipuð af forsætisráðherra, Eiríkur Guðnason, seðlabankastjóri, varaformaður, tilnefndur af Seðlabanka Íslands og fulltrúar stóru flokkanna á Alþingi: Jónína Michaelsdóttir, rithöfundur, Margrét K. Sverrisdóttir, varaborgarfulltrúi og Björn Teitsson, magister.

Áhugasamir um nánari upplýsingar um styrki sjóðsins geta kynnt sér hana á vef menntamálaráðuneytis. pbb@Frettabladid.is


**Mæðrastyrksnefnd Kópavogs**

Lokað vegna sumarleyfa 19.júní til 14.ágúst

*Geymið auglýsinguna*



**ATVINNULEIKHÚS Í BORGARNESI**

**MÝRAMAÐURINN**
14/6 kl. 20 síðasta sýning,
**MR. SKALLAGRÍMSSON**
Júní: 9. kl 15, 9. kl 20, 15. kl 18 (ath.br. sýningart.) 20. kl 20 uppselt, 29. kl 20, Júlí: 1. kl 20, 5. kl 20, 13. kl. 20, 14. kl. 20, Ágúst: 11. kl. 20, 12. kl. 20, 18. kl. 20, 19. kl. 20, 30. kl. 20, 31.kl. 20
**SVONA ERU MENN (KK og Einar)**
Aukasýning 16. júní kl. 20
**Leikhústilboð í mat:**
Súpa, fiskréttur og kaffi kr. 2600
Súpa, kjötréttur og kaffi kr. 3200
Miða- og borðapantanir í síma 437 1600
Nánari upplýsinar www.landnamssetur.is

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

6 7 8 **9** 10 11 12

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 **Alþjóðlega orgelsumarið** í **Hallgrímskirkju** hefst með tónleikum dómorganista **Helsingjaeyrar** og tónskáldinu **Bo Grønbech. Aðrir tónleikar** verða haldnir á morgun kl. 20.

☐ 17.00 **Gradualekór Langholtskirkju** heldur tónleika í kirkjunni til tilefni af tónleikaferðalagi sínu og **nýjum geisladisk**. Einsöngvarar eru úr röðum kórfélaga og undirleikari **Lára Bryndís Eggertsdóttir. Aðalheiður Halldórsdóttir**, dansari úr Íslenska dansflokknum, hefur samið hreyfingar fyrir kórinn og dansar einnig sjálf. Stjórnandi kórsins er **Jón Stefánsson**.

☐ 20.00 **Karlakórinn** frá **Schwoich** í **Tíról** í **Austurríki** heldur tónleika í **Salnum** í Kópavogi. Kórinn skipa nokkrir af færustu **jóðlurum Tírólsvæðisins** og megin uppistaða efnisskrárinnar er því **þjóðleg tónlist** úr heimahögunum.

☐ 20.00 **IsNord tónlistarhátíðin** í **Borgarfirði**. Tónleikar í **Borgarneskirkju** þar sem **Bergþór Pálsson, Guðrún Ingimarsdóttir, Jónína Erna Arnardóttir** og **Trausti Jónsson** flytja íslenska og norska leikhústónlist.

### OPNANIR

☐ 14.00 **Björg Eiríksdóttir** opnar sýninguna **Myndir á vegg** á **Café Karolínu**.

### NÁMSKEIÐ

☐ 10.00 Raddsérfræðingurinn **Cathrine Sadolin** heldur **masterclass** í söng hjá **Söngskóla Sigurðar Dementz, Grandagarði 11.**












## > TÍSKUFRÉTTIR

**Verslunin Liborius**, sem selur meðal annars merkin Ann Demeulemeester og Undercover hefur fært sig um set. Ný Liborius-verslun verður opnuð með pompi og prakt á Laugaveginum í dag og er við hliðina á Trilogiu og Kisunni. Má því segja að neðsti hluti Laugavegarins sé að verða hátískustaður.

**Nektarmyndir af Kate Moss** seldust á metverði hjá Christie's í London. Þrjár frummyndir eftir Albert Watson, Irving Penn og Corinne Day úr tímaritinu „W" seldust á 270 þúsund evrur.

# stíll

utlit@frettabladid.is



**Fullkomin sumarstígvél** frá Freelance sem eru svöl við gallabuxur eða kjóla. Fást í Gallerí Evu, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í ...



**Snákagræn risavaxin** retro-gleraugu frá Matthew Williamson. Fást í Trilogiu.



**Túrban er málið í sumar** samkvæmt Prada og einnig samkvæmt íslenska hönnuðinum Thelmu. Þetta fallega svarta eintak frá henni fæst í Trilogiu.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA
**Anna Margrét Björnsson**

# *Nu Rave... og Nu Victoria*

Það stefnir óðum í að næsta æði Íslendinga verði það sem kallast New Rave. Ungt fólk streymir í tískubúðirnar til að fjárfesta í skræpóttum hettupeysum, leggings, neonlitum armböndum og legghlífum og skærum íþróttaskóm í stíl. Jahá, árið 1992 er komið aftur og með því koma neonlitir, geimverulegir samfestingar og sítrónugul sólgleraugu. Fyrsti hátískuhönnuðurinn sem kom þessu á kortið er lærisveinn Donatellu Versace, Christopher Kane, sem kom með dásamlega stutta neonkjóla, en svo fylgdu „vintage" búðirnar á eftir og nú er enginn maður með mönnum nema að vera með neonljós sem lýsir í myrkri um hálsinn og klút með broskalli á höfðinu. Samkvæmt hinu breska Sunday Times þá er New Rave ekki endilega ávísun á e-töflur og endalaus reif-partí þessarar gullaldar tíunda áratugarins heldur er bylgjan einhverskonar nýr ímyndarfókus fyrir nýja kynslóð ungra skemmtanafíkla – listamenn, tískuliðið, námsmenn og næturhrafna sem elska að dressa sig upp. Sumsé New Rave (eða Neu Rave eða Nu Rave) er málið í sumar í London og í New York, en verður samt væntanlega mest áberandi hér í litlu Reykjavík þar sem að öll „trend" eru tekin háalvarlega og af mikilli innlifun. Persónulega er ég svög fyrir tónlistinni og get dansað tímunum saman við þýskt electro-house en neonlitir og skræpótt dress mega halda sér í góðri fjarlægð.



PS. Gat ekki orða bundist þegar ég sá nýlega mynd af Victoriu Beckham. Hún toppaði sig algerlega í ósmekklegheitunum og í raun ættu allar konur að festa þessa mynd á ísskápinn og hugsa daglega: Svona ætla ég aldrei að verða. Victoria greyið, í sinni aumkunarverðu „0" stærð og appelsínugulheitum, er búin að fara allan hringinn og endar núna í hinni verstu hnakkastemningu. Bleikur neonbrjóstahaldari og sebradress. Og búin að aflita aumingja ótalandi manninn sinn í stíl.


FRÁBÆR ÆVINTÝRAMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!




NÝ LEYNDARMÁL - NÝR MÁTTUR - ENGAR REGLUR

**600 kall**
*meðan myndin er í sýningum!*

MasterCard

**MasterCard korthafar fá miðann á þessa skemmtilegu fjölskyldumynd á aðeins 600 kr. meðan myndin er sýnd, greiði þeir með kortinu. Myndin er sýnd í Laugarásbíói og Smárabíói.**

Laugarásbíó *Komin í bíó!* Smárabíó

*Meira á www.kreditkort.is/klubbar*




**POPPAÐ** Klassískur svartur jakki, bindi og hvít skyrta ásamt flippuðu bleiku pilsi frá haust og veturlínu 2007/8.

**ANTÍKBLEIKT** Þessi fallegi kjóll gæti hafa dottið inn af fínum flóamarkaði. Glæsilegt semelíubelti og þykkar sokkabuxur fullkomna dressið.

**Á REFAVEIÐUM** Rauður frakki, hvít skyrta og svartar buxur ásamt reiðhatti og svörtum ælæner!

**SÓLGLERAUGUN Í SUMAR** Brillurnar verða varla svalari en þessar. Frá Luella Bartley, fást í Trilogiu.

# FÖT FYRIR FYLLERÍ



**SMART Í REGNIÐ** Bìluð regnkápa í rauðu, hvítu og svörtu mynstri við svartar afslappaðar buxur.

Frami breska tískuhönnuðarins Luellu Bartley hefur verið skjótur. Árið 2000 átti hún varla fyrir tebolla en tveimur árum síðar skaust hún upp á stjörnuhimin hipp og kúlsins í London. Hún fæddist árið 1973 og ólst upp í fæðingarbæ Shakespeares, Stratford-upon-Avon. Leið hennar lá í skólann Central St. Martins í London þar sem hún lærði tískublaðamennsku. Hún hætti námi þegar hún fékk vinnu sem penni hjá dagblaðinu Evening Standard en síðar skrifaði hún fyrir breska Vogue, Dazed and Confused og The Face. Hún veiktist af sköpunarbakteríunni nokkrum árum síðar og árið 2000 byrjaði hún að hanna eigin línu, „Luella". Á stuttum tíma varð henni hampað sem „hinni nýju Stellu McCartney" og eignaðist hún aðdáendur á borð við Kate Moss. „Ég var óskaplega venjulegur krakki, eiginlega frekar hallærisleg," segir Bartley, sem þykir afskaplega látlaus en skondin týpa en hún á tvö börn með ljósmyndaranum David Sims og býr með honum í hálfgerði kommúnu uppi í sveit. **Að eigin sögn hannar hún föt sem „Konur geta orðið fullar og dottið í."** Stíll hennar er undir mjög breskum áhrifum sem spanna frá Díönu prinsessu og konungsfjölskyldunni til pönkara, skólabúninga og mod-rokkara. Fyrir næsta haust og vetur einkennist línan sérstaklega af breskum hefðum: veiðiföt hefðarfólks, reiðhattar og stígvél og settlegir kjólar með flauelskraufum. Allt þetta var þó poppað upp með rokkaralegum fylgihlutum. Alveg hreint dásamlega svalt.

annabjornsson@frettabladid.is



**DÖMULEGT** Svartur jakki með hvíti slaufu og hnöppum í yfirstærð sem minnir á Játvarðartímabilið enska.



**DANDY-LÚKKIÐ** Eitursvalur svart- og hvítröndóttur jakki með röndóttri skyrtu undir.



**SIXTÍS KÚL** Klassískt töffaralúkk: hlébarðakápa með rennilás og settleg „mod" skyrta undir.




**NÝJAR CHLOÉ-STELPUR** Svona sér nýr hönnuður Chloé-tískuhússins fyrir sér nýju Chloé-stelpuna. Hún klæðist rúmfræðilega sniðnum kjólum og pilsum með plast-pallíettum. Skóna vill hún hafa grófa í anda Doc Martens. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Sænskur hönnuður hjá Chloé

Franska tískuhúsið Chloé fékk nýjan hönnuð seint á síðasta ári, Svíann Paulo Melim Andersson sem tók við af hinni svölu Phoebe Philo. Melim Andersson lærði í London og var áður hjá hinu ítalska Marni, og hefur gert ansi róttækar breytingar á merkinu sem var þekkt fyrir sætan, stelpulegan og draumkenndan stíl. Í línunni fyrir næsta vetur og haust gaf að líta róttækari flíkur eins og nælon-korselett, kjóla með rúmfræðilegum sniðum, töskur sniðnar eins og gítartöskur og pils skreytt með plast-pallíettum. Skór voru grófir, í anda Doc Martens tísku níunda áratugarins og pönkáhrifa var að gæta víðar í þessari skrautlegu línu. Eins og Melim Andersson sagði fyrir sýninguna: „Ég er að reyna að ímynda mér nýja Chloé stelpu. Hún er reið, og svona skemmtilega reið. Hún er stelpan sem stelur fötum úr fataskáp móður sinnar. Mig langaði að hafa þetta mjög ungt og einfalt.“




**Helgina 9.-10. júní** höldum við veglega bátasýningu á Akureyri við höfnina hjá Átaki. Komið og skoðið úrvalið.

**Opið laugardag 10-16 og sunnudag 12-16.**

R. SIGMUNDSSON

Haftækni

HVANNAVELLIR 14b | 600 AKUREYRI | SÍMI 462 7222






Clarks
Shoes designed for living

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




# Engin samkeppni hjá hjónunum

**Rúnar Freyr Gíslason mun leika eitt af aðalhlutverkunum í stóra barnasöngleik Þjóðleikhússins í vetur, Skilaboðaskjóðu Þorvalds Þorsteinssonar. Á sama tíma leikstýrir eiginkona hans, Selma Björnsdóttir, uppfærslu Borgarleikhússins á Gosa.**

Rúnar Freyr sló á létta strengi þegar Fréttablaðið spurði hann út í væntanlega „samkeppni" þeirra skötuhjúa og taldi það alls ekki skjóta skökku við að þau væru að starfa á sitthvorri vígstöðinni.

„Ég er einn af þeim sem trúa því að þegar verið er að setja upp barnasöngleiki í báðum húsum bakki þeir hvor annan upp. Ég lít því miklu frekar svo á að við séum í samvinnu frekar en samkeppni," segir Rúnar Freyr, sem verður í hlutverki Dreitils skógardvergs í uppfærslunni í ár, en sá er mikill örlagavaldur í ævintýrinu.

Gunnar Helgason mun leikstýra Skilaboðaskjóðunni en önnur aðalhlutverk eru í höndum Þórunnar Lárusdóttur, Hjálmars Hjálmarssonar og Friðriks Friðrikssonar auk þess sem Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Þröstur Leó Gunnarsson og fleiri eru í stórum hlutverkum.

„Þetta er frábær hópur," segir leikstjórinn, sem stefnir aukinheldur á að betrumbæta fyrri uppsetningu ævintýrsins sem sýnt var fyrir tæpum fimmtán árum. „Ég hef unnið mikið í barnaefni í gegnum tíðina og upp á síðkastið hef ég mest verið að leikstýra söngleikjum. Skilaboðaskjóðan sem barnasöngleikur sameinar þetta tvennt og því er þetta algjört draumaverkefni fyrir mig," segir Gunnar.

Fréttablaðið hafði áður greint frá því að ævintýrið um Gosa verður stóra barnaleikrit Borgarleikhússins í vetur og þá hefur Leikfélag Akureyrar ákveðið að sýna Óvitana eftir sögu Guðrúnar Helgadóttur. Sigurður Sigurjónsson situr í leikstjórnarstólnum, Jón Ólafsson sér um tónlist og á meðal leikara verða þeir Guðjón Davíð Karlsson, Hallgrímur Karlsson og Þráinn Karlsson.

vignir@frettabladid.is



**SAMHELDIN HJÓN** Rúnar Freyr segir að hann og Selma muni bakka hvort annað upp með því að starfa í sitthvoru leikhúsinu í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**SKILABOÐASKJÓÐAN** Gunnar Helgason mun leikstýra Þórunni Lárusdóttur og Hjálmar Hjálmarssyni í Skilaboðaskjóðunni næsta vetur.









**PAUL MCCARTNEY** Bítillinn fyrrverandi vakti mikla lukku á tónleikunum í London.

## 90 mínútna veisla hjá McCartney

Bítillinn fyrrverandi Sir Paul McCartney spilaði fyrir framan aðeins eitt þúsund aðdáendur í London á dögunum. Tilefnið var útgáfa nýjustu sólóplötu hans, Memory Almost Full.

Á meðal þeirra sem létu sjá sig voru dóttir hans Stella, fyrirsætan Kate Moss, leikarinn Pierce Brosnan, David Gilmour úr Pink Floyd og Mackenzie Crook, sem lék í The Office. McCartney spilaði í níutíu mínútur lög af nýju plötunni og gömul Bítlalög. Tileinkaði hann Bítlunum John Lennon og George Harrison og fyrrverandi eiginkonu sinni Lindu lagið Here Today.

Plata McCartneys hefur víðast hvar fengið góða dóma. Meðaleinkunn hennar á Metacritic.com er 68 af 100 mögulegum.

EDGE

Ford
Nýtt tákn um gæði



### FORD EDGE AWD

# Nýr sportjeppi fyrir þá sem standa á brúninni

Ford Edge AWD stendur á brúninni og brúar bilið milli sportbíls og jeppa. Djörf og sportleg hönnun nýja Ford Edge AWD og ögrandi viðmót hans höfðar til þín sem ert opinn fyrir nýjum áskorunum og nýrri reynslu. Ford Edge hefur fjölhæfnina sem þú leitar eftir. Ford Edge vekur athygli fyrir djarfan stíl og ánægjulega akstursupplifun. Komdu í Brimborg. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Ford Edge - sparneytinn og vistvænan bíl.

***Spurðu um hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar þýðir fyrir þig***

**Ford Edge AWD Genuine Design. Hönnun Ford Edge AWD sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Edge AWD merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og vistvænan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Veldu Edge AWD.**

**Nýtt tákn um meira en gæði**
**FORD EDGE AWD**
**Verð frá 4.590.000 kr.***
**3,5i V6 265 hö 5 dyra**
**6 þrepa sjálfskipting**

Komdu - prófaðu nýjan sportjeppa
Komdu í Brimborg

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Edge SEL. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Gleymir ekki upprunanum

**Fyrsta sólóplata Færeyingsins Jógvans Hansen, sigurvegara X-Factor, kemur út á mánudag. Freyr Bjarnason spjallaði við Jógvan og komst að því að þar er á ferðinni jarðbundinn og rólegur piltur.**



**JÓGVAN** Færeyski tónlistarmaðurinn Jógvan er að gefa út sína fyrstu sólóplötu.

Platan heitir einfaldlega Jógvan og inniheldur ellefu lög. Á meðal þeirra er I Keep on Searching sem Jógvan samdi ásamt Pætur við Keldu, X-Factor lagið Every Day eftir Óskar Pál Sveinsson og Stefán Hilmarsson og All Because of You eftir Vigni Snæ Vigfússon, sem er jafnframt upptökustjóri plötunnar.

## Góðir aðstoðarmenn

Jógvan segir það mikil forréttindi að fá að gefa út sína fyrstu sólóplötu á Íslandi en tekur fram að hann hafi áður gefið út efni í Færeyjum með hljómsveitinni Aria. Fyrsta lagið á sólóplötunni, Rooftop, var einmitt gefið út af þeirri sveit.

Jógvan segist hafa notið góðs af fyrirtaks aðstoðarmönnum við gerð sólóplötunnar. „Þetta eru bara snillingar og ég vona að ég geti unnið meira með þeim. Það var auðvitað frábært að fá þennan plötusamning en það er ekki á hverjum degi sem maður fær að vinna með svona frábæru fólki,“ segir Jógvan.

## X-Factor til aðstoðar

Hann telur að þátttakan í X-Factor hafi hjálpað sér mikið sem tónlistarmanni. „Það er rosalega mikill skóli í því, bæði í söngnum og að koma fram. Maður lærir líka að höndla pressuna eftir að hafa staðið í tólf vikur fyrir framan íslensku þjóðina og látið hana dæma sig.“

Jógvan starfar sem hárgreiðslumaður og ætlar ekki að gefa það starf upp á bátinn fyrir tónlistina. „Aðalatriðið er að gleyma ekki hvaðan maður kemur,“ segir hann.

## Sting í uppáhaldi

Tónlistarmaðurinn Sting er í miklu uppáhaldi hjá Jógvan. „Ég elska hvernig hann blandar djassi og poppi saman. Þessi tónlist er ekki endilega létt fyrir eyrun en hún er vitræn. Textarnir eru náttúrlega snilld og ég get hlustað á þá næstum því alla aftur og aftur og tengt þá við sjálfan mig.“

## Ekki besti lagahöfundurinn

Jógvan vonast eftir skemmtilegu sumri og ætlar hann að reyna að syngja eins víða og hægt er. Einnig ætlar hann að halda áfram að semja lög og vonast til að eiga fleiri á næstu plötu sinni. „Ég er kannski ekki besti lagahöfundur í heimi en ég held að ég geti alveg lagt mitt af mörkum. Ég er mjög félagslyndur og finnst skemmtilegast að vinna með öðrum. Ég nenni ekki að vera einn allan daginn og semja og semja.“

Útgáfutónleikar vegna nýju plötunnar verða haldnir í Smáralind laugardaginn 16. júní. Sérstakir gestir verða Hara-systurnar frá Hveragerði sem einmitt skráðu Jógvan í X-Factor.


www.SAMbio.is 575 8900 midi.is

Ertu klár fyrir eina skemmtilegustu mynd sumarsins

OCEAN'S THIRTEEN

45.000 gestir

PIRATES CARIBBEAN AT WORLD'S END

HÖRKUSPENNANDI MYND BYGGÐ Á SANNSÖGULEGUM ATBURÐUM. ZODIAC

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN'S 13 | kl. 3:50 - 5:30 - 6:30 - 8 - 9 -10:40-11:30 | 7 |
| OCEAN'S 13 VIP | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | |
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| PIRATES 3 VIP | kl. 2 | |
| ZODIAC | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE REAPING | kl. 11:30 | 16 |
| BLADES OF GLORY | kl. 1:50 - 3:50 | 12 |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 | L |
| GOAL 2 | kl. 1:50 | 7 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á SAMBIO.IS

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN'S 13 | kl. 5:30 - 8 - 10:30 DIGITAL | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 2:15 - 4:15 - 6:15 - 8:15 DIGITAL | 10 |
| ZODIAC | kl. 10 | 16 |
| ROBINSON ÍSL TAL | kl. 1:30 - 3:30 DIGITAL-3D | L |
| MR. BEAN | kl. 2 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN'S 13 | kl. 8 - 10:15 | 7 |
| PIRATES CARRIBEAN 3 | kl. 4 - 8 | 10 |
| MR. BEAN'S HOLIDAY | kl. 4 | L |
| ROBINSON... M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| OCEAN'S 13 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| GOAL 2 | kl. 2 - 5:30 | L |
| PIRATES 3 | kl. 2 - 5:30 - 9 | 7 |

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 6, 8 og 10 | 18 |
| THE LAST MIMZY | kl. 2, 4, 6 og 8 | L |
| DELTA FARCE | kl. 8 og 10 | 10 |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 og 5 | 10 |
| SHOOTER | kl. 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 2 og 4 -450 kr.- | L |

NÝTT Í BÍÓ!

QUENTIN TARANTINO KYNNIR HOSTEL PART II

STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 18 ÁRA OG ALLS EKKI, UNDIR NEINUM KRINGUMSTÆÐUM, FYRIR VIÐKVÆMA

LÚXUS

GABBIÐ RICHARD GERE The HOAX

græna ljósið

MÖGNUÐ SPENNUMYND FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE SIXTH SENSE

Frábær ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna!

STRANGLEGA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA

Missið ekki af þessu blóðuga framhaldi af 28 Days Later. Myndin hefur hlotið frábæra dóma. Robert Carlyle er viðurstyggilega

HVERNIG LEYSIRÐU MORÐMÁL ÞEGAR ÞÚ ERT FÓRNARLAMBIÐ?

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 18 |
| HOSTEL 2 LÚXUS | kl. 3.40-5.50 - 8 - 10.10 | |
| THE LAST MIMZY | kl. 1.30 - 3.40 | |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3 | kl. 1 - 5 - 9 | 10 |
| FRACTURE | kl. 8 - 10.30 | 14 |
| IT'S A BOY GIRL THING* | kl. 1.30 - 3.45 - 5.50 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| THE HOAX | kl. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 3 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE PAINTED VEIL | kl. 3 - 5.30 | |
| IT'S A BOY GIRL THING* | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 3 | 10 |
| *SÍÐUSTU SÝNINGAR | | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 18 |
| THE INVISIBLE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE LIVES OF OTHERS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| ANNAÐ LÍF ÁSTÞÓRS | kl. 4 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HOSTEL 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 18 |
| 28 WEEKS LATER | kl. 8 - 10 | 16 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 4.20 | |
| SPIDERMAN 3 | kl. 4.20 | 10 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS

SparBíó* 450kr Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag og mánudag www.SAMbio.is

PIRATES 3 KL. 2 Í ÁLFABAKKA OG KEFL. KL 4 Á AKUREYRI.

BLADES OF GLORY KL. 1:50 Í ÁLFABAKKA

GOAL 2 KL. 1:50 Í ÁLFABAKKA, 1 Í KEFL.

MEET ROBINS. KL. 1 Í ÁLFABAKKA OG KL 6 Á AKUREYRI

450 kl. 3 í Regnboga | 450 kl. 3 í Regnboga | kl. 1 í Smárabíói | 450 kl. 3 í Regnboga | 450 kl. 3 í Regnboga

SMÁRABÍÓ Aðeins 450 kr. REGNBOGINN

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus Ódýrt í bíó

ATH. SÝND KL.2 the last mimzy

ATH. SÝND KL.2 SPIDER-MAN 3

ÍSLENSKT TAL Úti er Ævintýri ATH. SÝND KL.2

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

# SSSól lætur aftur á sér kræla

„Nú erum við komnir úr Borgarleikhúsinu og á NASA þar sem fólk er í aðstöðu til að hreyfa sig, dansa. Við hlökkum mikið til,“ segir Helgi Björnsson, söngvari hljómsveitarinnar Síðan skein sól, sem verður með tónleika á NASA í kvöld. Þetta er í annað sinn á skömmum tíma sem SSSól kemur saman eftir að hafa legið í dvala í nokkurn tíma en á síðasta vetrardag hélt hljómsveitin tvenna vel heppnaða tónleika í Borgarleikhúsinu, í tilefni af tuttugu ára afmæli sveitarinnar.

„Eftir þá tónleika fundum við fyrir miklum þrýstingi um að gera eitthvað meira þannig að við ákváðum eiginlega að svara eftirspurninni með þessum hætti,“ segir Helgi. Stórdansleikur SSSól á NASA hefst klukkan 23 og lofar Helgi rífandi stemningu. „Þetta verður vonandi alvöru ball.“

Helgi útilokar ekki að sveitin muni fara á kreik síðar í sumar og viðurkennir að viðbrögðin sem hljómsveitin fékk eftir afmælistónleikana hafi verið framar vonum. „Það er ekkert planað í þá áttina en ég ætla ekki að þvertaka fyrir neitt. Við höfðum virkilega gaman af stemningunni sem myndaðist og þó svo að við höfum engu gleymt hafði fólkið heldur engu gleymt. Auðvitað kveikir það aðeins í manni.“ - vig



**HAFA ENGU GLEYMT** Helgi Björnsson þótti sýna gamalkunna takta á tónleikum SSSól í Borgarleikhúsinu í apríl síðastliðnum FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Richie óttast fangelsi

Nicole Richie óttast að hún muni fá sömu meðferð og vinkona sín Paris Hilton þegar ákæra vegna ölvunaraksturs á hendur henni verður tekin fyrir hjá dómstólum í lok þessa mánaðar. Richie var stöðvuð á bifreið sinni í desember á síðasta ári og var talið að hún hefði ekið undir áhrifum áfengis og lyfja. „Ég er mjög hrædd. En ég er líka tilbúin að taka öllum þeim afleiðingum sem gjörðir mínar kunna að hafa,“ sagði Richie í spjallþætti David Letterman.

Nicole hefur áður verið fundin sek um ölvunarakstur, árið 2003, og kveða lög í Kaliforníu á um að ef einstaklingur keyrir tvívegis undir áhrifum á tíu ára tímabili megi hann eiga von á fangelsisdómi frá níutíu dögum upp í allt að einu ári.



**NICOLE RICHIE** Kaldhæðni örlaganna gæti ráðið því að hún fari í fangelsi, líkt og vinkona hennar Paris Hilton.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Önnur plata íslensku hljómsveitarinnar **Benna Hemm Hemm** er nú komin út á vegum þýska plötufyrirtækisins Morr Music. Platan, Kajak, var til umfjöllunar á tónlistarvefritinu Pitchforkmedia.com í vikunni og var nokkuð jákvæður tónn yfir skrifum gagnrýnandans, Liz Colville. Kajak fær 6,1 í einkunn af 10 mögulegum sem verður að teljast alveg bærilegt.



**Vilhjálmur Bretaprins** horfði á leik Englendinga og Eista með vinum sínum í vikunni. Eins og konungbornum manni sæmir bauð Vilhjálmur félögunum, sem flestir eru með honum í hernum, upp á mat og drykk til að njóta yfir leiknum. Alls eyddi prinsinn um 100 þúsund krónum í veisluna en veigarnar voru keyptar í kjörbúð skammt frá heimili hans. „Hann var bara eins og hver annar viðskiptavinur í fyrstu. Þegar fólk áttaði sig á að þetta var Vilhjálmur var hann mjög alúðlegur og talaði við hvern sem vildi,“ sagði verslunarstjórinn í viðtali við The Sun.



Idol-dómarinn **Paula Abdul** íhugar að ættleiða barn ef henni tekst ekki að eignast barn með hefðbundnum hætti. Abdul, sem er 44 ára, vill að barn sitt alist upp með föður sínum en hingað til hefur henni ekki tekist að finna mann við hæfi. Lífsklukkan tifar og því er hún farin að huga að ættleiðingu. „Ég elska börn og vil eignast þau á venjulegan hátt. Ef það gengur ekki, og ég finn ekki góðan mann, verð ég að ættleiða,“ segir hún.



**George Michael** hefur verið sviptur ökuleyfi í tvö ár fyrir að keyra undir áhrifum lyfja. Þar að auki þarf söngvarinn að inna af hendi 100 klukkustundir í samfélagsvinnu á næstu tólf mánuðum. Michael hafði þegar gengist við broti sínu. Í réttarsalnum sagðist hann skammast sín fyrir gerðir sínar og lofaði bót og betrun. „Ég er feginn að geta gleymt þessu núna.“



Liborius

Nú á Laugavegi 7

Ann Demeulemeester † Undercover † Number(N)ine † Threeasfour † Geoffrey B. Small
Bless † Schiesser † Lucifer by Damien Bash † Jean-Pierre Braganza † Marios
Kendi † Yoshiko creation Paris † Pleasure Principle † Jain & Marc † Acqua di Parma

Mánudaga til miðvikudaga: 10.30 – 18
Fimmtudaga og föstudaga: 10.30 – 21
Laugardaga: 10.30 – 18
Sunnudaga: lokað

## > Birgir Leifur komst áfram

Birgir Leifur Hafþórsson komst í gegnum niðurskurðinn á opna austurríska meistaramótinu sem er hluti af evrópsku mótaröðinni. Birgir Leifur spilaði í gær á pari vallarins, fékk þrjá fugla og þrjá skolla. Hann er samtals á einu höggi undir pari og var tveimur höggum frá niðurskurðinum. Hann situr í 45.-58. sæti mótsins fyrir þriðja keppnisdaginn.



# sport

sport@frettabladid.is

**ALFREÐ GÍSLASON SEGIR BJARTSÝNI RÍKJA Í HÓPNUM FYRIR FYRRI UMSPILSLEIKINN GEGN SERBUM**

## *Markið er sett á sigur í erfiðu verkefni í Serbíu*

Íslenska landsliðið í handbolta mætir Serbum í kvöld í fyrri umspilsleik liðanna um laust sæti á EM í Noregi í byrjun næsta árs. Íslenska liðið æfði tvívegis í gær og tekur létta æfingu fyrir hádegi í dag.

Ísland vann Tékka í tvígang, í bæði skiptin með einu marki, í undirbúningi sínum fyrir leikina. „Þessir leikir voru of kaflaskiptir. Það þarf að ná meiri einbeitingu," sagði landsliðsþjálfarinn Alfreð Gíslason við Fréttablaðið.

Stakkaskipti hafa orðið á serbneska landsliðinu frá því Jovica Cvetkovic tók við liðinu á síðasta ári í kjölfarið þess að þjóðinni mistókst að komast á HM í Þýskalandi. Þeir hafa sterka leikmenn innan sinna raða, menn á borð við Momir Ilic sem er á mála hjá Alfreð í Gummersbach og því ætti landsliðsþjálfarinn að vita hvernig skuli stöðva manninn sem hann lýsir sem aðalskyttu Serba. Ratko Nikolic leikur með Portland San Antonio en hann rifbeinsbraut Ólaf Stefánsson á EM í Sviss með fádæma fautaskap.

„Þeir eru með mjög vel mannað lið. Sóknin þeirra er nokkuð öflug, þeir hafa góða skotmenn og góðan línumann. Hornamennirnir þeirra eru ágætir en kannski ekki í heimsklassa. Þá hafa þeir góða markmenn," sagði Alfreð. Einn allra besti markmaður heims, Arpad Sterbik, samherji Ólafs hjá Ciudad Real, gefur þó ekki kost á sér í landsliðið en hann reynir nú að fá ríkisborgararétt á Spáni. Alfreð kveðst þekkja vel til liðsins.

„Ég hef séð ýmis varnarafbrigði hjá þeim, þeir geta spilað mjög grimma framliggjandi vörn en ég býst við þeim í 6-0 þar sem þeir koma vel út á móti Ólafi. Ég þekki megnið af þessum leikmönnum og við erum tilbúnir í verkefnið," sagði Alfreð, sem er bjartsýnn fyrir leikinn.



„Já ég er alltaf bjartsýnn. Verkefnið er erfitt, mjög erfitt. Serbar voru næststerkasta lið sem við gátum fengið í umspilinu á eftir Svíum. Það má segja að við séum jafn sterkir og þeir á þessum blessuðu „pappírum". Við ætlum okkur klárlega að vinna en það getur allt gerst í þessu. Þeir geta alveg staðist pressuna í Laugardalshöllinni en markið er sett á sigur," sagði Alfreð.

Leikurinn hefst klukkan 18.30 í kvöld og verður sýndur beint á RÚV.

| Víkingur | 1-1 | Breiðablik |
|---|---|---|
| Víkingsvöllur, áhorf.: 620 | | Garðar Örn Hinriksson (7) |

*0-1 Magnús Páll Gunnarsson (10.)*
*1-1 Valur Adolf Úlfarsson (13.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–5 (6–3) |
| Varin skot | Bjarni 2 – Jacobsen 4 |
| Horn | 8–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–15 |
| Rangstöður | 0–2 |

| **VÍKINGUR** 4–5–1 | | **BREIÐAB.** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Bjarni Þórður Halld. | 7 | Casper Jacobsen | 6 |
| Þorvaldur Sveinbj. | 6 | Árni K. Gunnarsson | 7 |
| ***Grétar Sigurðss.** | **8** | Guðmann Þórisson | 7 |
| Valur Úlfarsson | 7 | Srdjan Gasic | 7 |
| Hörður Bjarnason | 7 | Arnór Aðalsteinsson | 5 |
| Stefán Sveinbjörnss. | 5 | Olgeir Sigurgeirsson | 6 |
| Jón B. Hermannsson | 7 | Nenad Petrovic | 5 |
| Sinisa Kekic | 6 | Magnús P. Gunnarss. | 7 |
| (70. Hermann Alb. | 4) | (75. Kristján Óli | -) |
| Jökull Elísabetarson | 6 | Arnar Grétarsson | 6 |
| Gunnar Kristjánsson | 5 | Steinþór Þorsteinsson | 4 |
| (65. Arnar Sigurg. | 6) | (68. Gunnar Jónsson | 4) |
| Egill Atlason | 5 | Prince Reuben | 6 |
| (76. Björn Viðar | -) | (59. Nenad Zivanovic | 5) |

**Maður leiksins*



**ÓÐI AÐDÁANDINN** Hefur beðist afsökunar á framferði sínu. NORDICPHOTOS/AFP

# Enn eitt jafnteflið hjá Breiðabliki

**Breiðablik gerði sitt fjórða jafntefli í röð á tímabilinu í gærkvöldi, í þetta sinn gegn Víkingi á útivelli. Víkingar hafa reyndar ekki enn unnið leik á heimavelli en úrslitin í leiknum verða þó að teljast sanngjörn.**

**FÓTBOLTI** Eftir að Blikar töpuðu fyrir Fylki í fyrstu umferð mótsins hafa fjórir jafnteflisleikir í röð litið dagsins ljós hjá liðinu. Í gær mættu Blikar Víkingum á útivelli og þurftu enn á ný að sætta sig við skiptan hlut.

Leikurinn byrjaði af krafti en Blikar fengu tvö ágæt færi strax í upphafi leiks. Það var því í takti við gang leiksins þegar Magnús Páll Gunnarsson kom þeim yfir á 10. mínútu. Hann skoraði með glæsilegum skalla í fjærhornið eftir laglega sendingu Prince Reuben frá vinstri kantinum.

Eftir markið hresstust heimamenn nokkuð og Gunnar Kristjánsson fékk ákjósanlegt færi skömmu síðar. Í næstu sókn átti Jón Björgvin Hermannsson öflugt skot að marki sem hinn danski Casper Jacobsen varði í horn. Úr því kom svo jöfnunarmarkið þegar varnarmaðurinn Valur Úlfarsson skallaði boltann í markið af stuttu færi eftir að hornspyrna Sinisa Kekic hafði skoppað í gegnum þvöguna.

Gunnar fékk svo kjörið tækifæri til að koma Víkingum yfir eftir að Egill Atlason nýtti sér mistök í varnarleik Blika og sendi fyrir markið. Gunnar rétt missti af boltanum og var klaufi að nýta sér ekki færið betur. Fátt annað markvert gerðist fram að hálfleik.

Síðari hálfleikur var keimlíkur þeim fyrri þó að mörkin hafi ekki komið. Upphafsmínúturnar voru nokkuð fjörugar en svo fjaraði undan báðum liðum eftir því sem á leið. Bæði lið fengu góð færi, Olgeir Sigurgeirsson fyrir Blika en hann fékk skotfæri á besta stað en skaut beint á Jacobsen í markinu sem varði á horn. Þetta gerðist á 58. mínútu og þremur mínútum síðar átti Grétar Sigurðsson skalla að marki eftir horn. Hann vildi meina að boltinn hefði farið yfir línuna en ekkert var dæmt.

„Þetta var bara aumingjaskapur og klaufalegt af mér að skora ekki," sagði Olgeir leik. „Boltinn skoppaði reyndar illa fyrir mig og ákvað ég því bara að þruma á markið frekar en að setja hann."



**BOLTINN Í NETIÐ** Valur Úlfarsson skorar hér jöfnunarmark Víkinga með skalla af afar stuttu færi eftir að boltinn hafi skoppað í gegnum vörn Blika eftir hornspyrnu. Casper Jacobsen kemur engum vörnum við. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Leikurinn var þokkalegur og bæði lið að spila ágæta knattspyrnu. Víkingar voru hættulegir framan af með hina eldfljótu Gunnar og Egil og Sinisa Kekic var klókur í sóknarspilinu. En leikur þeirra byggðist aðallega upp á löngum sendingum fram á völlinn sem er síður skemmtilegt að horfa á.

Blikar hins vegar fóru yfirleitt skynsamlega að í sínu spili upp völlinn og höfðu varnarmenn Víkina nóg að gera. Gallinn í þeirra sóknarleik var að afar sjaldan lauk sókninni með skoti að marki. Það var engu líkara en að Blikar væru að bíða eftir nánast fullkomnu skotfæri til að láta vaða að marki.

„Við vorum bæði að spila vel og skora á undirbúningstímabilinu. Við erum enn að spila ágætlega en vantar að klára færin okkar," sagði Olgeir. „Þetta hlýtur að fara að koma hjá okkur.

Úrslitin voru því nokkuð sanngjörn þó svo að tölfræðin kunni að gefa vísbendingu um annað.

Grétar lék stærsta hluta leiksins með sárabindi um höfuðið vegna samstuðs í fyrri hálfleik. Fékk hann myndarlegan skurð. „Við spiluðum góða vörn og Bjarni hafði afar lítið að gera í markinu. Ég er þó alls ekki sáttur við úrslitin og tvö stig eftir þrjá heimaleiki er ekki ásættanlegt."

eirikur@frettabladid.is

Svíum dæmdur sigur:

## Danir fá heimaleikjabann

**FÓTBOLTI UEFA staðfesti í gær að Svíum hefði verið dæmdur 3-0 sigur gegn Dönum. Í kjölfar skandalsins á Parken um síðustu helgi þurfa Danir að greiða rúmar fimm milljónir króna í sekt, spila leikinn gegn Liechtenstein fyrir luktum dyrum og næstu fjóra heimaleiki í 250 kílómetra fjarlægð frá Kaupmannahöfn. Þeir leikir, gegn Liechtenstein, Spánverjum, Lettum og Íslendingum, gætu því farið fram í Svíþjóð eða Þýskalandi sökum smæðar Danmerkur.**

- hþh

Ísland tapaði aftur fremur stórt fyrir Þjóðverjum í Laugardalshöllinni í gær:

# Góð byrjun dugði Íslandi ekki

**HANDBOLTI** Ísland tapaði í gær fyrir Þýskalandi í æfingaleik í Laugardalshöll, 35-24. Þær þýsku skoruðu því 35 mörk í báðum leikjum sínum en leik liðanna á miðvikudag lauk með níu marka sigri gestanna.

Íslensku stúlkurnar voru þó staðráðnar í að gera betur en í síðasta leik og mættu grimmar til leiks og komust í 6-2 forystu. Þjóðverjum tókst að minnka muninn eftir því sem á leið.

Staðan var 15-13 í hálfleik, gestunum í vil.

Leikurinn var í ágætu jafnvægi fyrstu tíu mínúturnar í síðari hálfleik en þær þýsku stungu svo hreinlega af síðustu tuttugu mínúturnar og niðurstaðan því ellefu marka sigur.

Hanna G. Stefánsdóttir skoraði sex mörk fyrir Ísland og Drífa Skúladóttir fimm. Aðrir leikmenn skoruðu tvö mörk eða færri en Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari notaði langflesta leikmenn sína í leiknum í gær.

- esá



**MARKAHÆST** Hanna G. Stefánsdóttir átti góðan leik í gær og skoraði sex mörk fyrir Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ÚRSLIT LEIKJA

### *Landsleikur í handbolta*

ÍSLAND-ÞÝSKALAND 24-35

Mörk Íslands: Hanna G. Stefánsdóttir 6, Drífa Skúladóttir 5, Arna Sif Pálsdóttir 2, Dagný Skúladóttir 2, Rakel Dögg Bragadóttir 2, Kristín Guðmundsdóttir 2, Elísabet Gunnarsdóttir 1, Eva Margrét Kristinsdóttir 1, Ragnhildur Guðmundsdóttir 1, Rut Jónsdóttir 1, Auður Jónsdóttir 1.

### *Landsbankadeild kvenna*

| | |
|---|---|
| ÍR-BREIÐABLIK | 2-3 |
| VALUR-KEFLAVÍK | 4-1 |
| STJARNAN-FJÖLNIR | 2-2 |
| ÞÓR/KA-FYLKIR | 3-2 |

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VALUR** | **3** | **3** | **0** | **0** | **15-2** | **9** |
| KR | 3 | 3 | 0 | 0 | 9-3 | 9 |
| **BREIÐABLIK** | **4** | **2** | **1** | **1** | **8-9** | **7** |
| KEFLAVÍK | 4 | 2 | 0 | 2 | 16-7 | 6 |




Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

# BT

# FLOTTUR KLAPPSÍMI FRÁ SAMSUNG!




**Tri-Band**
Virkar erlendis.
Tri-Band 900/1800/1900

**Bluetooth**
Tenging við tölvu og
aðra síma.

**Klappsími með 2 skjám**
Sýnir hver hringir áður en
hann er opnaður.

SAMSUNG




## SGH-X680

Tri-Band GSM 900/1800/1900
Þyngd 80 g, með 65 þús. lita
TFT skjá (120x160 punktar)
Skjár utan á síma (96x96 punktar)
Ending rafhlöðu allt að
3 klst. í tali og 250 klst. í bið
VGA myndavél 640x480 - hreyfimyndataka
Spilar fjölradda Pólýtóna
MP3/AAC spilari
Handfrjáls hátalari, vekjari, dagbók
og margt fleira
Innbyggt 32 MB minni
GPRS/EDGE gagnaflutningur
Bluetooth
USB tengi
WAP, xHTML, HTML og Java netstuðningur
SMS/MMS/EMS skilaboð
1000 nöfn í símaskrá

# VELDU ÞINN LIT!

# 15.999

## > Demi Moore

Dæmi um leikkonu sem er iðulega þekktari fyrir einkalíf sitt en eigin myndir. Átti erfiða æsku, flutti um 40 sinnum með móður sinni og stjúpföður áður en stjúpfaðir hennar framdi sjálfsmorð. Raunverulegur faðir hennar hafði yfirgefið Demi og móður hennar áður en hún fæddist. Þrátt fyrir allt þetta á Demi vissulega nokkur eftirminnileg hlutverk að baki, það frægasta er líklega í myndinni Ghost en einnig má nefna A Few Good Men og Deconstructing Harry. Núverandi kærasti Demi er eins og flestir vita Ashton Kutcher en um sextán ár eru á milli þeirra. Kutcher var aðeins fimmtán ára gamall þegar myndin Indecent Proposal var frumsýnd en Demi leikur einmitt í þeirri mynd sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JARÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR VILL BETRA BARNAEFNI

# Það er ljótt að meiða!

Ég skil ekki alveg hvers vegna fólk sem býr til barnaefni hefur á síðustu árum komist að því að besta leiðin til að koma einhverjum boðskap til skila sé að segja hann beint út. Helst svona fimmtán sinnum í hverjum þætti.

Það er ljótt að plata. Það er ljótt að skilja út undan. Það er ljótt að meiða. Og þar fram eftir götunum. Af hverju er eiginlega ljótt að meiða?

Ég er sannfærð um að til þess að fá raunverulegan skilning á einhverju þurfir þú að átta þig á hlutnum sjálfur. Það þarf að leiða mann að skilningum án þess að segja manni hvað maður á að hugsa. Það er það sem gömlu ævintýrin gera. Þessi sífellda siðferðismötun held ég að hafi öfugar afleiðingar.



Ef einhver segir mér fimmtán sinnum að það sé ljótt að plata fer ég að hugsa að það hljóti að vera svolítið spennandi að plata.

Svona eins og unglingar og sígarettur. Það er bannað að reykja.

Ég varð ofsalega ánægð um daginn þegar ég sá þátt fyrir börn um hvernig tannburstar verða til. Þar var framleiðsluferlið í verksmiðju sýnt frá upphafi til enda. Ekkert annað. Engin predikun af neinu tagi.

Ég held að predikanir séu alveg jafn gagnslausar fyrir börn og fyrir fullorðna. Væri ekki eitthvað skrítið við það að James Bond liti allt í einu í myndavélina og segði okkur að það væri ljótt að meiða?

## EKKI MISSA AF



▶ **19.35** Joey STÖÐ 2



▶ **20.00** 7 Years in Tibet STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.05** Joan of Arcadia SIRKUS



▶ **21.00** Stargate SG-1 SKJÁREINN



▶ **20.40** Doctor Who RÚV

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**08.01 Gurra Grís** (15:26)
**08.06 Lítil prinsessa** (17:30)
**08.17 Halli og risaeðlufatan** (13:26)
**08.29 Músahús Mikka** (11:28)
**08.53 Skordýr í Sólarlaut** (8:26)
**09.17 Vinnuvélar** (4:10)
**09.23 Leyniþátturinn** (11:26)
**09.36 Matta fóstra og ímynduðu vinir hennar** (37:40)
**10.00 Latibær** (107:136)
**10.30 Kastljós**
**11.00 14-2**
**11.30 Hlé**
**14.00 Landsbankadeildin í fótbolta**
**15.50 Sterkasti fatlaði maður heims**
**16.20 Formúlukvöld**
**16.50 Formúla 1 - Tímataka 18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Landsleikur í handbolta** Bein útsending frá fyrri leik karlalandsliða Serbíu og Íslands um þátttökurétt í Evrópumótinu.
**19.10 Fréttayfirlit**
**19.20 Landsleikur í handbolta** Serbía - Ísland, seinni hálfleikur.
**20.00 Fréttir**
**20.30 Veður**
**20.35 Lottó**
▶**20.40 Tímaflakk** (5:13) (Doctor Who) Bresk þáttaröð um ævintýri tímaflakkara sem keppast við að bjarga mannkyninu frá aðsteðjandi ógnum.
**21.25 Hjartalaus (Heartless)** Bresk sjónvarpsmynd frá 2005 um mann sem lendir í vélhjólaslysi.
**23.00 Pörupiltar II (Bad Boys II)**
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Cheaper by the Dozen**
**08.00 Owning Mahowny**
**10.00 A Cinderella Story**
**12.00 Seven Years in Tibet**
**14.15 Cheaper by the Dozen**
**16.00 Owning Mahowny**
**18.00 A Cinderella Story**
▶**20.00 Seven Years in Tibet**
**22.15 Young Adam**
**00.00 Speed**
**02.00 Secret Window**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ruff's Patch, Barney, Blanche, Myrkfælnu draugarnir, Myrkfælnu draugarnir, Gordon the Garden Gnome, Villingarnir, Willoughby Drive, Scooby Doo, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Bratz, A.T.O.M.
**10.25 Agent Cody Banks 2. Destination London.**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Bold and the Beautiful**
**13.05 Bold and the Beautiful**
**13.25 Bold and the Beautiful**
**13.45 Bold and the Beautiful**
**14.05 Bold and the Beautiful**
**14.30 Blue Collar TV** (27:32)
**14.55 Leitin að strákunum** (8:8)
**15.45 Aliens of the Deep**
**16.35 Jamie Oliver - með sínu nefi**
**17.05 Örlagadagurinn** (1:31)
**17.40 60 mínútur** 60 mínútur fylgdust í tvö ár með varaliði bandaríska hersins í Írak. Í því eru almennir borgarar sem settu líf sitt í biðstöðu til þess að þjóna landinu. Rætt er við hermennina og fjölskyldurnar sem urðu eftir heima.
**18.30 Fréttir**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.05 Lottó**
**19.15 How I Met Your Mother** (12:22) Ástarmálin eru farin að flækjast í vinahópnum en það reynist ekki öllum auðvelt að tjá tilfinningar sínar.
▶**19.35 Joey** (19:22) Joey hefur uppi á netgagnrýnanda en verður illa brugðið þegar hann kemst að því að gagnrýnandinn er aðeins 11 ára gamall.
**20.00 Stelpurnar** (3:24)
**20.25 Rumor Has It** Stjörnum prýdd rómantísk gamanmynd með þeim Jennifer Aniston, Kevin Costner, Shirley MacLaine og Mark Ruffalo í aðalhlutverkum. Leikstjóri: Rob Reiner. 2005.
**22.00 Indecent Proposal** Fræg kvikmynd um þolgæði ástarinnar og styrk hjónabandsins. Aðalhlutverk: Robert Redford, Demi Moore, Woody Harrelson. 1993.
**23.55 Silverado**
**02.05 Homeland Security**
**03.35 Fistful of Dollars**
**05.10 Stelpurnar** (3:24)
**05.35 Joey** (19:22)
**05.55 Fréttir**

## SIRKUS TV

**17.15 Trading Spouses** (22:22) (e)
**18.00 Bestu Strákarnir** (6:50) (e)
**18.30 Fréttir**
**19.10 American Inventor** (11:15) (e) Í American Inventor er leitað eftir nýjum uppfinningum sem gætu slegið í gegn. Verðandi uppfinningamenn víðsvegar um Bandaríkin fá nú tækifæri á að kynna uppfinningu sína og nokkrir útvaldir fá pening til að þróa hana.
▶**20.05 Joan of Arcadia** (9:22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir. Þessu nýja hlutverki þarf hún síðan að koma inn í daglega líf sitt sem reynist alls ekki auðvelt.
**21.00 Live From Abbey Road** (6:12) Þættir með lifandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuveri heims sem Bítlarnir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið.
**22.00 Leitin að strákunum Úrslit**
**22.45 Beach Girls** (6:6) (e) Það er hjartaknúsarinn Rob Lowe sem leikur ekkjumanninn í þáttunum sem eru byggðir á samnefndri metsölubók Luanne Rice.
**23.35 Night Stalker** (5:10) (e) Þættirnir eru endurgerð samnefndra þátta sem slógu í gegn á áttunda áratugi síðustu aldar. Bönnuð börnum.
**00.20 Supernatural** (17:22) (e)
**01.10 Joan of Arcadia** (9:22) (e)
**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

## SKJÁREINN

**10.30 Vörutorg**
**11.30 Rachael Ray** (e)
**14.30 MotoGP - Hápunktar**
**15.30 How Clean is Your House?** (e)
**16.00 Robin Hood** (e)
**16.50 World's Most Amazing Videos** (e)
**17.40 On the Lot** (e) Ný raunveruleikasería frá Mark Burnett, manninum á bak við Survivor, The Contender og Rock Star. Nú leitar hann að efnilegum leikstjóra og hefur fengið frægasta leikstjóra allra tíma, Steven Spielberg, í lið með sér.
**18.40 On the Lot - úrslit vikunnar** (e)
**19.10 Yes, Dear (e)**
**19.40 Everybody Hates Chris** (e)
**20.10 World's Most Amazing Videos** (12:26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd. Sum eru bráðfyndin en önnur hádramatísk.
▶**21.00 Stargate SG-1** (6:22) Þetta er önnur þáttaröðin sem SkjárEinn sýnir um Jack O'Neill og sérsveit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu "stjörnuhlið" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum.
**21.50 The Dead Zone** (9:12) Ekki missa af frábærum þáttum byggðum á samnefndri skáldsögu Stephen King.
**22.40 Hack** (12:18) Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri. Fljótlega kemst hann að raun um að starf leigubílstjórans er ekki síður erilsamt en lögreglumannsins og gráu svæðin fullt eins mörg. Og eftir sem áður dansar hann á línunni.
**23.30 House (e)**
**00.20 Kidnapped (e)**
**01.10 The L Word (e)**
**02.00 Angela's Eyes (e)**
**02.50 Tvöfaldur Jay Leno (e)**
**04.30 Vörutorg**
**05.30 Óstöðvandi tónlist**


Sunlight

Þýsk gæðaframleiðsla frá Hymer fjölskyldunni




Opnunartími
Mán - Fös 10.00-18.00
Lau 13.00-17.00 • Sun 13.00-16.00

Sunlight T63, verð 5.990.000
Nú aðeins 5.490.000
* tilbúnir til afhendingar í byrjun júlí.

Risa tilboð,
aðeins þessa helgi
500.000 kr afsláttur

Gerið verðsamanburð, sambærilegir bílar um 7.000.000,-

Ford Transit 2,2 TDCI
2,2 L Diesel
130 Hestöfl
Skriðstillir
Öryggispúðar í mælaborði

ABS hemlakerfi
Varadekk/tjakkur
Heildarlengd 668 cm

Heildarbreidd 230 cm

Útdregið rafmagnsþrep

Rafdrifnar rúður
Rafdrifnir speglar
Útvarp með CD,fjarsýring í stýri

Stöðuleikatjakkar
Loftkæling
Toppgrind og stigi
Stór þakgluggi
Baðherbergi með klósetti
og aðskilinni sturtu

Hobbyhúsið
Dugguvogi 12 • 104 Reykjavík • Sími 517 7040 • www.hobbyhusid.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25

### Rumor Has It



Frumsýningarmynd kvöldsins á Stöð 2 er stjörnum prýdda gamanmyndin Rumor Has It með þeim Jennifer Aniston, Kevin Costner, Shirley MacLaine og Mark Ruffalo í aðalhlutverkum. Sara Huttington er nýtrúlofuð en fær alvarlega bakþanka þegar hún kemst að vel földu fjölskylduleyndarmáli. Getur verið að bókin „The Graduate" hafi verið byggð á fjölskyldu hennar? Þetta er sprenghlægileg mynd um flókið fjölskyldulíf og ennþá flóknari ástarmál.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Á vængjum yfir flóann

**Rás 1 kl. 18.28**

Glænýr og forvitnilegur þáttur sem hér eftir verður á laugardögum milli klukkan hálfsjö og sjö í sumar. Einar Kárason og Kristján Kristjánsson – KK – sitja í hljóðstofu Rásar 1 og rabba saman um allt sem í hugann kemur, atburði liðinna daga og segja sögur úr fortíð og nútíð. Tónlistin verður aldrei langt undan og heldur ekki gítar tónlistarmannsins og hver veit nema stundum verði brostið í söng.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Laugardagur til lukku
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Músík að morgni dags
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Krossgötur
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Laugardagsþátturinn
**14.00** Leitin að eldsneytinu
**14.40** Tímakornið
**15.30** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Á hvítri eyju í bláum sjó
**17.05** Hvítu svingdívurnar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Auglýsingar
**18.28** Á vængjum yfir flóann
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Kringum kvöldið
**19.30** Stefnumót
**20.10** Sögur af sjó og landi
**21.00** Dragspilið dunar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.15** Flakk
**23.10** Danslög
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SÝN

**07.30 PGA Tour 2007 - Highlights**
**08.25 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**08.50 NBA 2006/2007 - Playoff games**
**10.50 Pro bull riding**
**11.45 World Supercross GP 2006-2007**
**12.40 EM 2008** (Eistland - England)
**14.20 Svíþjóð - Ísland**
**16.00 Arnold Schwarzenegger mótið**
**16.30 Kaupþings mótaröðin 2007**
**17.30 Formula One Behind-the-Scenes**
**18.20 Spænski boltinn - upphitun**
**18.50 Spænski boltinn** (Barcelona - Espanyol)
**20.50 Spænski boltinn** (Zaragoza - Real Madrid)
**22.30 Joe Calzaghe - Peter Manfredo**
**00.00 Hnefaleikar** (Nikolay Valuev - Ruslan Chagaev)
**01.00 Box - Miguel Gotto vs. Zab Jud**
Bein útsending frá bardaga þeirra Miguel Gotto og Zab Judah um heimsmeistaratitilinn í veltivigt hnefaleika. Gotto er frá Púerto Ríkó og er ósigraður í greininni en Judah er frá New York.

## FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

## DR 1

**7.35** Yu-Gi-Oh! **8.00** Hannah Montana **8.25** Rideklubben **8.50** Shin Chan **9.00** Børneblæksprutten **9.15** Ungdomsprogram **9.30** Viften **10.00** TV Avisen **10.10** DR1 Dokumentaren - Maze retur **11.10** Min store drøm **11.40** Smag på Danmark - med Meyer **12.10** Amin - Blæs på DK **13.00** Hemmeligheder og bedrag **14.30** Fest ved fjorden **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Johanne i Troldeskoven **16.00** De store katte **16.25** OBS **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.10** Det lille hus på prærien **18.00** Det støver stadig **19.20** Miss Marple **20.45** Conviction **21.25** Speedway: Danmarks Grand Prix

## NRK 1

**8.30** Farmors hus **9.30** Mens vi venter på laksen **10.30** Marx Brothers i operaen **12.00** Som et lyn **12.30** Sofie-tv **13.30** Momarkedet 2006: Fra Hollywood til Mysen **14.40** Doc Martin **15.30** Solens mat **16.00** Gisle Wink på eventyr **16.25** I småkrypland **16.30** Amigo **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** 'Allo, 'Allo! **18.30** Edel vare **19.30** Kingdom **20.20** Fakta på lørdag: Kroppsfikserte pensjonister **21.00** Kveldsnytt **21.15** Flammehav **5.30** Stå opp!

## SVT 1

**6.00** BoliBompa **6.01** Meckar-Micke **6.15** Simskola **6.20** Zoé Kézako **6.35** I Mumindalen **7.00** Amigo **7.30** Sagoträdet **7.45** Hjärnkontoret **8.00** Vädrets makter **8.30** Mitt i naturen **9.00** Saras kök **9.30** Hundkoll **12.10** Ostindiefararen - under segel **13.10** Uppdrag Granskning **14.10** Alice och jag **15.30** Extras **16.00** Disneydags **17.00** Rasmus på luffen **17.25** Wallace & Gromit: Magnifika mackapärer **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Försvarsadvokaterna **18.45** Minnenas television **20.00** Musikgeniet **20.50** Rapport **20.55** Dream **22.35** Sändningar från SVT24 6.00 BoliBompa


SSANGYONG KYRON



Fullkomnir jeppar
fyrir íslenskar aðstæður…



…upplifðu ósvikinn **kraft og fegurð**


ACTYON


ACTYON SPORTS

SSANGYONG


REXTON II

Hinn nýi KYRON er fullvaxinn jeppi með **hátt og lágt drif, byggður á grind** og er stærri en ætla má við fyrstu sýn. Tækninýjungar eru fjölmargar og skila sér í **einstakri nýtingu á afli** og frábærum akstурseiginleikum. Sjón er sögu ríkari, komdu til okkar á Tangarhöfðann og kynntu þér úrvalið frá **SsangYong**.

**Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í jeppum í dag!**

Komdu í heimsókn, upplifðu kraftinn og fegurðina. Auk **Kyron** jeppans eru á staðnum nýi **Actyon** jeppinn, **Actyon Sports** pallbíllinn og 186 hestafla **Rexton II** jeppinn sem er flaggskip flotans frá **SsangYong**.

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12
112 Reykjavík
Sími 590 2000
www.benni.is

**Bílabúð Benna:** Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00. **Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala Austurlands, Egilsstöðum.

DYNAMO REYKJAVÍK

## PERSÓNAN



*Stefán Pálsson*

**Aldur:** 32 ára
**Starf:** Forstöðumaður minjasafns Orkuveitu Reykjavíkur.
**Fjölskylda:** Í sambúð með Steinunni Þóru Árnadóttur. Eiga tveggja ára dóttur, Ólínu.
**Foreldrar:** Páll Stefánsson heilbrigðisfulltrúi og Ingibjörg Haraldsdóttir menntaskólakennari.
**Búseta:** Í Norðurmýrinni.
**Stjörnumerki:** Hrútur.

# Miklu erfiðara að horfa á fíflalætin

Það urðu þau Sara Hrund Gunnlaugsdóttir, Eiríkur Rósberg Eiríksson og Hallur Örn Guðjónsson sem stóðu uppi sem sigurvegarar í þættunum Leitinni sem lauk á Stöð 2 í gærkvöldi. Auðunn Blöndal, Sveppi og Pétur Jóhann lögðu af stað með þáttaröðina í upphafi til að koma auga á mögulega arftaka sína og munu þremenningarnir fá eigin þátt á sjónvarpsstöðinni Sirkus sem tekinn verður til sýninga í haust.

„Við náum vel saman og höfum húmor hvert fyrir öðru. Við erum líka gífurlega ólík svo ég vona að útkoman verði góð,“ segir Sara, en hún var önnur af tveimur stúlkum sem komust í tólf manna lokahópinn en sú eina sem náði alla leið. „Ég er rosa ánægð því aldrei nokkurn tíma átti ég von á að ná svona langt. Ég bjóst ekki einu sinni við því að komast í gegnum áheyrnarprufurnar,“ segir Sara.

Hennar bíður það verkefni að halda uppi heiðri kvenþjóðarinnar í sjónvarpsþætti sem snýst um fíflalæti og hefur göngu sína á sjónvarpsstöðinni Sirkus í haust. Engin endanleg mynd er hins vegar komin á þáttinn. Sara segir að þau þrjú séu óðum að venjast myndavélunum og hlakki mikið til þess að sprella vikulega fyrir framan myndavélarnar. „Það ekkert mál að vera með fíflalæti fyrir framan myndavélarnar. Það er hins vegar miklu erfiðara að horfa á útkomuna.“ - vig



**SPRELLARAR** Fíflalæti eru þeim Söru, Eiríki og Halli í blóð borin, en þau munu stjórna nýjum sjónvarpsþætti sem hefur göngu sína á Sirkus í haust.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** ári, 6. 950, 8. saur, 9. fugl, 11. átt, 12. fíflast, 14. stundir, 16. hvað, 17. arinn, 18. kúgun, 20. frá, 21. svik.
**LÓÐRÉTT**
**1.** slæma, 3. utan, 4. tónverki, 5. svelgur, 7. viðtaka, 10. mánuður, 13. skilaboð, 15. skott, 16. guðshús, 19. á fæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. púki, 6. lm, 8. tað, 9. lóm, 11. na, 12. atast, 14. tímar, 16. ha, 17. stó, 18. oki, 20. af, 21. fals.
**LÓÐRÉTT:** 1. illa, 3. út, 4. kantata, 5. iða, 7. móttaka, 10. maí, 13. sms, 15. rófa, 16. hof, 19. il.






**LÍSBET HARÐARDÓTTIR** Er skráð sem skemmtikraftur í símaskránni en starfar hjá Barnavernd Ísafjarðar. MYND/SMÁRI KARLSSON

LÍSBET HARÐARDÓTTIR: GLEÐUR UNGA SEM ALDNA Á VESTFJÖRÐUM

# Tveggja barna móðir opnar sjávardýragarð á Ísafirði

„Ég er yfirleitt ólétt eða í fæðingarorlofi. Síðast þegar ég var í fæðingarorlofi var ég búin að ganga allar leiðir og sjá allt í bænum svo ég vildi breyta aðeins til,“ segir Lísbet Harðardóttir, 22 ára Ísfirðingur og tveggja barna móðir, sem hefur opnað lítinn sjávargarð á Ísafirði. Garðurinn, sem er í raun eitt 1.800 lítra fiskabúr, er utandyra í Neðsta kaupstað og hefur vakið mikla hrifningu bæjarbúa, ekki síst ungu kynslóðarinnar.

Lísbet sótti fyrir nokkru um styrk til Ísafjarðarbæjar til að smíða sjávargarð, með sex fiskabúrum. Garðurinn átti að kosta eina og hálfa milljón en Lísbet fékk styrk upp á 300 þúsund. „Það dugði fyrir einu búri,“ segir Lísbet. „Það var fullt af fyrirtækjum sem ætluðu að hjálpa mér við smíðina en þau sviku mig svo ég varð að gera þetta sjálf.“



**ÓGNVALDURINN** Lísbet smellir hér kossi á þorskinn sem varð Ágústi skötusel að bana. MYND/SMÁRI KARLSSON

Lísbet stóð þó ekki ein í stórræðunum því vinur hennar smíðaði búrið og fyrirtækið Ispan gaf henni gler í það.

„Svo veitti Muggi hafnarstjóri mér andlegan stuðning í sex til átta mánuði. Á lokasprettinum, þegar ég var komin með magasár af stressi, flugu pabbi minn og bróðir á Ísafjörð til að hjálpa mér við smíðina,“ segir Lísbet sjávardýragarðsstjóri, sem auk þess starfar hjá barnavernd Ísafjarðarbæjar.

Í upphafi hafði Lísbet þorska, kola, skötusel og marhnút í búrinu. Einn þorskurinn var hins vegar svo grimmur að hún þurfti að losa sig við hann. „Þorskurinn var alltaf að bíta í Ágúst skötusel svo ég þurfti að losa mig við hann. Ágúst er hins vegar farinn á vit feðra sinna,“ segir Lísbet, sem ætlar að bæta fleiri dýrum í sjávargarðinn. „Ég á eftir að fá fleiri dýr, svo sem ígulker og barbapabba, sem er eitthvert bleikt slím. Og svo er dálítið erfitt að verða sér úti um sæbjúga.“

kristjan@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Athafnamaðurinn **Eyþór Arnalds** hefur verið að þreifa fyrir sér í orkubransanum undanfarið og starfað sem ráðgjafi fyrir fjárfestingarfyrirtækið **Strokk**. Þetta kemur fram á bloggsíðunni Orðinu á götunni. Í samtali við Fréttablaðið sagði Eyþór að Strokkur væri félag sem einbeitti sér að endurnýjanlegum orkugjöfum og tækni sem tengdist þeim. Þá sagði hann að félagið ætlaði aðallega að einbeita sér að Evrópumarkaði. Óhætt er að segja að Eyþór hafi gengið í endurnýjun lífdaga því auk þess að vinna að orkugjöfunum hefur hann tekið sjálfan sig í gegn svo um munar. Hann hleypur og lyftir eins og óður maður og virðist orkumeiri en nokkru sinni.

Orðrómur er uppi um að nýr fjölmiðill muni líta dagsins ljós á næstunni. Sá mun eingöngu verða starfræktur á netinu og settur til höfuðs stóru fréttavefjunum tveimur, mbl.is og vísir.is. **Arna Schram** greindi frá þessu á bloggsíðu sinni í gær og segir frá því að um sjálfstæðan fréttavef sé að ræða sem hafi hóp þekktra bloggara á sínum snærum. Í ljósi þess að það er Arna Schram sem greindi fyrst frá þessum tíðindum telja gárungarnir ljóst að það séu fyrrverandi samstarfsmenn hennar hjá Króníkunni sálugu sem standi að vefnum.



Listamaðurinn **Steingrímur Eyfjörð** og aðrir Íslendingar sem koma að íslenska sýningarskálanum á Feneyjatvíæringnum stóðu undir væntingum í samkvæmishaldi á hátíðinni í ár ef marka má skrif hins virta **Richard Brooks** hjá breska blaðinu Times. Brooks skrifar um upplifun sína á hátíðinni í pistli sem birtist í blaðinu í fyrradag og tekur hann sérstaklega fram að hófið sem íslenski hópurinn stóð fyrir hafi verið til fyrirmyndar og þar hafi verið boðið upp á besta matinn og skemmtilegasta andrúmsloftið.



-kh/vig

# Það er gott að geta skemmt einmana sálum

Myndband af fimmta markinu sögulega sem Svíar skoruðu í leiknum gegn Íslendingum í undankeppni EM á miðvikudag er það vinsælasta á YouTube um þessar mundir, en síðdegis í gær hafði verið horft á myndbandið yfir 500 þúsund sinnum, næstum helmingi oftar en það myndband sem var næstmest skoðað í gær.

Sem kunnugt er varð markið til upp úr ótrúlegum misskilningi varnarmannsins Ívars Ingimarssonar, sem stóð í þeirri trú að brotið hefði verið á sér í eigin vítateig. Ívar sparkaði boltanum í átt að eigin marki haldandi að dómarinn hefði dæmt aukaspyrnu. Svo var hins vegar ekki og þökkuðu Svíarnir pent fyrir sig með því að hirða boltann og skora eitt auðveldasta mark sögunnar.

Ekki náðist í Ívar Ingimarsson sjálfan í gær en Gunnar Þór Gunnarsson, varnarmaður íslenska liðsins og leikmaður Hammarby í Svíþjóð, var einn af þeim sem komu við sögu í markinu sögulega.

„Það var nú kannski við þessu að búast. Við sögðum eftir leikinn að við vildum gleyma þessu en það er kannski erfitt eins og tæknin er orðin í dag,“ sagði Gunnar Þór og gat ekki annað en horft á björtu hliðar málsins. „Við náum allavega að skemmta einhverjum einmana sálum fyrir framan tölvuskjáinn,“ sagði Gunnar Þór og hló við.

Bakvörðurinn ungi segist rata einstöku sinnum inn á YouTube en hann býst þó ekki við því að myndbandið eins og notendum síðunnar gefst kostur á. „Nei, borgar sig nokkuð að reyna að verja þetta eitthvað? Þetta mark dæmir sig alveg sjálft.“ - vig

**GUNNAR ÞÓR GUNNARSSON** „Gott að geta skemmt einmana sálum.“



**ÍVAR INGIMARSSON** Átti stærstu sökin á markinu slysalega.

MENNING / MANNLÍF / FRAMTÍÐIN / SVEITIN / SÆLAN

# Stórsýningin

# Árborg 2007

Í íþróttahúsi Vallaskóla, Selfossi, helgina 9. - 10. júní

Aðgangur ókeypis!

**laugardag 11 - 18 og sunnudag 12 - 18**

**Á FIMMTA TUG FYRIRTÆKJA KYNNA VÖRUR SÍNAR & ÞJÓNUSTU**

## Skemmtidagskrá á sviði alla helgina

**LAUGARDAGUR:**
13:00 **LIFANDI HÚS** MEÐ SÝNISHORN AF SINNI STARFSEMI
13:30 **KOBBI KÚTUR** & **FRIBBI FROSKUR** SKEMMTA BÖRNUNUM
14:00 SÖNGKONAN **SIGRÚN VALA** SYNGUR LÖG AF VÆNTANLEGRI PLÖTU
15:00 **KOBBI KÚTUR** & **FRIBBI FROSKUR** SKEMMTA BÖRNUNUM
15:30 KÁNTRÝSVEITIN **KLAUFAR** SPILA LÖG AF NÝJU PLÖTUNNI
16:00 **INGÓ** VEÐURGUÐ & **GUMMI** IDOL BRÓÐIR SYNGJA & SPILA
16:30 TÍSKUSÝNING FRÁ VERSLUNINNI **CENTRAL**
17:00 **LIFANDI HÚS** MEÐ SÝNISHORN AF SINNI STARFSEMI

**SUNNUDAGUR:**
13:00 **LIFANDI HÚS** MEÐ SÝNISHORN AF SINNI STARFSEMI
13:30 **KOBBI KÚTUR** & **FRIBBI FROSKUR** SKEMMTA BÖRNUNUM
14:00 **INGÓ** VEÐURGUÐ & **GUMMI** IDOL BRÓÐIR SYNGJA & SPILA
15:00 SÖNGKONAN **SIGRÚN VALA** SYNGUR LÖG AF VÆNTANLEGRI PLÖTU
15:30 **KOBBI KÚTUR** & **FRIBBI FROSKUR** SKEMMTA BÖRNUNUM
16:00 KÁNTRÝSVEITIN **KLAUFAR** SPILA LÖG AF NÝJU PLÖTUNNI
17:00 **LIFANDI HÚS** MEÐ SÝNISHORN AF SINNI STARFSEMI

www.arborg2007.is

Sveitarfélagið
ÁRBORG

2B COMPANY

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## Póstkort

Að aldagömlum sið ákvað ég fyrir nokkrum dögum að bregða mér suður á bóginn og freista þess að njóta lífsins í þægilegu loftslagi, frír og frjáls í lögbundnu sumarfríi. Þegar þetta er skrifað er ég kominn með 15 moskítóbit og hverju þeirra hef ég að sjálfsögðu tekið fagnandi enda ekki á hverjum degi sem maður getur gengið um á bol og stuttbuxum utandyra og sjálfsagt að einhver greiðsla, eða fórn, komi í staðinn.

**Á** för minni um gnægtarlendur suðrænna slóða, þar sem ávextir vaxa á hverju tré, hef ég meðal annars leitt hugann að því hvernig Íslendingar, hinir nýríku eyjarskeggjar, hafa í gegnum tíðina upplifað sig sem slíkir í útlöndum. Margt hefur breyst. Það þótti, fyrir það fyrsta, töluvert merkilegra hér áður fyrr að fara til útlanda. Ekki þóttu það heldur lítil forréttindi hér í eina tíð að versla í Fríhöfninni á leiðinni heim. Mörg fjölskyldan tvístraðist í afstöðu sinni til þess sígilda deilumáls í þeim kringumstæðum, hvort kaupa ætti After Eight eða Macintosh, og varð valkvíðinn jafnvel hinu rólegasta fólki að falli.

**EINU** sinni þótti líka gríðarlega áríðandi að Íslendingar í útlöndum sendu póstkort heim. Þetta gat verið ansi langdreginn bisness. Þegar verst lét í mínu tilviki voru póstkortin ekki skrifuð fyrr en í vélinni á leiðinni heim og póstlögð á Keflavíkurflugvelli. Nú hafa SMS-skeyti blessunarlega tekið við þessu hlutverki, auk þess sem nokkuð auðveldara er að slá á þráðinn heimshorna á milli. Spurningin er hins vegar sú hvort þessi bylting í fjarskiptatækni hafi miklu breytt um það hvert innihald þessara samskipta er. Mig grunar að mörlandinn sé farinn að tjá sig af nokkuð meiri yfirvegun um ferðir sínar til útlanda, og hin einlæga undrun yfir dásemdum fjarlægra slóða hafi látið undan og vikið fyrir meiri veraldarvisku.

**LÍTUM** á nokkur klassísk þemu – byggð á eigin reynslu – í póstkortum Íslendinga heim til sín frá sumarleyfisstöðum í útlöndum á ofanverðri 20.öld: Þema 1) „Bjórinn er ekkert smá ódýr hérna! Hálfur lítri kostar bara 50 krónur.“ Þema 2) „Það er ekkert smá heitt hérna. Það er heitara úti en inni. P.s. Það var algjör óþarfi að taka með sér jakka.“ Þema 3) „Klósettin eru ekkert smá skrýtin hérna. Maður pissar ofan í gat í gólfinu!“ Þema 4) „Það er ekkert smá hvað menn keyra hratt hérna á hraðbrautunum. Við keyrðum á 120 og bílarnir brunuðu fram úr okkur.“ Þema 5) „Ég er orðin(n) ógeðslega brún/brúnn.“

**SKEYTI** af þessu tagi eru, að ég held, orðin afar sjaldgæf. Í ljósi þess myndi ég vilja gera það að tillögu minni – héðan úr friðsemd sólarlandanna – að Þjóðminjasafnið stæði fyrir söfnun á öllum þessum póstkortum Íslendinga heim til sín. Þau yrðu til minningar um hugarfar sem áður var og yrðu uppistaða í stórkostlegri sögusýningu sem sýndi vegferð heillar þjóðar úr fátækt til ríkidæmis, með viðkomu í einlægri gleði.

